

Háskóli Íslands
Heimspekkideild
Sagnfræðiskor

Guðm. Hálfdánarson

Mannlíf í Múlakoti

Ágrip af sögu Múlakots í Fljótshlíð

á 20. öld.

Sigríður Hjartar

EFNISYFIRLIT

I. INNGANGUR	bls.	4
II. LANDAREIGNIN	"	7
Bújörðin Múlakot	"	7
Jarðabækur	"	7
"Nú er flag Fljótshlíð orðin"	"	9
Varnaraðgerðir	"	9
III. BÆNDUR OG BÚALIÐ	"	12
Ábuéndur Múlakots á 20. öld	"	12
Rætur Guðbjargar í Fljótshlíðinni	"	12
Uppruni Túbals	"	13
Um eignarhald á Múlakotí	"	15
IV. RÆKTUNIN Í MÚLAKOTI	"	17
Aukinn ræktunaráhugi	"	17
Hún gerði garðinn frægan	"	18
Upphof skipulagðrar trjáræktar á Íslandi	"	19
Úr skýrslu um plantanir og gróðursetningar	"	20
Styrktarsjóður Friðriks konungs hins áttunda	"	21
Úthlutánir úr styrktarsjóðinum	"	22
Umsagnir meðmælenda	"	22
Múlakotsgarðurinn	"	24
Erlendar umsagnir	"	25
Spámaður í sínu főðurlandi	"	26
V. HÓTELIÐ Í MÚLAKOTI	"	29
Farartálmar	"	29
Vötnin brúuð	"	29
Bílaöldin gengur í garð	"	30
Breytt þjóðfélag	"	31
Gestir og gangandi	"	33
Fararbeini	"	34
Lagarammi	"	34
Hótel Múlakot	"	34
Gestabækur	"	35

Samkeppni	"	38
Gestalistinn	bls.	38
Hverjir ferðast	"	40
Bjartsýni og byggingaframkvæmdir	"	41
Opinber afskipti	"	42
Ferðaskrifstofa ríkisins	"	43
Harðnandi samkeppni	"	44
Hallar undan fæti	"	44
 VI. LISTAMENN Í MÚLAKOTI	"	46
Gagnvirk áhrif	"	46
Aðrir áhrifavaldar	"	47
Hver var Johannes Larsen	"	48
Larsen og Íslendingasögurnar	"	49
Heimildir um Íslandsferðina	"	50
Fyrstu dagarnir á Íslandi	"	50
Á Njáluslóðum	"	52
Ferðin mikla um Vesturland	"	54
Í Borgarfirði	"	55
Á Snæfellsnesi	"	56
Práðurinn tekinn upp að nýju	"	58
Ferð til Víkur	"	59
Alþingishátiðin	"	60
Vegir eða vegleysur	"	61
Fyrstu áfangarnir	"	61
Við Breiðafjörð	"	63
Í fótspor Grettis	"	63
Síðustu áfangarnir	"	65
Heim á leið	"	66
Kveðjustund	"	67
Listamannsferillinn	"	68
Fyrri Danmerkurkvölin	"	69
Síðari Danmerkurkvölin	"	70
Málararnir í Múlakoti	"	72
Dönsku málaramir	"	73
Íslensku strákarnir	"	74
Erlendu listakonurnar og íslenskir eiginmenn	"	77
 VII. NIÐURSTÖÐUR	"	80

SKRÁ YFIR TÖFLUR

Tafla 1. Ábúðarform jarða 1702-1990.	bls. 15
" 2. Fjöldi matjurtagarða á Íslandi 1800-1880.	bls. 18
" 3. Íbúar í Reykjavík 1901-1930.	bls. 31
" 4. Gestir í Múlakoti skv. gestabókum árin 1926-1931.	bls. 36
" 5. Erlendir ferðamenn í Múlakoti sumarið 1930.	bls. 37
" 6. Útlendingar í Múlakoti flokkaðir eftir þjóðerni.	bls. 41
" 7. Næturgistingar í Múlakoti miðað við gistenótt júlímaunuður 1953-1969.	bls. 45

INNGANGUR

Ferðaþjónusta er sú atvinnugrein á Íslandi, sem hefur verið í hvað hröðustum vexti undanfarin ár, þótt nokkuð lát hafi á verið allra síðustu mánuði. Á hátiðarstundum innan greinarinnar er jafnvel talað um að ferðaþjónustan myndi flest ný störf af öllum starfsgreinum, þarna liggi vaxtarbroddur íslensks atvinnulífs og af þessari atvinnugrein eigi íslenska þjóðin eftir að hafa mestar gjaldeyristekjur á allra næstu árum. Talað er um hve mikilvægt sé að varðveita ímynd landsins sem hreins og ósnortins lands í huga útlendinga og að ekkert megi gera, sem geti hróflað við þeim ímynd.

En ferðaþjónusta var stunduð á Íslandi löngu áður en það orð var fyrst mótað á íslenskri tungu. Því hvað er eiginlega ferðaþjónusta? Er það ekki fyrst og fremst að greiða götu ferðamanna?

Ísland er strjálbýlt land, eitt strjálbýlasta land álfunnar, og íslenska þjóðin var í heild fátæk á liðnum öldum. Stundum hefur gestrisni verið talin sameiginlegt einkenni fátækra, frumstæðra þjóða. Hvað sem hæft er í því, viljum við gjarnan trúá því að Íslendingar hafi verið gestrisin þjóð. Í jafn strjálbýlu landi og hér var, mynduðust engin þorp fyrr en undir lok 19. aldar við sjávarsíðuna og því þurftu ferðalangar að leita á náðir bænda. Á sumum bæjum var gestagangur svo mikill, að tala mátti um gestanauð og þá einkum á bæjum, sem lágu við einhverja farartálma, svo sem fjallvegi eða mikil straumvötn. Engu að síður þótti það ekki við hæfi að úthýsa ferðamanni, sem leitaði eftir greiða, og þeir bændur voru litnir hornauga sem það gerðu. Sjálfsagt voru þeir líka miklu fleiri, sem tóku jafnvel síðasta bitann frá heimafólkinu til að gesturinn sylti ekki, þótt sjaldnast kæmi gjald fyrir greiðann.

Í byrjun tuttugustu aldarinnar urðu ferðalög æ algengari og smám saman myndaðist sú hefð á stöku sveitaheimili að hýsa gesti, sem komu til langdvalar. Stundum urðu þessi heimili vísis að gistihúsi og á stöku stað reis raunverulega sumarhótel.

Einn þessara staða var Múlakot í Fljótshlíð. Múlakots er minnst á alveg sérstakan hátt og yfir andlit gesta, sem þar komu og nú eru komnir fram yfir miðjan aldur, færst angurvær gleðisvipur þegar þeir nefna staðinn og þeir eiga ekki nógu sterk orð til að lýsa því hve dásamlegt var að dvelja þar. Jafnvel fólk, sem mörgu hefur kynnst og víða hefur ferðast, talar um dýrðina í Múlakoti, en verður svo orða vant, þegar skilgreina á í hverju þessi dýrð var fólgin.

Hér verður gerð tilraun til að greina mannlíf í Múlakoti meðan þar var tekið á móti gestum og gangandi, hvernig stóð á því að þar varð gestamóttaka og hvers vegna hún var jafn rómuð og raun ber vitni. Reynt verður að greina þann flókna vef í einstaka þætti, en ekki verður unnt að fylgja þeim öllum eftir, þótt það hefði verið fróðlegt. Byrjað verður á sjálfri undirstöðunni, bújörðinni og fólkinu sem þar bjó. Ekki er unnt að ræða um Múlakot án þess að fjalla um um ræktunina þar. Síðan verður hugað að því hvernig staðurinn lá við samgöngum og reynt að varpa nokkru ljósi á gesti og aðbúnað þeirra. Loks verður fjallað ítarlega um hvernig

Múlakot tengdist listamönnum, íslenskum sem erlendum, enda léku þeir stórt hlutverk í sögu staðarins.

Í Múlakoti voru haldnir sýslufundir um árabil. Því má segja að þar hafi verið vísir að ráðstefnuhótelri. Gaman hefði verið að athuga fundargerðir þeirra, en það verður að bíða betri tíma. Bændur í Múlakoti virkjuðu bæjarlækinn árið 1927. Áður en sumarið 1927 gekk í garð hafði aðeins risið ein rafstöð í allri sýslunni. Það hefur verið gífurlegt hagræði af því að fá rafmagn, en á þessum árum var það enn mjög sjaldgæft til sveita. Þessi rafstöð er enn til og hefur mikið menningarsögulegt gildi, þótt hún sé ekki í notkun eins og er. Hverju virkjunin breytti fyrir ferðaþjónustuna verður ekki rætt sérstaklega. Um langt árabil var eldsneytisafgreiðsla í Múlakoti á vegum Hins íslenska steinolíufélags, sem síðan varð að Olíufélaginu hf. Um það eru til margar heimildir og sumar mjög skemmtilegar, en þær verða e.t.v. gerðar opinberar síðar. Eins var Múlakot um áratugaskeið endastöð fyrir áætlunarbisreiðina frá BSR, sem gekk á milli Fljótshlíðar og Reykjavíkur. Þess er að engu getið hér.

Víða hefur verið leitað heimilda, bæði prentaðra og óprentaðra. Þjóðskjalasafnið hefur reynst drjúg uppsprettu heimilda. Margt hefur fundist í fasteignamatsbókum, manntölum, prestsþjónustubókum og sóknarmannatölum. Skjöl ráðuneyta og sýlumannsembættisins í Rangárvallasýslu var oft unnt að finna, en ekki fengust svör við öllum spurningum.

Flestar þær upplýsingar um samgöngumál, sem stuðst er við, eru úr bókunum *Bifreiðir á Íslandi 1904-1930* og *Bilar á Íslandi í myndum og máli 1904-1922* og einnig *Skyrslum um nokkrar framkvæmdir ríkisins 1927-1930*. Eins hefur verið stuðst við greinar í tímaritinu *Goðasteini* og viðtalsbækur Jóns R. Hjálmarssonar og Guðmundar Daníelssonar.

Þær heimildir um hótelreksturinn í Múlakoti, sem varðveisist höfðu á staðnum, reyndust mjög gagnlegar. Meiri hluti gestabóka er nú varðveittur á Héraðsskjalasafninu á Skógunum, en nokkuð er í einkaeign. Ferðadagbækur Ólafs Túbals, sem enn eru í einkaeign, hafa verið afritaðar með nútíma stafsetningu.

Allmikið er af heimildum, sem fengnar eru erlendis frá. Ber þar hæst dagbækur Johannesar Larsens, sem varðveittar eru í handritadeild Konunglegu bókhlöðunnar í Kaupmannahöfn. Þær bækur, sem fjalla um ferðir Larsens til Íslands, hefur Vibeke Nørgård Nielsen afritað með nútíma stafsetningu og veitti hún góðfúslega leyfi sitt til að vinna hennar yrði nýtt við þetta verkefni. Eins benti hún á ýmsa staði í erlendum bókum, þar sem Múlakotsgarðinn ber á góma.

Upplýsingar um listamenn eru einkum fengnar úr ævisögum þeirra eða annarra nátengdra, en einnig var *Íslenzk myndlist á 19. og 20. öld* mjög gagnleg við öflum heimilda um þá svo og sýningaskrár myndlistarmanna, sem varðveittar eru á Listasafni Íslands. Þá er ógetið munnlegra heimilda, en rætt var við ýmsa þá sem þekktu vel til í Múlakoti og þannig fengust upplýsingar, sem ekki var unnt að finna á prenti.

Ljóst er að þeir þættir, sem fjallað er um í þessari ritgerð, fléttast mjög saman. Þó var ákveðið að fjalla um sögu Múlakots í Fljótshlíð á tuttugustu öld og íbúa þess í nokkrum

aðskildum köflum, frekar en að fylgja einni ákveðinni tímaröð, þótt tímaröð sé fylgt innan hvers kafla.

I. LANDAREIGNIN

Bújörðin Múlakot

"Hver einn bær á sína sögu,
sigurljóð og raunabögu,
tíminn langa dregur drögu
dauða og lífs, sem enginn veit."¹

Múlakot er ekki landnámsjörð, kotnafnið eitt nægir sem vitnisburður um það. Landnámabók er helsta heimildin um landnám Íslands. Henni ber að trúa, enda óspart í hana vitnað í "þjóðlendumálinu", sem sýnir að ríkisvaldið telur heimildagildi hennar ótvíraett. Í Landnámabók segir að Baugur, fóstbróðir Ketils hængs, landnámsmanns Rangárvalla, hafi numið Fljótshlíð alla að ráði Ketils og búið að Hlíðarenda. Gunnar sonur hans bjó að Gunnarsholti en Eyvindur á Eyvindarmúla.²

Ekki verður rakin saga Múlatorfunar, eins og land hins gamla Eyvindarmúla er nefnt í daglegu tali, eða reynt að rekja eigendur eða ábúendur, en nafni eins eiganda er enn haldið á lofti. Hólmfríður ríka Erlendsdóttir í Stóra-Dal keypti jörðina Eyvindarmúla 10. nóvember 1523.³ Faðir Hólmfríðar var Erlendur Erlendsson sýslumaður á Teigi í Fljótshlíð. Fyrri maður hennar var Einar Eyjólfsson bóndi í Stóra-Dal undir Eyjafjöllum og kom þar saman mikill auður og mikil höfðingslund. Einar varð ekki langlífur, en Hólmfríður giftist aftur Jóni Hallssyni sýslumanni og bjó með honum í Eyvindarmúla í Fljótshlíð. Hólmfríður var þó ætlað kennd við Dal.⁴ Síðan Hólmfríður fluttist að Eyvindarmúla hafa afkomendur hennar haft umráð yfir jörðinni og setið hana, eða í hartnær 500 ár.⁵

Eins og annars staðar á landinu mynduðust smám saman kotbýli kringum heimajörðina. Lönd Hlíðarenda og Eyvindarmúla ligga saman og á mörkunum risu upp sitthvort kotið, Hlíðarendakot og Múlakot. Á landamerkjum jarðanna rennur á fram af fjalllendinu í fögrum fossi, ber hún heitið Merkjaá.

Jarðabækur

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* má finna glöggar heimildir um bújarðir á Íslandi og áhöfn þeirra. Jarðabókin er skráð í byrjun 18. aldar og fróðlegt er að lesa hvað þar er skráð um Múlatorfuna. Móðurjörðin, kirkjustaðurinn Eyvindarmúli, er metin á 60 hundruð og

¹ Matthías Jochumsson: "Skagafjörður", bls. 82-88.

² *Íslensk fornrit* I, bls. 352.

³ *Íslenskt fornbréfasafn* IX, bls. 181-182.

⁴ Þórður Tómasson: "Stóri-Dalur undir Eyjafjöllum", bls. 61.

⁵ *Sunnlenskar byggðir*, IV, bls. 394.

hjáleigurnar síðan tíundaðar úr heimajörðinni, en þær voru átta alls. Múla-hjáleiga er talin sem áttunda afbýlið, enda er bæjaröðin rakin frá austri til vesturs í Fljótshlíð. Við skráningu í Jarðabókinni er tekið fram, hvenær jarðir eða jarðarpartar byggðust, en um Múla-hjáleigu er sagt að menn muni ekki hennar elstu byggð. Múlakotið virðist snemma hafa orðið tvíbýlisjörð, því þarna eru skráðir tveir ábúendur, hvor á sínum helmingi, sem greiða jafnháa landskuld, eitt hundrað.

Bústofninn er talinn í tvennu lagi, á öðru býlinu eru 12 nautgripir, (þar af 7 kýr), 58 fjár (þar af 26 ær) og 8 hross (þar af 4 hestar). Á hinu býlinu eru nautgripir 13 (þar af 8 kýr), 70 fjár (þar af 25 ær) og 10 hross (þar af 3 hestar). Samtals eru þetta því 15 kýr, 7 hestar og 51 á, auk ungsviðis o.p.h. Hér virðist rifflæga sett á þar sem sagt er að fóðrast kunni af heyjum 12 kýr og 3 hestar. Í Jarðabókinni voru bæði tíundaðir kostir og ókostir jarða, en þó virðist svo sem ókostir hafi verið nánar fram taldir en kostirmir. Um Eyvindarmúla er sagt að fjallhögum spilli árlega blástur en hinum Markarfljót með aur og sandi. Þetta gilti fyrir alla Múlatorfuna. Sérstaklega er tekið fram um Múla-hjáleigu, að grjót, möl og skriður úr fjallinu spilli stórlægum slægjum, bæði á túnum og engjum.⁶

Til samanburðar var litið á yngri matsgerðir. Í jarðamati fyrir Rangárþing 1849-50 segir um Eyvindarmúla: "Tún mikil og slétt en ekki grasgefin, engjar sléttar og sæmilega loðnar. Landið er lítið til hagbeitar en gott, gripagagn er gott ... Ókostur er á með hagaleysi fyrir hross á vetrum og landbroti af ánni Þverá." Nú eru aðeins taldar 5 hjáleigur. Um Múlakot, ekki er nú notað orðið Múla-hjáleiga, er sagt: "Hjáleiga, lík að kostum og ókostum sem fyrrnefndar hjáleigur, [þar vísast til kosta og ókosta Eyvindarmúla] framfærir 9 kýr, 60 ær, 40 sauði, 60 lömb."⁷ Jörðin í heild er því talin framfæra færri kúum en fóðrast gátu á heyjum 1710, en fjárstofninn gæti verið ívið meiri en árið sem Jarðabókin var skráð. Nú er ekki getið um hesta.

ENN skal borið niður í fasteignamatsbókum. Í Gjörðabók fasteignamatsnefndar árið 1916 eru allýtarlegar lýsingar; tíunduð er túnastærð og heyfengur, bæði af túnum og engjum og uppskera matjurtagarða. Fram kemur að jarðir í Múlatorfunni eiga óskipt beitiland í fjallendi, sem er skjólgott og fremur gott til sauðfjárbeitar, en kúabeit sé lítil. Jarðinar eiga land sunnan Þverár á svonefndum Aurum, sem er notað til slægna og beitar, og liggar það nokkuð undir skemmdum af Þverá. Áhöfn í austurbæ er 6 kýr, 6 hross, 120 fjár og jarðamat kr. 3500.- en áhöfn í vesturbæ 6 kýr, 5 hross, 70 fjár og jarðamat kr. 2600.- en matsverð húsa kr. 2400.-⁸

Áfram er litið í fasteignamat. 1930 er bústofninn í vesturbæ Múlakots 5 kýr, 50 fjár og 8 hross, en möguleg áhöfn er talin 5 kýr, 80 ær, 20 lömb og 6 hross.⁹ 16 árum síðar er bústofninn orðinn 8 nautgripir, 80 fjár og 8 hestar.¹⁰

⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 1. bindi, bls. 140-144.

⁷ Þí. Jarðamat 1849-50 Rangárþing.

⁸ Þí. Skjalas. Fjármálaráðuneytis: Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Rangárvallasýslu 1916 bls. 15 (laus blöð); bls. 109-110.

⁹ Þí. Skjalas. Fjármálaráðuneytis: Fasteignamat 1930 Rangárvallasýsla 2 Vestur-Landeyjahr., Fljótshlíðarhr., Hvolhr.

¹⁰ Sýslumannsembættið í Rangárvallasýslu. Virðingargjörð 31. mars 1946.

Það vekur óneitanlega athygli hversu lítið bústofninn hefur breyst á þeim tæplega 240 árum, sem liðið hafa frá því að Árni og Páll skráðu sína jarðabók.

"Nú er flag Fljótshlíð orðin"¹¹

Skáldið Bjarni Thorarensen var þungorður um eyðingu bernskusveitar sinnar árið 1821. Eyðingarvaldurinn mikli, Markarfljót, virtist þá vera að leggja Fljótshlíð í eyði.

Markarfljót mun vera lengsta auravatn landsins, en það rennur nánast á sléttlendi frá því fljótið kemur út úr Markarfljótsgljúfrum fyrir innan Þórmörk, uns það fellur til sjávar. Auravötn liggja ekki kyrr í farvegi sínum, þar sem framburður þeirra fellur smám saman til botns og hækkar þannig farveginn, uns áin slær sér um, skiptir um farveg. Erfitt er að sjá nokkra reglufestu í þessum farvegaskiptum.

Um miðja 16. öld rann Markarfljót austur með Eyjafjöllum, eins og sjá má af frásögnum af deilum Páls Vigfússonar lögmanns á Hlíðarenda og systur hans, Önnu á Stóru-Borg.¹² Þá hafa ekki verið gróðurskemmdir í Fljótshlíð af þess völdum. Ekki er vitað hvenær fljótið sló sér vestur yfir, en Jarðabók Árna og Páls ber með sér hvað er að gerast, þegar hún er rituð 1710. Þá er bóndinn í Eyvindarmúla eini bóndinn í Fljótshlíð, sem kvartar undan ágangi Þverár.¹³ Þverá var að jafnaði meinlaus bergvatnsá, safnvatn bergvatnsá og lækja í hlíðinni; þar eru helstar Þórólfsá, Marðará, Bleiksá, Merkjaá og Litla-Þverá. Stundum rann í hana kvísl úr Markarfljóti og jafnvel nær allt fljótið og þá varð áin sem hamslaus ótemja.

Á síðari hluta 18. aldar virðist sókn fljótsins í vesturátt verða stöðugt þyngri. Hámarki mun eyðing Hlíðarendalands hafa náð um 1810, en þá sat Vigfús Þórarinsson sýslumaður, faðir Bjarna skálðs, á Hlíðarenda. Sem dæmi um eyðinguna má nefna, að engi, sem Hlíðarendi átti við Merkjaá á mörkum Eyvindarmúlatorfunnar, gaf af sér 500 hestburði við upphaf búskapar Vigfúsar, en aðeins 300 hesta við lok hans.¹⁴

Geta má nærrí að lönd Múlkakots og annarra bæja í Eyvindarmúlatorfu hafa einnig stórkemmst.

Varnaraðgerðir

Elstu heimildir um tilraunir til að verjast ágangi fljótsins eru frá öndverðri 19. öld. Vigfús sýslumaður á Hlíðarenda reyndi hvað hann gat að stemma stigu við framrás þess og þvingaði

¹¹ Bjarni Thorarensen: "Um afturfarir Fljótshlíðar", bls. 62.

¹² Jón Skagan: *Saga Hlíðarenda í Fljótshlíð*, bls. 61.

¹³ Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, fyrsta bindi, bls. 137-175.

¹⁴ Jón Skagan: *Saga Hlíðarenda í Fljótshlíð*, bls. 200-201.

nágrannabændur og leiguliða sína til að grafa aurana, þar sem Markarfljót lagðist í Þverá.¹⁵ Árangur þessara aðgerða varð enginn, enda voru menn verkfæralausir með öllu til slíkra framkvæmda.

Í einu af þjóðsagnasöfnunum er undir flokknum *Galdrar* tilfærð sagan um Ögmund í Auraseli, jörð sem lá að Þverá. Þegar áin sveigði hjá landi hans var það þakkað göldrum karlsins. Vegna þrábeiðni Eyfellinga beindi Ögmundur fjórum ám í réttan farveg. Einhverra hluta vegna vildi Ögmundur alltaf hafa meðferðis grátt ullarreifi og gráan fresskött þegar hann átti við árnar. Skömmu eftir að prestur ávitaði bændur fyrir heimsku og skrifaldi hæðnisgrein í blað eitt, varð jörð hans fyrir miklum vatnsgangi. Voru menn sannfærðir um að þar svaraði Ögmundur fyrir sig.¹⁶

Vissulega er saga þessi með ævintýrablaðe, en Ögmundur þessi var bóndi á Auraseli í Fljótshlíð á árunum 1833-1876 og lést 1890.¹⁷

Markarfljót nagaði ekki stöðugt lönd Fljótshlíðunga. Annað veifið gerðist það áleitið við Eyfellinga. Undir aldamótin 1900 var mikið rætt þeirra á meðal um þörfina á varnargarði og reiknað hvað hann kostaði. Yfirvöld vildu ekki taka á sig útgjöld, jafnvel þótt vegurinn væri í hættu. Vera má, að sinnuleysi þeirra hafi að einhverju leyti stafað af því að 1896 lagðist fljótið enn í Þverá og hvarf frá fjöllunum. Þegar það kom aftur 1909 urðu Eyfellingar óttaslegnir og töldu það komið til að vera. Næsta sumar, þegar fljótið sló sér á ný vestur yfir, biðu þeir ekki boðanna en varnargarður í samvinnu heimamanna, Landsjóðs og Búnaðarfélags Íslands var byggður við Seljaland.¹⁸

Eftir því sem meira af fljótinu lagðist í Þverá, ógnaði það ekki aðeins Fljótshlíð heldur láglendinu, allt vestur undir Þjórsárós. Ekki verður rakið hér hvernig tókst að hemja fljótið í lágsveitum á þriðja og fjórða áratug 20. aldar, en á sama tíma herjaði það á innhlíðina. Svo rammt kvað að ósköpunum, að eitt sinn um 1930 er fólk var við heyskap neðarlega á Múlakotstúninu brá það sér heim í mat. Það er ekki í frásögur færandi, hefði ekki flekkurinn, sem fólkið var að snúa, verið horfinn, þegar fólkið kom aftur til vinnu. Áin hafði gleyst landið í einum vettvangi, þótt jarðvegsþykkt væri á annan metra.¹⁹

Pannig hagar til í Fljótshlíð, að undir öllum jarðvegi á láglendi er ármöl eða aur, sem fljótið getur auðveldlega sópað burtu og þá fellur hann niður í fljótið í stórum torfum. Skyldi skrímslið ógurlega, sem ýmsir töldu að byggi í Þverá, hafa verið stór gróðurtorfa?

Í ferðadagbókum Ólafs Túbals frá sumrinu 1930 er iðulega vikið að hamförum fljótsins. Það er sem bónðasonurinn í Múlakoti sé með grátstafinn í kverkunum, þegar hann lýsir gróðurskemmdunum.²⁰

¹⁵ Sama heimild, bls. 202.

¹⁶ Einar Ólafur Sveinsson: *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, bls. 242-247.

¹⁷ Oddgeir Guðjónsson í Tungu 10. 12. 2001.

¹⁸ Vigfús Bergsteinsson á Brúnum: "Markarfljótsgarðurinn", bls. 85-89.

¹⁹ Oddgeir Guðjónsson í Tungu 10. 12. 2001.

²⁰ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbækur 1930, einkum 8. júlí 1930.

Um 1940 tókust samningar milli skógræktarstjóra og Árna bónda í Múlakoti I (austurbæ) um kaup á jörðinni. Aðeins var eftir að inna greiðslur af hendi, þegar skógræktarmönnum ógnaði svo ágangur fljótsins, að þeir féllu frá kaupunum en keyptu þess í stað jörðina Tumastaði í Fljótshlíð, sem ekki stóð hætta af vatnagangi.²¹

Oft er sagt að orð séu til alls fyrst. Fyrir atbeina Jónasar Jónssonar frá Hriflu var haldinn fundur um varnir gegn landbroti Þverár og Markarfljóts í þinghúsi Fljótshlíðarhrepps haustið 1928. Eftir fundinn var stofnað Vatnafélag Rangæinga, sem var deildaskipt eftir hreppum. Lög um fyrirhleðslu ánya voru samþykkt 1932 en það var ekki fyrr en 1946, sem byggðir voru garðar, sem vörðu lönd Múlakots.²²

Sú saga, sem hér hefur verið rakin, skýrir að nokkru, hvers vegna bústærð í Múlakoti hélst nær óbreytt svo lengi sem áður var skýrt frá. Ekki er unnt að stækka bústofninn þegar stöðugt gengur á gróðurlendið. Fyrst þegar búið var að friða landið fyrir ágangi fljótsins var unnt að snúa vörn í sókn og reyna að græða upp gróðurvana aurinn.

²¹ Árni Guðmundsson Múlakoti I 10. 2. 2002.

²² Jón Skagan: *Saga Hlíðarenda í Fljótshlíð*, bls. 205-207.

III. BÆNDUR OG BÚALIÐ

Ábúendur Múlakots á 20. öld

Á 20. öld voru umsvif í Múlakoti á margan hátt mjög frábrugðin því, sem algengast var til sveita á sama tímabili. Á öldinni bjuggu í Múlakoti í Fljótshlíð hjónin Túbal Magnússon og Guðbjörg Þorleifsdóttir. Ólafur sonur þeirra tók við búi árið 1936, ásamt konu sinni Láru Eyjólfssdóttur. Þegar Ólafur lést árið 1964, bjó Lára áfram með liðsstyrk sonar þeirra, Reynis.²³ Að móður sinni láttinni bjó Reynir einn í Múlakoti, uns hann lést árið 2000.

Forvitnilegt þótti hvort Guðbjörg eða Túbal ættu ættir að rekja til Fljótshlíðarinnar, eða hvort þau væru aðflutt.

Í *Manntali á Íslandi 1910* sést að Guðbjörg Aðalheiður Þorleifsdóttir var fædd í Eyvindarmúlasókn 27.7. 1870 en Túbal Karl Magnús Magnússon fæddur 30.12.1867 að Vatnsleysu í Kálfatjarnarsókn.²⁴ Því er auðséð að foreldrar Guðbjargar hafa búið í Fljótshlíð. Í Manntali 1870 sést, að þá búa í Múlakoti, vesturbæ, síðar Múlakoti II, hjónin Þorleifur Eyjólfsson, fæddur 1831 í Breiðabólstaðarsókn, og Þuríður Jónsdóttir, fædd í Reynissókn 1832.²⁵

Rætur Guðbjargar í Fljótshlíðinni

Í Fljótshlíð voru þrjár sóknir: Eyvindarmúlasókn, Teigssókn og Breiðabólstaðarsókn. Með því að bera saman manntalsbækur, prestsþjónustubækur og sóknarmannatal fengust nokkrar upplýsingar um föðurfólk Guðbjargar, en bæði faðir hennar og afi bjuggu á þessum slóðum. Í sóknarmannatali Breiðabólstaðar sést að 1813 hófu búskap á einum hluta Torfastaða hjónin Eyjólfur Oddsson 23 ára og Guðrún Sæmundsdóttir 19 ára, en hún lést 1835, liðlega fertug að aldri. Þau hjón eignuðust allnokkur börn og tveir synir voru yngstir; Magnús, fæddur 1828, og Þorleifur, fæddur 1831. Athygli vekur að Þorleifur er ekki talinn með heimilisfólk í sóknarmannatali fyrr en 1836, en engum getum skal að því leitt hvort hann hafi verið fóstraður annars staðar.²⁶ Eyjólfur bjó áfram á Torfastöðum, þótt hann væri orðinn ekkill, og virðist hafa verið talinn í hópi betri bænda, a.m.k. var hann meðhálpri.²⁷ Árið 1845 varð breyting á högum Eyjólfss, þegar hann flutti að Fljótsdal í Eyvindarmúlasókn og varð þar bæði hreppstjóri og sáttasemjari. Þá voru öll börnin farin að heiman nema Þorleifur, 15 ára.²⁸ Eyjólfur kvæntist

²³ *Sunnlenskar byggðir IV*, bls. 397.

²⁴ *Manntali á Íslandi 1910* II, bls. 112.

²⁵ Þí. Manntal 1870: Skaftafellssýsla - Vestmannaeyjar, bls. 116.

²⁶ Þí. Breiðabólstaður í Fljótshlíð Sóknarmannatal 1802-1817, 1819 og 1821; 1823-1833; 1834-1859, Prestsþjónustubók 1816-1835; Magnús fæddur 23.10. 1828; Þorleifur fæddur 11.7. 1831.

²⁷ Þí. Manntal 1840: Rangárvalla og Árnæssýslur, bls. 45.

²⁸ *Manntali á Íslandi 1845 Suðuramt*, bls. 116.

aftur árið 1847 og bjó áfram í Fljótsdal til dánardags 1853. Síðari kona hans og hennar börn bjuggu áfram í Fljótsdal.²⁹

Porleifur hefur viljað sjá sig um í heiminum eins og ungra manna er siður. Það var líka talið hollt hverjum ungum manni að vinna víðar en í föðurhúsum. Það gat verið á við góðan skóla að komast í vist á góðu heimili. Hann hleypti því heimdraganum 19 ára og er skráður í prestspjónustubók burtvikinn til Sámsstaða í Breiðabólstaðarsókn, en virðist ekki hafa sest þar að til langdvalar, þar sem hann er ekki meðal innkominna í sóknina það árið. Ekki var reynt að rekja feril Porleifs næstu árin, en 1858 er hann skráður innkominn til búskapar í Fljótshlíðarþing, eftir að hafa dvalið tvö næstu ár á undan í Breiðabólstaðarsókn.³⁰

Porleifur Eyjólfsson og Þuríður Jónsdóttir kona hans hófu búskap sinn að Finnshúsum í Teigssókn, en þar er þeirra fyrst getið sem ábúenda 1859.³¹ Jörðin var afbýli frá höfuðbólinu Teigi, en þar var kirkja frá því skömmu eftir kristnitöku til 1897. Finnshúsa er getið í Jarðabók Árna og Páls, en jörðin fór í eyði um 1882.³² Árið 1869 fluttu hjónin ásamt tveimur sonum að Múlakoti, þar sem Guðbjörg fæddist árið 1870, eins og fyrr sagði. Porleifur lést 1887³³ en Þuríður bjó áfram í Múlakoti uns Guðbjörg og Túbal tóku við búi árið 1897.³⁴

Uppruni Túbals

Í *Manntali á Íslandi 1910* eru ítarlegar upplýsingar um fæðingardag og -stað og síðasta dvalarstað. Þessar upplýsingar voru notaðar sem leiðarhnoð til að finna uppruna Túbals.³⁵

Samkvæmt síðustu færslu prestspjónustubókar Kálfatjarnar í Gullbringusýlu árið 1867 var fæddur drengurinn Túbal Karl Magnús 30. desember, foreldrar Magnús Eyjólfsson og Valgerður Tómasdóttir, bæði í dvöl á Stóru Vatnsleysu, ógift.³⁶

Faðirinn hefur ráðið nafninu. Magnús, sem var meðal helstu gullsmiða Suðurnesja, hafði áður eignast son, sem fékk nafnið Túbal Kain Magnús, en sá dó ungar.³⁷ Þetta eru sérkennileg nöfn og varla hefur Túbal átt marga nafna hérlandis. Nöfnin eru þó ekki valin af handahófi, enda hafa þau dýpri merkingu en maður skyldi ætla. Í sköpunarsögunni í fyrstu Mósebók er rakinn ættleggur Kains, sjötti maður frá honum var Túbal-Kain, sem smiðaði úr kopar og járni alls konar tól.³⁸ Nafnið Túbal Kain Magnús táknaði því hinn mikli málmsmiður

²⁹ ÞÍ. Fljótshlíðarþing Prestspjónustubók 1817-1886 (Eyvindarmúlasókn), Sóknarmannatal 1820-1854; 1855-1870.

³⁰ ÞÍ. Fljótshlíðarþing Prestspjónustubók 1817-1886, (Eyvindarmúlasókn 1817-1886 burtviknir 1850), (Teigs- og Eyvindarmúlasóknir innkomnir 1858) Breiðabólstaður Prestspjónustubók 1836-1890 (burtviknir 1858).

³¹ ÞÍ. Fljótshlíðarþing Sóknarmannatal 1855-1870.

³² Sunnlenskar byggðir IV, bls. 410-411.

³³ ÞÍ. Manntal 1901: Rangárvallasýsla, bls. 56.

³⁴ Guðbjörg Porleifsdóttir: "Garðurinn í Múlakoti", bls. 289.

³⁵ Manntal á Íslandi 1910 II Rangárvallasýsla og Vestmannaeyjar, bls. 112.

³⁶ ÞÍ. Kálfatjörn Prestspjónustubók 1851-1894 (fæddir 1867).

³⁷ M. [Matthías Johannessen]: "Á vori vænust meyja", Morgunblaðið, 31. maí 1963 bls. 3.

³⁸ Bibílan, I Mósebók, bls. 5.

og gæti hafa falið í sér ósk um að barnið yrði föðurnum fremri. Þar sem drengurinn dó í æsku hefur sjálfsgagt einhverjum ekki þótt Kainsnafnið gæfulegt. Því var breytt um, Kainsnafnið fellt niður, en Karl notað. Það er heldur ekki af verri endanum, hér er komin tilvísun í Karla-Magnús, þann forna konung Franka og miklu hetju.

Næstu ár var Magnús áfram á Vatnsleysu, en hvorki finnast barnsmóðirin né barnið í sókninni, þau virðast þó ekki vera skráð brotflutt.³⁹ Sjálfsgagt hefur það reynst prestum á Suðurnesjum erfitt að færa til bókar alla fólkスflutninga, þar sem mjög mikil hreyfing var jafnan á fólk, þar sem mikið útræði var stundað.

Túbal kom að Múlakoti frá Kollabæ í Breiðabólstaðarsókn, því var reynt að rekja feril hans aftur á bak. Þar sem manntal var tekið á 10 ára fresti, mátti sjá að Túbal var til heimilis að Kollabæ öll sín uppvaxtarár, er fyrst skráður þar 2 ára sveitarbarn 1870, en niðursetningur 1880.⁴⁰

Prestsþjónustubækur eru oft góðar heimildir um búferlaflutninga. Árið 1868 er Túbal skráður innkominn í Breiðabólstaðarsókn frá Vatnsleysu að Kollabæ. Í næstu línu á eftir stendur nafn Valgerðar Tómasdóttur, móður hans, sama bæ, á Fljótshlíðarsveit. Tveimur árum seinna er hún meðal burtvikinna frá Kollabæ að Vatnsleysu.⁴¹ Í næsta manntali eru foreldrar Túbals bæði skráð vinnufólk til heimilis á Stóru-Vatnsleysu, ógift. Hann er 42 ára ekkill, fæddur í Breiðabólstaðarsókn, en hún 23 ára, fædd í Gaulverjabæjarsókn.⁴² Sennilega var barnið sent á fæðingarsókn föðursins, en hún kosið að fara með. Barnið hefur síðan orðið þar eftir. Magnús hlýtur því að hafa enn átt sveitarfesti í Breiðabólstaðarsókn.

En hver var þá þessi Magnús, sem var fæddur í Breiðabólstaðarsókn? Það skyldi þó ekki vera Magnús Eyjólfsson, fæddur á Torfastöðum? Aldurinn kemur heim og saman og þessar grunsemdir staðfesti fyrrverandi prófastur á Breiðabólstað.⁴³ Hjónin í Múlakoti, Guðbjörg og Túbal, voru því bræðrabörn.

Oft er rætt um að ýmsir eiginleikar gangi í ættir, bæði vondir og góðir. Múlakotshjónin höfðu bæði orð á sér fyrir hagleik, eins og Magnús, faðir Túbals, og föðurbróðir Guðbjargar. Þessi hneigð gæti hafa verið ættarfylgja, sem síðan átti eftir að fá aðra myndbirtingu í málverkum Ólafs sonar þeirra.

³⁹ ÞÍ. Kálfatjörn Sóknarmannatal 1866-1879, Prestsþjónustubók 1851-1894.

⁴⁰ ÞÍ. Manntal 1870: Skaftafelssýsla - Vestmannaeyjar, bls. 123, Manntal 1880: Skaftafelssýslur - Vestmannaeyjar, bls. 145.

⁴¹ ÞÍ. Breiðabólstaður prestsþjónustubók 1836-1890 (innkominn 1868; burtvikinn 1870).

⁴² ÞÍ. Manntal 1870: Árnes- og Gullbringusýslur, bls. 196.

⁴³ Sváfnir Sveinbjarnarson fv. prófastur, 20.11. 2001.

Um eignarhald á Múlakoti

Að undanförnu hefur mikil umræða verið um sölu ríkisjarða. Ef gerð yrði skoðanakönnun meðal landsmanna og spurt, hve hátt hlutfall bænda byggi á eigin jörðum, er sennilegt, að flestir teldu nær alla bændur gera það. En þetta er ekki rétt, eins og sjá má ef skoðaðar eru opinberar heimildir.

Tafla 1.
Ábúðarform jarða 1702-1990

ár	leiguliðar %	bændur/jarðir samtals	skýringar
1702	95,1%	8.191	fjöldi bænda
1802	87,7%	6.267	fjöldi bænda
1901	72,2 %	5.121	húsráðendur, húsmenn undanskildir
1990	28,1 %	4.754	fjöldi jarða

Heimild: *Hagskinna. Sögulegar hagtölur fyrir Ísland*, tafla 4.5. bls. 264.

Athygli vekur að árið 1990 er enn nær þriðjungur bænda leiguliðar, en þess ber að gæta að sama ár eiga kirkja, ríki og sveitarfélög samtals 15,7% jarða.⁴⁴

Í þessu ljósi vekur ekki furðu að Þorleifur Eyjólfsson átti aldrei ábúðarjörð sína, Múlakot vesturbæ, og ekki heldur Þuríður ekkja hans. Þetta sést m.a. á því, að við gerð landamerkjabréfs fyrir Eyvindarmúlatorfu 1891 undirritaði Stefán Thorarensen bréfið, sem eigandi Múlakots, en hann var jafnframt eigandi Hlíðarenda, Hallskots, hálfra Nikulásarhúsa og hálfss Hlíðarendakots.⁴⁵ Séra Stefán Thorarensen, sem var lengstum sóknarprestur á Kálfatjörn, átti sterkar rætur í Fljótshlíðinni. Hann var fæddur á Stórólfshvoli, þar sem faðir hans var prestur um skeið, en móðir hans var dóttir Vigfúsar Þórarinssonar á Hlíðarenda, systir Bjarna Thorarensen. Foreldrar séra Stefáns voru bræðrabörn. Kona Stefáns, Steinunn Járngerður, lifði mann sinn; hún lést 1905 en Stefán 1892.⁴⁶ Jörðin Hlíðarendi og þeir hlutar Hlíðarendatorfunnar, sem hér voru nefndir, höfðu haldist í eign askomenda Vigfúsar, uns Stefán eignaðist jarðirnar 1853.⁴⁷ Ekki er vitað hvenær hann eignaðist Múlakotsjarðimrar.

Pegar flett er þinglýsingabók fyrir Rangárvallasýslu kemur í ljós, að veruleg eigendaskipti hafa orðið á jörðum í Fljótshlíðinni árið 1916. Samkvæmt henni er sem Árni Einarsson, sem var ábúandi austurpartsins í Múlakoti, hafi í maflok keypt allt Múlakotið og nær

⁴⁴ *Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, tafla 4.3. bls. 262.

⁴⁵ Pí. Skjalas. Sýslumannsins í Rangárvallasýslu: Rang DC 1/2 1 Landamerkjabók Rangárvallasýslu II, bls. 13-14.

⁴⁶ Björn Magnússon: *Guðfræðingatal 1847-1957*, bls. 311-312.

⁴⁷ Jón Skagan: *Saga Hlíðarenda í Fljótshlíð*, bls. 157-158.

alla Hlíðarendatorfuna; seljandi er dánarbú Steinunnar J. Thorarensen.⁴⁸ Árni kom þarna fram fyrir hönd ábúenda, á næstu vikum og mánuðum var gengið frá kaupum þeirra á sínum ábúðarjörðum. Gefið var út afsal fyrir kaupum Túbals á vesturhluta Múlakots í september. Kaupverðið var 2.600 krónur, en liðlega sú upphæð var fengin að láni í bankaútibúi á Eyrarbakka.⁴⁹ Þannig komst drjúgur hluti jarða í Fljótshlíðarþingi í eign ábúenda á öðrum áratug tuttugustu aldar. Þetta voru breyttir tímar.

⁴⁸ Þí. Skjalas. Sýslumannsins í Rangárvallasýslu: Rang 1990 - DB / 3 1 1910-1917 Afsals og veðmálabók. Færsla nr. 349.

⁴⁹ Sama heimild. Færslur nr. 356, 374, 415, 416, 417, 419, 422.

IV. RÆKTUNIN Í MÚLAKOTI

Aukinn ræktunaráhugi

Miklar og hraðar þjóðfélagsbreytingar urðu í byrjun 20. aldar á Íslandi og vakning varð á ýmsum sviðum. Hvers kyns ræktunaráhugi jókst mjög. Áður höfðu þeir, sem barist höfðu fyrir fjölbreytni í ræktun, verið sem hrópendur í eyðimörkinni.

Einn fyrsti Íslendingurinn, sem lagði stund á garðyrkju, var Vísi-Gísli. Gísli Magnússon, sem var lögmaður að sunnan og austan og sat að Hlíðarenda í Fljótshlíð, kynnti sér garðyrkju m.a. í Hollandi á námsárum sínum erlendis um miðja 17. öld. Þegar heim var komið, lagði hann sig fram við alls konar ræktunartilraunir, en um þær eru heldur litlar heimildir, og ekki urðu áhrif tilrauna hans langæ. Gísli fylgdist vel með nýjungum á ræktunarsviðinu, sem sést best af því að árið 1670 bað hann son sinn, sem þá dvaldist í Danmörku, að senda sér "pottetes þær eingelsku og þeirra semina".⁵⁰ Varla hefur þetta gengið eftir, þar sem kartöflur bárust fyrst til Danmerkur um 1719 og ræktun þeirra varð ekki almenn fyrir en löngu síðar.⁵¹ Nær eitt hundrað ár liðu uns fyrst voru ræktaðar kartöflur á Íslandi, en það gerði Hastfer barón árið 1758. Minning hans lifir þó einkum í tengslum við tilraun til kynbóta á íslensku sauðfé.⁵² Séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal, sem hefur löngum verið talinn faðir garðræktar á Íslandi, fékk fyrst fullsprottnar kartöflur árið 1760.⁵³

Það var í anda upplýsingarstefnunnar, sem "þúfnatilskipunin" svonefnda var gefin út árið 1776, en þar er auk annars hvatt til aukinnar ræktunar á kartöflum, káli og næpum.⁵⁴ Landbúnaðarfélagið danska veitti þeim verðlaun, sem skoruðu framúr. Grænmetisræktun breiddist þó hægt út meðal almennings og það voru einkum kaupmenn og embættismenn, sem hlutu verðlaun fyrir garðyrkjutilraunir á seinni hluta 18. aldar, eða rétt um helmingur verðlaunahafa.⁵⁵

Móðuharðindin, sem hófust árið 1783, drógu mjög úr getu manna til að fylgja eftir ræktunarnýjungum. Það var hins vegar annars konar óáran, sem varð til að festa kartöfluræktun í sessi. Á meðan á styrjöldinni miklu í Evrópu stóð, varð mikill vöruskortur á Íslandi vegna stopulla siglinga, einkum árin 1807-1814. Á því tímabili jókst garðrækt mjög svo sem sjá má í eftirfarandi töflu:

⁵⁰ Jakob Benediktsson: "Gísli Magnússon", bls. 53-54.

⁵¹ Sturla Friðriksson: "Úr 200 ára ræktunarsögu", bls. 15.

⁵² Páll Eggert Ólason og Porkell Jóhannesson: *Saga Íslendinga* VI, bls. 492.

⁵³ Björn Halldórsson: "Korte beretninger", bls. 35-36.

⁵⁴ *Lovsamling for Island*, fjórða bindi, "Forordning om Gjærder og Tuers Jævning m.v. i Island". 13. maí 1776, bls. 278-296.

⁵⁵ *Íslenskur söguatlas*, 2. bindi, ritstj. Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson, bls. 39.

Tafla 2
Fjöldi matjurtagarða á Íslandi 1800-1880

ár	fjöldi garða
1800	283
1810	1194
1820	3026
1830	3076
1840	3526
1850	5197
1859	6816
1869	4436
1880	4443

Heimild: *Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland.* Tafla 4.6. bls. 264.

Pær upplýsingar, sem stuðst var við, þegar þessi athugun var gerð, eru að líkendum æði óáreiðanlegar, en gefa þó vissa vísbendingu. Þannig sést, að fjöldi matjurtagarða meira en tífaldaðist fyrstu 20 ár 19. aldar. Undir lok aldarinnar hafa matjurtagarðar verið við flesta sveitabæi. Það er því ekki að undra, að það var matjurtagarður í Múlakoti. Það var hins vegar notkun hans, sem gerði hann frábrugðinn öðrum matjurtagörðum á landinu.

Hún gerði garðinn frægan

Matjurtagarðurinn í Múlakoti var á besta stað sem völ var á, rétt sunnan undir bæjarhúsunum, þar sem vel naut sólar. Í honum voru ræktaðar kartöflur og rófur.

Guðbjörg og Túbal tóku við búsforráðum í Múlakoti 1897, en árið áður hafði Guðbjörg fengið dálíttinn skika úr matjurtagarðinum, two faðma á lengd en hálfan annan á breidd. Þessi reitur var girtur frá aðalgarðinum og þar gróðursetti Guðbjörg nokkrar skrautjurtir.⁵⁶ Ekki fer sögum af hvaða blómjurtir hún gróðursetti í þessum litla reit, sem var nálægt því 10 fermetrar á stærð.

Guðbjörg miðaði samt aldur garðsins við árið 1897, en þá voru fyrstu trjáplönturnar gróðursettar. Þetta voru nokkrar birkiplöntur, sem hún fann sjálfsánar á víðavangi, og reyniplöntur. Ekki var þrautalaust að ná í þær. Í næsta nágrenni Guðbjargar var reynir sjaldséður, en handan Markarfljóts, svo til beint á móti Múlakoti, óx stórt og mikið reynitré í gili, sem nefnist Nauthúsagil. Markarfljót var óbrúað á þessum árum, en bróðir Guðbjargar sótti þangað þrjár smáplöntur, sem hún gróðursetti í garðinum.⁵⁷

Undir lok aldarinnar voru Eyvindarmúla- og Teigssóknir sameinaðar, ný kirkja byggð á Hlíðarenda, en gömlu kirkjurnar risnar. Timbrið úr þeim var selt á uppboði. Þar komst Guðbjörg yfir grindverk, sem aðskildi kór og kirkju, sem hún notaði sem girðingarefni. "Var

⁵⁶ Guðbjörg Þorleifsdóttir: "Garðurinn í Múlakoti", bls. 289.

⁵⁷ Sama heimild, bls. 290.

nú garðurinn litli loksins orðinn nógu snotur. Fóru ýmsir, er á ferð voru, að veita honum eftirtekt; að minnsta kosti að hugsa sem svo: hvað er nú annars þarna, sem svo vandlega er girt?"⁵⁸

Hversu mikla eftirtekt garður Guðbjargar og trjáræktin vakti, má skilja af orðum Brynjúlfss Jónssonar frá Minna-Núpi. Í einu rita sinna nefndi hann Þuríði Jónsdóttur á nafn. Til að gera nánari grein fyrir henni sagði hann: "móðir Guðbjargar, er gróðursetti runninn þar."⁵⁹ Þar með hlutu allir að vita við hverja var átt.

Einar Helgason garðyrkjumaður, Einar í Gróðrarstöðinni, er líklega sá fyrsti sem fjallaði um ræktun Guðbjargar á prenti. Árið 1910 skrifaði hann í *Frey*, að Guðbjörg skari fram úr öllum garðyrkjukonum, sem hann hefði haft spurnir af. Hann segir margskonar blómplöntur vera í garðinum, en merkilegust séu þó reynitrén þrjú úr Nauthúsagili. Stærsta tréð var þá orðið 6 álnir (3,60 m). Sumarið 1909 hafi fyrstu fræplönturnar af reyni fundist í garðinum, en þetta sumar væru þær orðnar 200. Einar hugsaði gott til að upp kæmu reynilundir í Rangárvallasýslu, sprottnir af fræplöntum Guðbjargar. Athyglisverður þótti honum sá síður húsfreyjunnar í Múlakoti, að skreyta matarborðið með blómum á sumrum.⁶⁰

Þessi grein vermdi Sunnlendingum um hjartaræturnar og fyllti þá stolti sem lásu. Til að hún kæmi fyrir augu sem flestra, var hún birt óbreytt í fyrsta árgangi vikublaðsins *Suðurlands*, sem gefið var út á Eyrarbakka.⁶¹

En þeir voru fleiri en Einar Helgason garðyrkjumaður, sem höfðu áhuga á trjárækt.

Upphaf skipulagðrar trjáræktar á Íslandi

Í upphafi 20. aldar var mönnum orðið ljóst, að til að draga úr gróðureyðingu á Íslandi væri sókn besta vörnin. Íslenska hugsjónamenn hafði um aldir dreymt um að rækta skóg, en þær litlu tilraunir, sem gerðar höfðu verið á Íslandi, höfðu líttinn árangur borið.

Svo sérkennilega vill til að danskur skipstjóri í Íslandssiglingum, Carl Ryder að nafni, varð upphafsmaður skipulagðar skógræktar á Íslandi. Hann aflaði fjár til ræktunar furulundarins fræga á Pingvöllum, en þar var hafist handa árið 1898. Helsti ráðgjafi Ryders var prfessor Prytz, sem var einn helsti sérfræðingur Dana í skógrækt. Flensburg skógræðingur, nemandi Prydz, starfsmaður Heiðafélagsins danska, kom hingað aldamótasumarið og stjórnaði framkvæmdum á Íslandi fyrir "Islands Skovsag" árin 1900-1906. Flensburg hafði hug á að setjast að á Íslandi, en Alþingi 1905 hafnaði tillögu um að fastráða skógræðing. Hannes Hafstein ráðherra var ósáttur við þessi málalok og fékk með harðfylgi loks samþykkt frumvarp um skógræktarlög árið 1907. Í frumvarpinu var kveðið á um stjórn skógræktarmála.⁶²

⁵⁸ Sama heimild, bls. 291.

⁵⁹ Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi: "Þáttur af Þórunni Sigurðardóttur", bls. 56.

⁶⁰ E.H. [Einar Helgason] "Garðyrkjukona", bls. 112.

⁶¹ "Garðyrkjukona", *Suðurland*, 1. árgangur, 22. blað, bls. 86. Greinin tekin upp úr *Frey*.

⁶² Sigurður Blöndal og Skúli Björn Gunnarsson: *Íslandsskógar. Hundrað árasaga*, bls. 21-32.

Fyrsti skógræktarstjórinн тók við störfum 1908. Það var danskur skógræðingur, Agner F. Kofoed-Hansen að nafni. Honum til aðstoðar skyldu vera fjórir íslenskir skógarverðir, sem lært höfðu til starfa í Danmörku, hver í sínum landsfjórðungi. Einn þessara manna var Einar E. Sæmundsen.⁶³ Bæði Einar og Kofoed-Hansen kynntust starfi Guðbjargar og hvöttu hana óspart til dáða.

Úr skýrslu um plantanir og gróðursetningar

Sjálfsgagt hefur eitt af hlutverkum skógarvarðanna verið að gefa skógræktarstjóra skýrslur, hver úr sínu umdæmi. Einar E. Sæmundssen varð skógarvörður á Suðurlandi 1909. Varðveisit hefur í handriti skýrsla hans um skógarvarðarumdæmi VI, sem tekin var saman sumarið 1910.

Í drjúgum kafla skýrslunnar var fjallað um ræktun Guðbjargar í Múlakoti. Aðdáun Einars leynir sér ekki í skrifum hans og þar sem fagmaður hélt hér á penna, er sjálfsgagt skýrt raunsætt frá. Einar kom fyrst í Múlakot sumarið 1908 og aftur haustið 1910 og hafði þannig nokkurn samanburð við mat á framförum gróðurins. Einari verður tilrætt um aðstöðuleysi Guðbjargar og skort á leiðsögn. Löngun hennar til að rækta skóg hafi verið brennandi en "ekki hafi hún komið sér að því að leita til þeirra, sem líklegir væru til að geta leiðbeint í þá átt, enda sárafáir um það leyti, er höfðu slíkt um hönd."⁶⁴ Einar dáðist mjög að aluð Guðbjargar og natni við plönturnar, sem væri síst minni en hjá lærðum skógræðingi. Hann taldi reynistóðið nálega 5 álnir (3 m) á hæð 1908, en það hafði bætt alin við hæð sína 1910 og þá voru birkiplönturnar orðnar 3 álnir.⁶⁵

Petta er dágóður vöxtur á liðlega 10 árum, þegar þess er gætt, að hér var um algjöra tilraunastarfsemi að ræða og eftirtektarvert er að þeim nöfnunum Einari Helgasyni og Einari Sæmundsen ber saman um hæð reynitrjánna, þótt annar hafi ekki séð þau sjálfur, heimildarmaður hans var "skilrík kona".⁶⁶

Einar sagði í skýrslu sinni að bæst hafi í garðinn rauðberjarunni og gulvíðir. Íslenskar plöntur voru margar í garðinum, en hann nefndi sérstaklega hvönn, mjaðurt og garðabruðu. Einnig voru nokkrar erlendar plöntur, en þær nafngreindi hann ekki. Pröngt var orðið í garðinum og í fyrrí heimsókninni lagði Einar fast að hjónunum að stækka hann sem fyrst. Guðbjörgu þurfti ekki að hvetja og Túbal, maður hennar, kvaðst heldur vinna það til, en missa trjágróðurinn, sem var orðinn honum svo kær.

Haustið 1910 heimsótti Einar Guðbjörgu aftur. Þá hafði garðurinn verið stækkaður nokkuð og búið að koma upp sérstökum reit sem vöggustofu fyrir sjálfssánar trjáplöntur úr garðinum.

⁶³ Sama heimild, bls. 35.

⁶⁴ Einkasafn Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt. Einar E. Sæmundsen: "Úr skýrslu um plantanir og gróðursetningar."

⁶⁵ Sama heimild.

⁶⁶ E.H. [Einar Helgason] "Garðyrkjukona", bls. 112.

Í skýrslu Einars kom glöggt fram hve áhrifa Guðbjargar var tekið að gæta um nágrennið. Nágranni þeirra, Árni Einarsson í austurbæ Múlakots, byrjaði á sínum trjágarði 1909. Naut hann góðrar aðstoðar og leiðbeininga Guðbjargar, sem miðlaði öðrum fúslega af reynslu sinni. Plöntur Árna voru frá Guðbjörgu komnar og nágrannar hennar í Fljótshlíðinni og vinir, bæði nær og fjær, nutu líka góðs af.

Einari skógarverði þóttu "barnagarðarnir" í Múlakoti mjög sérstæðir, en hvert barn átti og annaðist eigin garðreit, þar sem uxu reynir, birki, rifs og ýmsar blómjurtir. Þannig vöndust börnin ung við að umgangast gróður, hlúa að honum og verja. Þetta leiðir hugann að skólagörðum, sem settir hafa verið á fót í mórgum bæjarfélögum með sömu hugsun að leiðarljósi en "barnagarðarnir" í Múlakoti voru mun eldri.

Guðbjörgu fannst ekki nóg að gert, þótt garðurinn hefði verið stækkaður tölувert. Enn langaði hana í aukið rými, helst meiri hluta matjurtagarðsins svo hún gæti fengið góðan græðireit. En framkvæmdirnar kostuðu meiri fjármuni en lágu á lausu.

Einar kunni ráð við fjárhagsvandanum, hann vissi af sjóði sem styrkti skógrækt.⁶⁷

Styrktarsjóður Friðriks konungs hins áttunda

Þótt Íslendingar hafi um aldir lotið erlendu valdi, voru konungskomur ekki daglegur viðburður. Kristján níundi, konungur Danarkis, var fyrsti þjóðhöfðinginn sem kom til Íslands, það var árið 1874. Í tilefni af konungskomunni og hinum merku tímamótum var stofnaður Styrktarsjóður Kristjáns konungs IX. í minningu þúsund ára afmælis Íslands byggðar. Tilgangur sjóðsins var að verðlauna þá sem sköruðu fram úr í landbúnaði, hrossarækt, iðnaði, fiskveiðum, sjóferðum eða verslun.⁶⁸ Úthlutunum úr sjóði þessum voru því ekki settar þróngar skorður, hann snerti nánast allar atvinnugreinar á landinu.

Pegar sonur Kristjáns, Friðrik VIII., tók við ríki að föður sínum látnum, var meðal fyrstu embættisverka hans heimsókn til Færeys og Íslands, sem farin var 1907. Pessarar ferðar var líka minnst með stofnun styrktarsjóðs. Næsta Alþingi á undan hafði samþykkt skógræktarlög og Hannesi Hafstein ráðherra var skógrækt mikið áhugamál. Því lá nokkuð beint við að styrktarsjóðurinn skyldi vera til eflingar skógræktar á Íslandi. Skyldi vöxtum höfuðstólsins, sem var 10.000.- kr., varið til að styrkja árlega félagasamtök eða einstaklinga til skógfriðunar og skógræktar, en að tuttugu árum liðnum "skulu hinar árlegu gjafaupphæðir veittar sem heiðursgjafir fyrir framúrskarandi dugnað í þarfir skógræktunar á Íslandi, annað hvort fyrir friðun eða ræktun á eigin jörð eða fyrir önnur einkastörf í þarfir skógræktunarinnar á Íslandi."⁶⁹

⁶⁷ Einkasafn Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt: Einar E. Sæmundsen: "Úr skýrslu um plantanir og gróðursetningar."

⁶⁸ Sigurður Sigurðsson: *Búnaðarfélag Íslands. Aldarminning*, síðara bindi, bls. 209.

⁶⁹ "Auglýsing um Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Frederiks konungs hins Áttunda til eflingar skógrækt á Íslandi", *Stjórnartíðindi* 1908 A bls. 8.

Úthlutanir úr Styrktarsjóðinum

Fyrst var úthlutað úr sjóðinum árið 1909 og þá fengu tvö ungmennafélög í Reykjavík, UMF. Iðunn og UMF. Reykjavík, styrk. Fram til 1944 var úthlutað nær árlega úr sjóðinum og heildarúthlutun hvert ár var u.p.b. 450 kr. Eftir lýðveldisstofnunina urðu úthlutanir stopulli en styrkirkir fóru smám saman hækandi.

Í förslu Þjóðskjalasafns eru heimildir um úthlutanir fram til ársins 1972, en líklega hefur ekki verið úthlutað úr sjóðinum eftir það. Á því tímabili var úthlutað úr sjóðinum 67 sinnum, til 30 einstaklinga og 18 félagasamtaka. Aðeins 11 umsóknar var alfarið hafnað. 10 aðilar fengu styrk oftar en einu sinni. Lystigarðsfélagið á Akureyri fékk úthlutað fjármunum 15 sinnum á árunum 1910-1928, Árni Einarsson í Múlakoti, 6 sinnum og Guðbjörg Þorleifsdóttir í Múlakoti og Kvenfélagið Ósk á Ísafirði þrisvar.⁷⁰ Svo virðist sem skipt hafi verið um úthlutunarstefnu við lýðveldisstofnunina 1944, þótt ekki finnist um það neinar varðveittar heimildir. Eftir það hurfu nöfn kvenna og félagasamtaka af úthlutunarlistanum, en nöfn þeirra, sem gætu talist meðal "fyrirmenna þjóðfélagsins", verða áberandi.

Pessi sjóður virðist þó ekki aðeins hafa verið notaður til að örfa skógrækt. Af gögnum má sjá að a.m.k. einu sinni var einstaklingi lánuð veruleg fjárupphæð, trésmíðameistari í Reykjavík fékk árið 1927 að láni 23.000.- kr. Láninu var síðan sagt upp 1938.⁷¹ Þetta lán gæti hafa verið réttlætt sem ávöxtun sjóðsins, sem var varðveittur í bankabók, þótt það komi hvergi fram í gögnum sjóðsins.

Flestum umsóknar um styrk úr sjóðnum fylgdu meðmæli, svo var einnig um umsóknir Guðbjargar í Múlakoti. Af umsögnum meðmælanda má margt ráða um framvindu ræktunar hennar.

Umsagnir meðmælanda

Guðbjörg Þorleifsdóttir fékk þrisvar styrk úr sjóðinum eins og áður sagði. Það var árin 1912, 1914 og 1917, samtals kr. 375.-⁷²

Haustið 1910 hvatti Einar Sæmundsen Guðbjörgu til að sækja um styrk úr sjóðnum, en hún kvaðst ekki vita, hvort hún fengi sig til þess.⁷³ Það er í fullu samræmi við þessa undanfærslu Guðbjargar, sem Túbal maður hennar sendi fyrir hennar hönd umsókn um styrk vorið 1911. Hann tók sérstaklega fram, að hún hefði stundað skógrækt síðastliðin 14 ár og seldi nú árlega um 200 trjáplöntur.

⁷⁰ PÍ. Skjalas. Stjórnarráðs Ísl.: Str. I, II Db. 12 nr. 972 og Skjalas. Landbúnaðarráðuneytis: 1998 BA/281.

⁷¹ PÍ. Skjalas. Stjórnarráðs Ísl.: Str. I, II Db. 12 nr. 972.

⁷² Sama heimild.

⁷³ Einkasafn Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt. Einar E. Sæmundsen: "Úr skýrslu um plantanir og gróðursetningar."

Meðmælendur Guðbjargar voru mikilsmetnir þjóðfélagsþegnar. Tryggvi Gunnarsson bankastjóri skrifaði: "Konan Guðbjörg Þorleifsdóttir í Múlakoti í Fljótshlíð hefur beðið mig að sækja um styrk fyrir sig ... til að hún geti haldið áfram að planta reyniviði o.fl. viðartegundum og koma upp girðingum kringum viðarreitinn, til þess að verja hann fyrir skemmdum af skepnum."⁷⁴

Pótt meðmæli Einars Sæmundsen hafi ekki verið send úthlutunarnefnd, hafa þau borist skógræktarstjóra. Einar tekur fram í skýrslu sinni, að honum sé hvorki kunnugt um einstakling né félag, sem sé verðugri styrkþegi en Guðbjörg, enda að ýmsu leyti réttmætara að veita styrk til þess, sem *búið* sé vel að vinna, en ekki eingöngu þeim, sem *aetli* sér vel að gera, eins og gert hafi verið síðastliðið sumar. Hér á Einar við Lystigarðsfélagið, sem hann segist þó bera mikið traust til.⁷⁵

Kofoed-Hansen skógræktarstjóri sendi úthlutunarnefndinni meðmæli sín og sagði meðal annars að hann hefði tvisvar fengið ágætt fræ hjá Guðbjörgu til sáningar í gróðurreitum og hún væri sjálf farin að selja trjáplöntur.

Vorið 1914 sótti Guðbjörg sjálf um styrk. Hún tók sérstaklega fram, að bæði skógræktarstjóri, skógarvörður og aðrir lofi tilraunir sínar. Garðurinn væri 250 fermetrar, en væri orðinn of líttill. Hana skorti fé til stækkunar, bæði vegna kostnaðar við jarðvinnu og girðingar. Fái hún styrkinn, geti hún látið nágranna sína fá plöntur fyrir lítið verð. Meðmælendur voru skógræktarstjóri, sem nú var búinn að sjá ræktun Guðbjargar með eigin augum, og Ásgrímur Jónsson málari. Ásgrímur sagði í meðmælum sínum: "nú er hún búin að koma upp trjágarði, sem er hreinasta fyrirmynnd og einsdæmi upp til sveita, en þetta hefur kostað hana bæði mikinn tíma og peninga, en hún er fátæk ..."⁷⁶

Loks sótti Hannes Thorsteinson bankafulltrúi, síðar bankastjóri og formaður Garðyrkjufélags Íslands, um styrk fyrir hönd Guðbjargar vorið 1917. Hannes kvað hvergi á landinu efnilegri nýgræðing en hjá Guðbjörgu. Vöxturinn hjá eins árs reyniviði væri 20 cm, tveggja ára 55 cm en þriggja ára planta væri 120 cm. Fjögurra ára birki væri 148 cm og hefði vaxið 65 cm síðastliðið sumar. Svo mikið væri til af ungvíði að gróðursetja mætti viðáttumikið skóglendi á landareigninni. Meðmælendur voru Einar Helgason garðyrkjumaður, Einar Sæmundsen skógarvörður og Kofoed-Hansen skógræktarstjóri. Skógræktarstjóri lagði áherslu á hve Guðbjörg hefði gert mikið fyrir garðrækt í sveitinni og að alltaf væri unnt að fá hjá henni reyniviðarfræ. Taldi hann heppilegt að stofna í Múlakoti græðireit til að útvega mönnum þar í sveit plöntur í garða og hafa þar plöntuforða, ef til þess kæmi að planta í stórum stíl á Hvolsvelli.⁷⁷

⁷⁴ ÞÍ. Skjalas. Stjórnarráðs Ísl.: Str. I, II Db. 12 nr. 972.

⁷⁵ Einkasafn Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt. Einar E. Sæmundsen: "Úr skýrslu um plantanir og gróðursetningar."

⁷⁶ ÞÍ. Skjalas. Stjórnarráðs Ísl.: Str. I, II Db. 12 nr. 972.

⁷⁷ Sama heimild.

Áhrif Guðbjargar á umhverfi sitt eru greinileg, enda risu trjágarðar við flesta bæi í Fljótshlíðinni. Þau sjást líka, ef litið er á umsóknir og veitingar úr sjóðinum. Árni í Múlakoti naut leiðsagnar og gjafmildi Guðbjargar, þegar hann hóf sína ræktun. Tveir aðrir nágrannar hennar fengu verðlaun, þau Kristrún Kristjánsdóttir í Fljótsdal árið 1933 og Ólafur Bergsteinsson á Árgilsstöðum árið 1939. Auk þess sötti Guðrún Pétursdóttir á Núpi um styrk.⁷⁸

Áhugi skógræktarstjóra á ræktun Guðbjargar leynir sér ekki. Í meðmælum árið 1911 kemur fram, að hann hafi fengið hjá henni reynifræ fyrir skógræktina, þetta virðist verða árvissst. Eins vill hann að í Múlakoti verði reist gróðrarstöð, sem framleiði trjáplöntur. Hann fór þess formlega á leit við Guðbjörgu að hún tæki að sér rekstur gróðrarstöðvar, en hún hafnaði því. Hún fann til menntunarskorts á ræktunarsviðinu, auk þess sem hún var mjög störfum hlaðin sem húsmóðir á heimili með margvísleg umsvif.⁷⁹

Draumur Kofoed-Hansen um gróðrarstöð í Múlakoti varð loks að veruleika árið 1935. Þá var Hákon Bjarnason nýtekinn við sem skógræktarstjóri. Gróðrarstöðin reis á landi austurbæjarins.⁸⁰

Múlakotsgarðurinn

Guðbjörg Þorleifsdóttir skrifaði grein um garðinn sinn í *Búnaðarritið* árið 1921. Þar kom glöggt fram hvílka alúð og vinnu hún lagði í garðinn. Hún vakti oft langt fram á nætur við að planta eða hreinsa illgresi. "Og aldrei var ég svo þreytt eftir dagsstritið, ef gott var veður, að ég kysi fremur að fara að háttá, en ganga út í garðinn minn svo sem klukkutíma, eða hvað það gat dregist, að hlúa þar eitthvað að."⁸¹ Smám saman var henni látið eftir meira rými í matjurtagarðinum fyrir skrautgarðinn sinn og loks fékk hún hann allan til umráða og meira til. Lýðveldisárið 1944 var garðurinn orðinn um 1000 fermetrar en síðan hefur hann ekki verið stækkaður.

Bændur í Múlakoti fylgdust með tímanum sem sjá má af því að árið 1927 reistu þeir eigin rafstöð⁸² og brátt var garður Guðbjargar raflýstur. "Það varð fljótt vinsælt hjá ungmennum sveitarinnar að ríða út á sunnudögum og drekka svo kaffi í Múlakotsgarðinum, þegar rökkva tók. Það hafði ómæld áhrif á ástalífið í sveitinni að sitja í kvöldhúminu í garðinum undir mislitum ljóskerjum."⁸³

Mörgum öðrum hefur orðið garðurinn ógleymanlegur og eins ljósadýrðin.

⁷⁸ ÞÍ. Skjalas. Stjórnarráðs Ísl.: Str. I, II Db. 12 nr. 972; Skjalas. Landbúnaðarráðuneytis: 1998 BA/281.

⁷⁹ Ólafur B. Guðmundsson fv. ritstjóri Garðyrkjuritsins, 20.1. 2002.

⁸⁰ Hákon Bjarnason: *Gróðrarstöðin og trjágarðurinn í Múlakoti*, bls. 4.

⁸¹ Guðbjörg Þorleifsdóttir: "Garðurinn í Múlakoti", bls. 293.

⁸² Sunnlenskar byggðir IV, bls. 396.

⁸³ Oddgeir Guðjónsson í Tungu 10.12. 2001.

Ég minnist þess vel enn í dag þegar ég kom fyrst að Múlakoti. Það mun hafa verið síðsumars árið 1942, síðla dags. Þegar við komum fyrir málann frá Hlíðarenda blasti við okkur ljós um skreyttur garðurinn - eins og álfakirkja þjóðsagnanna. Það var ævintýri líkast að ganga um þennan garð í kvöldrökkrinu, innan um litrisk blóm, undir ljósadýrðinni hátt uppi í krónum hnarreistra reynitrjánna!⁸⁴

Guðbjörg uppskar mikið lof, bæði lærðra og leikra, fyrir ræktunina. Í gestabókum er víða rætt um fegurð garðsins og ófáar vísur voru settar á blað til að lofsyngja garðinn og ræktandann.

Sumarið 1929 var eftirfarandi vísa skráð í gestabók

Preyttur kom og þáði hlé,
þögul að sveif njóla.
Þar rósin vex hjá reynitré
reiddi säng mér Fjóla.

Tíu árum seinna var skrifaað

Undir Múla miðju
myndar býlið stendur.
Prýði orku og iðju,
unnu snilldar hendur.⁸⁵

En orðspor garðsins barst líka út fyrir landssteinana. Á hann var minnst í norrænum bókum og tímaritum.

Erlendar umsagnir

Sumarið 1929 var í sænsku kvennablaði fjallað hlýlega um Múlakot og störf húsfreyjunnar þar. Þar hélt á penna sænsk kona, sem hafði dvalist í Múlakoti og kynnst daglegu lífi fólksins.⁸⁶

Í bókinni *Island før og nu*, lýsir höfundur heimsókn í Múlakotsgarðinn sumarið 1921.

På gården Mulakot gjorde vi ophold. Ved den ligger én af Islands ældste haver. Den havde allerede dengang mange blomster og flere meter høje træer. Der blev serveret kaffe for os med kage og pandekager med flødeskum. Sammen med hjemmets unge, såde østre frydede vi os over den dejlige have og den smukke li, der ligesom var overstrøet med fritgående dyr.⁸⁷

Danski listmálarinn Johannes Larsen dvaldi í Múlakoti sumurin 1927 og 1930. Larsen var mikill fagurkeri og náttúruunnandi og hafði góða þekkingu á garðrækt. Hann skrifaði í dagbók sína 7. júlí 1927.

Múlakot er to mindre gårde der ligger klods op ad hinanden. Berømt for haven, der er enestående på Island ... Haven er nu en helt lille rønnelund. Men der er

⁸⁴ Ólafur B. Guðmundsson: "Múlakotsgarðurinn", bls. 137.

⁸⁵ Héraðsskjalasafnið Skógum. Gestabók Múlakots 1926-1929, Gestabók Múlakots 1932-1941.

⁸⁶ Sigríður Árnadóttir: "Einn dagur í Múlakoti", bls. 254.

⁸⁷ Johannes Terkelsen: *Island før og nu*, bls. 105.

også fuldt af blomster. Venusvogn. Omtrent så høje som mig så jeg troede det var ridderspore og en masse andre stauder... I haven gederams, baldrian, venusvogn, store valmuer, bregnér, blå centauria rose, Marietidsel, busknelliker, bellis, storkenæb (den høje blå den vokser vildt her) spansk kørvæl, porcelænsblade og forskellige etårige blomster og tulipaner. I vinduerne rosentræ (mange), nelliker, knoldbegonie, pelargonier. Birke røn, ribs, regnfang.⁸⁸

Þessi lýsing er áhugaverð fyrir þá, sem hafa áhuga á gömlum görðum, þar sem hér eru líklega í fyrsta skipti nafngreindar nokkrar af þeim erlendu blómjurtum, sem Guðbjörg ræktaði.

Það kvað við annan tón hjá Paul Høm, sem var á Íslandi sumarið 1929: "Vi så de ting, vi skulle. Men derudover holdt vi lidt romantisk af at søge ud på øde steder, hvor vi så boede i ugevis i telt. Bl. a. et, som hed Mulakot. Det var berømt, fordi der voksede et par træer."⁸⁹ Í bréfi, sem Høm skrifaði í Múlakoti, vottar alls ekki fyrir þessari kaldhæðni, þar segir hann, að Múlakot sé stór sveitabær á íslenskan mælikvarða, og lýsir umhverfinu af djúpri hrifningu.⁹⁰

Loks verður vitnað í frásögn tveggja danskra kvenna, sem kynntu sér gróðurfar og dýralíf á Íslandi sumurin 1931, 1933 og 1934. Þar er sagt frá heimsókn í garðinn í Múlakoti.

Ad Landevejen forbi Hlidarendi rider vi langs den store Elv Markarfljót, ud til Múlakot, en lille Gaard, der er kendt for sin smukke Have, som da ogsaa efter islandske Forhold er umaadelig yppig. Store Rønnebærtræer danner en Ramme om Haven, der ellers er beplantet med Naaletræer af forskellig Slags f. Eks. Lærk og Bjergfyr, med meterhøyje Stauder, med Prydbuske og Ribs. Den er et udmærket Bevis paa, hvad nænsomme og taalmodige Hænder kan udrette i en Have, der ganske vist har en udmærket Beliggenhed i Landets varmeste Egn, paa en Sydkraaning og i Læ af Fjældene mod Nord; men mange Steder paa Island kunde der sikkert frembringes lignende smukke Haver, hvis hver Plante belv plejet og passet under Opvæksten.⁹¹

Af þessu má skilja, að erlendir ferðamenn, sem komu í Múlakot, gerðu sér grein fyrir, að garður Guðbjargar í Múlakoti átti sér fáa líka á landinu.

Spámaður í sínu föðurlandi

Það eru til fjölmörg spakmæli, sem leggja áherslu á, að brautryðjendur séu sjaldnast metnir að verðleikum, en það átti ekki við um Guðbjörgu Þorleifsdóttur í Múlakoti. Henni var margvíslegur sómi sýndur. Hæst ber veitingu riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu 1. desember 1942, en tveimur árum áður hafði orðunefnd fengið ábendingu um að ræktunarstörf Guðbjargar og áhrif þau, sem hún hafði haft á samferðafólk sitt, væru mjög óvenjuleg.⁹²

⁸⁸ Handritad. Kgl. Bibl. Johannes Larsen: Dagbók 2, 7. júlí 1927.

⁸⁹ Peter Tiemroth: *Paul Høm*, bls. 23.

⁹⁰ Einkasafn Helen Otto. Paul Høm: sendibréf til Hjalmar Nielsen og fjölskyldu, 12.6. 1929.

⁹¹ Aase og Marie Jørgensen: *Island rundt Rejseskildringer*, bls. 98-99.

⁹² Þí. Skjalas. Skrifstofu Forseta Íslands: 1996 HB/1, Orðuskrá I 1921-1955; 1986 B/26, Fálkaorðan: skjöl orðunefndar 1919-1944.

Guðbjörg í Múlakoti var félagi í Garðyrkjufélagi Íslands, sem er félag áhugafólks um hvers kyns ræktun. Þar kunnu menn sannarlega að meta störf hennar og vildu sýna það í verki. Á stjórnarfundi sumarið 1942 var fyrst hreyft þeirri hugmynd að félagið eða meðlimir þess gæfu Guðbjörgu í Múlakoti gróðurhús í viðurkenningsarskyni fyrir framúrskarandi áhuga og starf í þágu garðræktarinnar. Þessi hugmynd féll í frjóan jarðveg og var rædd á allmögum stjórnarfundum næstu árin. Ákveðið var að leita eftir fjárfamlögum félaga og loks var trésmiðjunni Völundi falið að smíða húsgindina.⁹³ Í skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 1944 kemur fram, að Guðbjörgu var loks ashent gróðurhúsið vorið 1944 og jafnframt fært skjal sem skýrði frá því, að hún væri kjörin heiðursfélagi fyrir árangursríkt starf á sviði blóma- og trjáræktar. Í reikningum félagsins fyrir árið 1944 er færður kostnaður við húsið kr. 935,50, en ekki kemur fram hvern árangur fjársöfnun meðal félagsmanna bar.⁹⁴

Garðrækt er ekki alltaf dans á rósum. Stundum erum við óþyrmilega minnt á að við búum á landi elds og ísa. Tvisvar varð garðurinn fyrir miklum áföllum af náttúrunnar hendi, þótt þau væru af ólíkum orsökum.

Fljótshlíðin er umlukt eldstöðvum, þar sem eru Eyjafjallajökull, Tindfjallajökull og Mýrdalsjökull. Ekki má gleyma drottningu íslenskra eldstöðva, Heklu sjálfrí, en hún er 20 km fyrir norðan Múlakot í beinni loftlínu. Í Heklugosinu 1947 varð mikið öskufall í Fljótshlíðinni 30. mars, þegar þykkan gosmökkinn lagði yfir hlíðina. Svo mikið var öskufallið að um miðjan dag varð myrkara en að nóttu til. Eftir öskufallið var liðlega 10 cm lag af grófum vikri á jörðinni og voru stærstu molarnir allt að 2 cm í þvermál. Í garði Guðbjargar var mikið af barrtrjám, eins og áður hefur komið fram, bæði greni, fura og lerki. Barr þeirra féll, þannig að þau voru sem dauð. Sum trén dóu en önnur skemmdust mikið. Það má geta nærrí, að mikið verk var að hreinsa garðinn og fjarlægja dauð tré. Laustrén voru hins vegar ekki farin að kvíkna og sluppu óskemmd. Þau fengu hins vegar að kenna illilega á aprílhretinu fræga 1963. Þá hafði veturninn verið mjög mildur og allur gróður farinn að taka við sér í byrjun apríl. Hitafallið í Múlakoti þann 9. apríl var 24 gráður. Aspir og sitkagreni urðu verst úti, því aspirnar kól niður að rót og mikið af sitkagreni fór sömu leið.⁹⁵ En nú var hún Snorrabúð stekkur. Nú vantaði eldhugann Guðbjörgu til að stjórna endurreisn garðsins, en hún var látin fyrir nokkrum árum.

Ríkisútvarpið flutti sérstaka afmælisdagskrá til heiðurs Guðbjörgu á aldarafmæli hennar. Sama dag var afhjúpaður í Múlakotsgardínnum minnisvarði um Guðbjörgu, sem Samband sunnlenskra kvenna gekkst fyrir að reisa.⁹⁶ Minnisvarðinn er stuðlabergsdrangur úr Rauðkolli, gnýpu fyrir ofan Eyvindarmúla, með lágmynd af Guðbjörgu, sem Einar Jónsson myndhöggvari gerði, en Einar var fjölskylduvinnur. Mikið fjölmenni var þennan dag í Múlakoti til að votta þessari mætu konu virðingu sína og alls skrifuðu 185 gestir nöfn sín í gestabók.

⁹³ G.I.: Fundagerðabók stjórnarfunda Garðyrkjufélags Íslands árin 1940-1960; fundargerðir 29.7.1942-11. 2. 1944.

⁹⁴ Sigurður Sveinsson: "Frá Garðyrkjufélagi Íslands 1945", bls. 114-115; "Reikningar Garðyrkjufélags Íslands fyrir árið 1944", bls. 132.

⁹⁵ Hákon Bjarnason: *Gróðrarstöðin og trjágardurinn í Múlakoti*, bls. 14.

⁹⁶ Sigriður Árnadóttir: "Einn dagur í Múlakoti", bls. 256.

Það er stundum sagt, að safnaragarðar lifi sjaldnast eigendur sína. Það má segja að þannig hafi farið með Múlakotsgarðinn. Að Guðbjörgu láttinni gekk garðurinn smám saman úr sér. Lára, tengdadóttirin, var orðin ein vinnufærra kvenna á heimilinu og hennar hlutverk hafði ætíð verið að annast matreiðslu og hótelreksturinn almennt, auk heimilisstarfa. Dætur Guðbjargar, sem allar voru löngu fluttar að heiman, komu stöku sinnum í heimsókn og hlúðu þá gjarnan að garðinum. Þegar minnisvarðinn var reistur, var garðinum gert til góða, en brátt sofnaði hann Pyrnirósarsvesni.

En það var oftar gestkvæmt í Múlakoti en þann eina dag.

V. HÓTELIÐ Í MÚLAKOTI

Farartálmar

Líklega myndaðist fyrsti umferðarhnútur, sem sögur fara af, við Þjórsá. Þar áttu hlut að máli tveir Fljótshlíðungar, báðir synir landnámsmanna. Þjórsá er hvergi vel reið þegar niður í byggð er komið og varð því að notast við ferjur. Sandhólaferja var neðsta ferjan á ánni og að henni komu samtímis Sigmundur, sonur Sighvats rauða í Bólstað og Steinn, sonur Baugs á Hlíðarenda. Hvorugur vildi víkja fyrir hinum og lyktir deilna þeirra urðu að Steinn felldi Sighvat. Fyrir það urðu allir Baugssynir héraðsrækit.⁹⁷

Alþýða manna var lengstum um kyrrt í sinni heimabyggð. Skemmtiferðir þekktust naumast. Menn fóru í kaupstað, í verið, í kaupamennsku eða til náms. Hinn íslenski ferðamaður var á ferð af brýnni nauðsyn, enda vegir engir, aðeins troðningar hesta, þar sem landið var þurrast, því betri var krókur en kelda.

Á 19. öld voru skemmtiferðamenn stöku sinnum á ferð um landið. Flestir voru þeir erlendir auð- eða fræðimenn og svo virðist, sem Íslandsferðir hafi komist í tísku, en marka má ferðabækur, sem skrifanda voru. Fyrsti enski leiðangurinn til Íslands var farinn á 18. öld, en það var ví sindaleiðangur Sir Joseph Banks árið 1771. Ferð Sir John Stanleys árið 1789 virðist hafa verið líkari hreinni skemmtiferð.⁹⁸

Að öllum líkindum hafa flestir erlendu ferðamennirnir farið um Þingvelli og skoðað Gullfoss og Geysi, líkt og enn þykir sjálfsagt. En menn fóru víðar. Til gamans má geta að Skotinn Sir Mackenzie og félagar hans Holland og Blight ferðuðust um Fljótshlíðina 1810. Þeir gисту á Hlíðarenda og hlýddu á messu í Eyvindarmúla, svo þeir hljóta að hafa riðið um garð í Múlakoti.⁹⁹ Margir aðrir þekktir útlendingar lögðu leið sína um Fljótshlíðina á 19. öld. Hér verður aðeins getið hins mikla leiðangurs Frakkans Paul Gaimard aldarfjórðungi síðar. Með honum í för var landslagsmálarinn Mayer, sem málaði meðal annars nokkrar myndir úr Fljótshlíðinni og mynd af þeim félögum, þar sem þeir eru að líkindum að ríða Markarfljót.¹⁰⁰

Vötnin brúuð

Á íslenskan mælikvarða voru ótrúleg tækniafrek unnin þegar vatnsföllin miklu á Suðurlandi voru brúuð. Sunnlendingar fögnuðu þegar Ölfusárbrúin var vígð 8. september 1891, enda var mikið um dýrðir. Allir þeir, sem vettlingi gátu valdið, flykktust til brúarvígslunnar og talið er að þar hafi verið samankomnir hátt í 2000 gestir. Þetta var fjölmennasta útisamkoma sem haldin

⁹⁷ *Íslenzk fornrit I*, bls. 352.

⁹⁸ Steindór Steindórsson: "Formáli þýðanda", bls. 15.

⁹⁹ Henry Holland: *Dagbók í Íslandsferð 1810*, bls. 180-185.

¹⁰⁰ *Íslandsmyndir Mayers 1836*, bls. 85-88.

hafði verið á Íslandi, ef þjóðhátiðin 1874 á Þingvöllum er undanskilin. Dagskráin var viðamikil; Magnús Stephensen landshöfðingi hélt hátíðarræðu, sérstakur hornaflokkur lék listir sínar og söngkór flutti hátíðarljóð. ¹⁰¹

Þjórsá var síðan brúuð árið 1895 og án efa hefur líka verið mikið um dýrðir við vígslu Þjórsárbrúar.

Liðlega 15 árum síðar var næsta stórvirki unnið í brúargerð á Suðurlandi, þegar Ytri-Rangá var brúuð árið 1912. Að vísu er ekki saman að jafna Rangá og jökulfljótunum miklu, Hvítá eða Þjórsá.

Allir aðdrættir við smíði Rangárbrúarinnar voru mjög erfíðir, enda engir bílar til á landinu, sem nothæfir voru til flutninga. Tveir fyrstu áratugir tuttugustu aldarinnar voru blómatími kerruflutninga. Notaðar voru tvíhjóla kerrur, dregnar af einum hesti og þannig var unnt að flytja um þrjá hestburði í einu. ¹⁰²

Viðlegubúnaður og tjöld voru flutt frá Reykjavík að brúarstæðinu. Það var þriggja daga gangur með kerruhesta. Efni til brúarinnar var hins vegar flutt með skipi til Eyrarbakka, bæði sement, járn og timbur, og þaðan þurfti að flytja það á hestvögnum að Ægissíðu vestan Rangár. Jón Þorláksson landsverkfræðingur hafði yfirumsjón með framkvæmdinni. Sérstakur skúr var reistur handa þeim hjónum á eystri bakka árinnar, en verkamenn voru í tjöldum á vestari bakkanum. Þótt engin vélknúin tæki væru til að léttu vinnuna, varð brúarsmíðin ódýrar en ráð var fyrir gert. Fjárveiting Alþingis hrökk einnig fyrir brú á Hróarslæk, skammt austan Rangár. Sem fyrr var mikið um dýrðir við brúarvígluna í ágústlok 1912. Þrátt fyrir slagveður voru á þriðja þúsund manns mættir að hlýða á Hannes Hafstein ráðherra og njóta skemmtiatriða. ¹⁰³

Eystri-Rangá var brúuð nokkru síðar en enn var langt að bíða þess að Markarfljót yrði brúað.

Bílaöldin gengur í garð

Um aldir höfðu hestar verið eina hjálpartækið við flutningur var hengdur á klakk eða dreginn á sleða eða vögum. Íslendingar tóku hjólið seint í notkun og kerruöldin var ekki löng hérlandis, enda lagðir vegir naumast til. Í Fossvallaklifi, skammt fyrir austan Lögberg við Suðurlandsveg, er steinn við veginn, sem á er letrað ártalið 1887. Steinninn mun vera til minnis um að þangað náði það ár lagður akvegur frá Reykjavík, en hann var þá fullra 17 km langur. Árið 1930 voru þjóðvegir landsins orðnir 2100 km að lengd.

Sagt hefur verið að bílaöldin hafi hafist á Íslandi árið 1904, þegar fyrsti bíllinn, Thomsenbíllinn svo nefndi, kom til landsins. Árið 1907 var fyrsta vörubifreiðin flutt til Íslands. Það var Grundarþíllinn, sem notaður var í Eyjafirði. Reynslan af þessum bifreiðum var ekki

¹⁰¹ Jón I. Guðmundsson fv. löggreglupjónn í viðtali við Jón R. Hjálmarsson: *Séð og heyrt á Suðurlandi*. bls. 155-156, sjá greinina "Pegar Ölfusárbrúin brast", bls. 155-165.

¹⁰² Guðlaugur Jónsson: *Bifreiðir á Íslandi 1904-1930 I*, bls. 15.

¹⁰³ Stefán Jónsson: "Minningar frá brúargerðinni á Ytri-Rangá 1912", bls. 11-14.

góð. Þær voru báðar fluttar úr landi og seldar 1912-1913. Þriðji bíllinn var fólksbíll, sem skoskir útgerðarmenn í Hafnarfirði notuðu sumurin 1913 og 1914.¹⁰⁴

Það var loks við komu fjórða bílsins, Vesturheimsbílsins, sumarið 1913, sem menn sannfærðust um, að jafnvel á Íslandi væri unnt að nota bifreiðir, bæði til gagns og gamans. Frumkvöðullinn að þessum innflutningi var sr. Jakob Ó. Lárusson, sem starfaði um skeið vestanhafs. Sagt er, að hann hafi lagt aleigu sína, launin sem hann hafði unnið fyrir í Vesturheimi, fram til kaupanna.¹⁰⁵ Þess ber að geta að sr. Jakob var þá ungur að árum og sennilega ekki fjáður. Páll Bjarnason, Vestur-Íslendingur, sem var umboðsmaður Fordbíla í heimabæ sínum, fjármagnaði þó bifreiðakaupin að mestu.

Skömmu eftir komu bifreiðarinnar til landsins var akstursgjaldskrá birt. Hún gefur óbeint til kynna hvert talið var ökuþært. Ekið var í þrjár áttir út frá Reykjavík; til Hafnarfjarðar, Þingvalla og austur að Ægissíðu við Rangá. Glöggt kemur fram, að Þingvallaferðirnar voru eingöngu skemmtiferðir.¹⁰⁶ Nú voru Íslendingar farnir að ferðast ótilneyddir.

Svo virðist sem fyrsta ferðin, sem farin var austur fyrir fjall, hafi haft margþættan tilgang. Menn vildu vita, hvernig bifreiðin reyndist, en Kambarnir höfðu verið Thomsenbifreiðinni erfiðir. Megintilgangurinn var þó sennilega að auðvelda sr. Jakobi að komast í brauð sitt, en degi áður en ferðin var farin hafði hann hlutið vígslu til Holts undir Eyjafjöllum. Nú kom nýja Rangárbrúin í góðar þarfir, því ekið var yfir hana sem leið lá austur Rangárvelli án nokkurra hindrana, alveg að Eystri-Rangá. Af heimildum er erfitt að sjá, hvort það var í þessari ferð, sem einnig var ekið upp Landsveit, að prestsetrinu á Fellsmúla. Í þeirri ferð treystu menn ekki bílnum betur í Kömbunum en svo að bílstjórinn ók einn niður en hinir gengu. Vist er, að ekið var að Fellsmúla og Eystri-Rangá í einni og sömu ferðinni. Það hefur því verið allengsti leiðangur, sem farinn hafði verið á bíl, til þessa.¹⁰⁷

Breytt þjóðfélag

Á fyrstu áratugum 20. aldar fjölgaði Reykvikum ört eins og fólksfjöldatölur sýna.

Tafla 3.

Íbúar í Reykjavík 1901-1930

ár	fjöldi
1901	6.667
1910	11.600
1920	17.679
1930	28.304

Heimild: *Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, tafla 2.4 bls. 77

104 Kristinn Snæland: *Bílar á Íslandi*, bls. 11-12.

105 Anna Vigfúsdóttir frá Brúnum: "Sr. Jakob Ó Lárusson. Minning", bls. 58.

106 Sveinn Oddsson: "Bifreiðarferðir", *Vísir*, 8. júlí 1913 [bls. 4], 665. tbl.

107 Guðlaugur Jónsson: *Bifreiðir á Íslandi 1904-1930 I*, bls. 74, 66-67.

Af þessum tölum má ætla að borgarastéttin hafi farið ört vaxandi. Jafnframt því breyttist þjóðfélagið og tómstundir manna jukust. Um það bera meðal annars aukin ferðalög vitni.

Bílannflutningur hefur löngum verið talinn mark um kaupgetu þjóðarinnar. Á árunum 1913-1918 eða fimm fyrstu ár raunverulegrar bílaaldar voru fluttir til landsins 57 bílar, en þess ber að geta að enginn innflutningur var árið 1917 vegna styrjaldarinnar. Í árslok 1920 voru bifreiðir á Íslandi orðnar 184 að tölum.¹⁰⁸

Eftir að Eystri-Rangá hafði verið brúuð voru fáar hindranir á leiðinni austur í Fljótshlíð. Á fyrsta áratug tuttugstu aldar hafði allþokkalegur kerruvegur verið lagður inn Fljótshlíðina.¹⁰⁹ Einar Benediktsson, sem var sýslumaður í Rangárvallasýslu á árunum 1904-1907, beitti sér mjög fyrir samgöngubótum í héraði. Ofan túns í Hlíðarendakoti sér enn móta fyrir "sýslumannsveginum" sem kenndur er við Einar, og svo er sjálfsagt vísar.¹¹⁰

Umsvif Einars Benediktssonar voru mikil á árunum fyrir fyrri heimsstyrjöld, einkum í tengslum við fyrirhugaðar virkjanir stóru vatnsfallanna á Suðurlandi. Í afsals- og þinglýsingabókum Rangárvallasýslu frá þessu tímabili kemur nafn Einars mjög oft fyrir.¹¹¹ Einar hafði að sjálfsögðu kynnst bifreiðum erlendis og notfærði sér þær oft á ferðum sínum um sýsluna. Haustið 1916 kom hann með fríðu föruneyti til eftirmanns síns í sýslumannsembættinu, Björgvins Vigfússonar, sem bjó á Efra-Hvoli. Það er í minnum haft, að með Einari voru bæði bílstjóri og þjónn, sem hlýddi hverri minnstu bendingu Einars, bar töskurnar, klæddi hann úr skóhlífunum og stjanaði við hann á ýmsa lund.¹¹²

Það þótti blaðamatur, þegar bíl var í fyrsta skiptið ekið alla leið að Hlíðarendakoti, sem er í liðlega 120 km fjarlægð frá Reykjavík. Þetta var í júlí árið 1918. Venjulega var ekki talið bílfært lengra en að Hlíðarenda, en þetta sumar rann Þverá nokkuð frá hlíðinni. Ekið var eftir sléttum áreyrum inn að Hlíðarendakoti, en til vonar og vara voru hestar hafðir með í förl. Næsta sumar var leiðin ófær bílum, þar sem Þverá rann þá upp að Hlíðarendabrekkum.¹¹³

EKKI hafa fundist heimildir um hvenær fyrsta bifreiðin kom að Múlakoti, en vitað er að fyrsta vélhjólið kom þangað sumarið 1928; heimildir um það eru í gestabók og myndaalbúmi Múlakotsfjölskyldunnar.¹¹⁴ Það er vonum seinna, því vitað er að fyrsta vélhjólið kom til landsins sumarið 1905. Það sumar var vélhjólið í samkeppni við Thomsenbílinn, og lögð áhersla á hraða þess og rekstraröryggi.¹¹⁵

¹⁰⁸ Kristinn Snæland: *Bílar á Íslandi*, bls. 171.

¹⁰⁹ Guðjón Jónsson vélstjóri í viðtali við Jón R. Hjálmarsson: *Leiftur frá landi og sögu*, bls. 30, sjá greinina "Pegar bílarnir komu í Rangárþing", bls. 29-47.

¹¹⁰ Árni Jónsson bóndi í Hlíðarendakoti, 20. 10. 2001.

¹¹¹ Þí. Skjalas. Sýslumannsins í Rangárvallasýslu: Rang 1990 - DB/3, Afsals- og veðmálabók fyrir Rangárvallasýslu 1910-1917, fjölmargar færslur.

¹¹² Páll Björgvinsson á Efra-Hvoli í viðtali við Guðmund Danielsson: *Í húsi náungans*, bls. 189, sjá greinina "Í frausnargarði", bls. 171-192.

¹¹³ Guðlaugur Jónsson: *Bifreiðir á Íslandi 1904-1930 II*, bls. 136.

¹¹⁴ Héraðsskjalasafnið Skógum. Gestabók Múlakots 1926-1929.

¹¹⁵ Kristinn Snæland: *Bílar á Íslandi*, bls. 11.

En menn áttu leið um Fljótshlíðina löngu fyrir upphaf býlaaldar, eins og áður hefur komið fram.

Gestir og gangandi

Náttúrufegurð í Fljótshlíð hefur lengi verið rómuð. Þó eru þeir furðu margir, sem nú eru búinir að slíta barnsskónum, sem aldrei hafa hana augum litið og telja Fljótshlíðina afskekkta sveit, þar sem hringvegurinn liggar ekki um hana. Þetta eru mikil umskipti frá því sem áður var.

Íslensk straumvötn hafa löngum verið erfið yfirferðar og oft orðið mönnum að bana, sumar sem vetur. Þá reið á að kunna að velja rétt vað. Við stærstu ár, þar sem ekki voru ferjur, þurftu ferðamenn oft að leita á náðir heimamanna og fá leiðsögn yfir vötnin. Góðir vatnamenn voru gulls ígildi, en þeim var sjaldnast launað sem skyldi erfiðið. Markarfljót riðu ókunnugir ekki yfir ótilneyddir án leiðsagnar. Auðveldast var talið að fara það innarlega, en með því móti var unnt að komast hjá þverám þess, Þverá, Affalli og Álum, sem oft voru vatnsmiklar og ótryggar í botninn. Íðulega var leitað eftir leiðsögn Múlakotsbænda yfir fljótið, eða manna af næstu bæjum. Þegar skemmtiferðum manna fjölgaði, varð Þórmörk mjög vinsæll áningarástaður. Þá lá leiðin inn Fljótshlíð og síðan yfir Markarfljót, mun innar en þegar leiðin lá undir Eyjafjöll. Þá var einkum leitað leiðsagnar manna í innhlíðinni.

Menn sóttust einnig eftir að dvelja um kyrrt í Fljótshlíðinni. Á fyrstu áratugum 20. aldar var oftast falast eftir gistingu í Hlíðarendakoti, á Múlakotsbæjunum báðum eða í Árkvörn. Svo mikill var gestagangurinn, að börnin á þessum bæjum sváfu sumarlangt nær stöðugt í hlöðunni.¹¹⁶

Brautryðjandinn mikli í íslenskri málaralist, Ásgrímur Jónsson, dvaldist iðulega í vesturbænum í Múlakoti og varð náinn vinur hjónanna þar eins og skilja má af meðmælum Ásgríms með styrkumsókn Guðbjargar, sem vikið hefur verið að.

Ég kom fyrst í Fljótshlíðina vorið 1913 og bjó næstu tvö sumur í Múlakoti. Ég kunni fjarska vel við mig í þessu fagra og stórbrotna umhverfi, enda voru austurfjöllin, Eyjafjallajökull, Þríhyringur og Tindfjallajökull gamlir bernskuvinir mínír ... Pessi sumur málaði ég með olíulitum, m.a. morgunmyndir frá Eyjafjallajökli og allmargar myndir frá Bleiksárgljúfri, en sá staður fannst mér sérstaklega myndrænn og jafnframt unaðslegur.¹¹⁷

Svo fór að lokum að ferðalöngum fannst fátt eftirsóknarverðara en að koma við í Múlakoti, þigga þar beina, skoða hinn sérstæða garð húsmóðurinnar og helst dvelja þar um lengri eða skemmri tíma. Og þar sem var hjartarúm þar var húsrúm.

¹¹⁶ Árni Jónsson Hlíðarendakoti eftir móður sinni, 20.10. 2001.

¹¹⁷ Ásgrímur Jónsson: Ásgrímur Jónsson, bls. 70. Tómas Guðmundsson færði í letur.

Fararbeini

Ferðafélag Íslands var stofnað árið 1927. Markmið þess hefur löngrum verið að fræða landsmenn um náttúru landsins og auðvelda þeim að kynna sér hana. Félagið hafði auglýst eftir upplýsingum um gististaði í öllum blöðum landsins og birti síðan upplýsingarnar í *Árbókinni* 1929. "Hér á landi er viða greiðasala, sem fæstir vita um að til sé. Verður ókynni slíkt oft þess valdandi, að menn ferðast frekar á þeim leiðum, er þeir vita að eitthvert athvarf er að fá."¹¹⁸ Þótt skráin sé ekki tæmandi, gefur hún ákveðnar vísbindingar um hvert einkum var ferðast. Á Vesturlandi voru tilgreindir 3 staðir, Borgarnes, Miklaholt og Stykkishólmur. Eins var unnt að fá gistingu og beina í Fornahvammi, á Blönduósi og á Akureyri. Suðurland skar sig mjög úr, því tilgreindir voru 10 staðir, þar sem tekið var á móti gestum, þar af þrí í Fljótshlíðinni, Hlíðarendakot, Múlakot (hjá Túbal) og Árkvörn. Á flestum stöðum var unnt að fá hest og jafnvel fylgdarmann. Verðlag á gistingu virðist nokkuð samræmt, rúmið kostaði víðast hvar tvær kr.¹¹⁹ Ætlunin var að ítarlegri skrá birtist fljótlega í *Árbók Ferðafélagsins*, en ekki er að sjá að af því hafi orðið.

Lagarammi

Þótt aðeins séu nefndir liðlega 16 staðir (að Reykjavík meðtalinni) í upptalningu Ferðafélagsins, þar sem unnt var að fá gistingu, er ljóst að það var víðar, a.m.k. þótti hinu opinbera tímabært að setja lög um þennan atvinnurekstur. Fyrstu lög um veitingasölu, gistihúsahald o.fl. gengu í gildi 1. júlí 1926. Í lögunum er tekið fram að enginn megi gera sér gistihúsahald eða veitingasölu að atvinnu, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra eða hreppstjóra. Nánar er kveðið á um hverjum megi veita leyfið og hverjum ekki, svo sem skipstjórum, hafsgumönnum, embættis- eða sýslunarmönnum, nema ráðherraleyfi kæmi til. Leyfisveiting var bundin við nafn og gilti aðeins í ákveðnum hreppi. Greiða átti kr. 200.- fyrir leyfi til gistihússhalds en kr. 150.- ef aðeins var um veitingarekstur að ræða. Sektir voru við að reka veitingahús eða veitingahald án leyfis, en þeir sem höfðu á hendi veitingasölu eða gistihúsahald 1. janúar 1926 máttu halda rekstri áfram.¹²⁰

Hótel Múlakot

Tæplega fer á milli mála að húsráðendur í Múlakoti töldu sig í hópi þeirra, sem þegar höfðu gistihúsahald á hendi. Varla hefur aðeins verið fjallað um formlegt leyfi til þeirrar starfsemi, þegar lögin voru sett. Sjálfsagt hefur líka verið rætt um aukið eftirlit með gististöðum og bókhald og hvers kyns skyrsluhald.

¹¹⁸ Ferðafélag Íslands: *Árbók* 1929, bls. 25.

¹¹⁹ Sama heimild, bls. 26-29.

¹²⁰ "Lög um veitingasölu, gistihúsahald o.fl.", *Stjórnartíðindi* 1926, bls. 28-32.

Það getur naumast verið tilviljun, að byrjað var að rita í elstu gestabók, sem varðveist hefur í Múlakoti, hálfum mánuði eftir að lögin tóku gildi. Í ágústmánuði einum árið 1926 eru 318 nöfn skráð í bókina. Sumarið 1927 eru skráð 1178 nöfn alls, þó fyrst og fremst sumarmánuðina þjá, júní, júlí og ágúst.¹²¹

Pessi mikli gestafjöldi verður enn merkilegri, þegar haft er í huga, að húsið, bárujárnsklætt timburhús, sem byggt hafði verið 1898, var aðeins 55 fermetrar og í heimili voru 8-10 manns. Því hefur oft verið þróngt setinn bekkurinn á bænum þeim.

Haustið 1927 var tekin ákvörðun um að stíga skrefið til fulls og byggja við gamla húsið sérstaka byggingu fyrir veitingareksturinn. Í nýja húsinu var rúmgóður veitingasalur, sæmilega stórt eldhús, býtibúr og tvö gistiherbergi í risi. Grunnflötur hússins var um 60 fermetrar.

Taka varð lán fyrir svona miklum framkvæmdum. Í janúar 1928 fékk Túbal að láni kr. 5.200.- í Landsbanka Íslands. Tæplega helmingur þessarar upphæðar virðist hafa verið notaður til að greiða niður jarðakaupalánið frá 1916.¹²² Þá var eftir allvæn upphæð, um kr. 3.000.-, sem gæti hafa runnið til hótelbyggingarinnar.

Ólafur Túbals var liðlega þritugur þegar veitingahúsið var byggt. Varðveist hefur samantekt hans yfir greiðslur vegna húsbyggingarinnar og af þeim lista að dæma virðist hann hafa borið hitann og þungann af kostnaðinum. Samkvæmt listanum virðist húsbyggingin hafa kostað kr. 7.451,48. Af þessari upphæð er sem Túbal hafi greitt 10%.¹²³

Ógerlegt er að kveða upp úr með hvort þessi listi sé tæmandi. Ef reiknað er með að svo sé ekki og lánsfjárhæðin, sem Túbal fékk, að jarðakaupalánið greiddu, hafi runnið óskert til byggingarinnar, gæti kostnaður hafa verið nálægt kr. 10.500.-

Lög um byggingar- og landnámssjóð voru samþykkt 1928. Sjóðurinn lánaði mikið fé til bygginga íbúðarhúsa í sveitum. Svo virðist sem vandað, steinsteypt íbúðarhús, svipað að stærð og Múlakotshúsið, sem var bárujárnsklætt timburhús, hafi kostað á árunum 1928-1930 á bilinu kr. 9-11.000.-¹²⁴ Byggingarkostnaður veitingahússins gæti því hafa numið hvorri tölunni sem er, þótt hærri talan sé sennilegri.

Með veitinga- og gistiþúsinnu nýja var öll aðstaða til að veita gestum beina gjörbreytt, fróðlegt væri að sjá, hvort það hafi ekki haft örfandi áhrif á gestakomur.

Gestabækur

Varðveist hafa gestabækur frá hótelrekstri í Múlakoti. Fyrstu þjárlæknar spanna tímabilið júlí 1926-1929; 1930-1931 og 1932-1941. Árið 1942 hefst skráning gesta ekki fyrir en í júlí en virðist samfelld út árið. Næst er skrifad í þessa bók í júlí 1951 og nær hún fram á mitt sumar 1958. Engar heimildir hafa varðveist um gesti í Múlakoti á árabilinu 1943-1950 að báðum árum

¹²¹ Héraðsskjalasafnið Skógrum. Gestabók Múlakots 1926-1929.

¹²² ÞÍ. Skjelas. Sýslumannsins í Rangárvallasýslu: Rang 1990 DD 2/1 17.

¹²³ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Byggingakostnaður. Útborgunardagar.

¹²⁴ Skýrslur um nokkrar framkvæmdir ríkisins 1927-1930, bls. 211-212.

meðtöldum. Líklega hafa gestir þó skráð nöfn sín, en bókin glatast. Sama er að segja um tímabilið 1958-1961. Frá árinu 1962-1982 eru varðveittar gestabækur, en auðfundið er á síðustu skráningum, að þær eru persónulegar vinarkveðjur, en ekki skráning hótelgesta.¹²⁵

Þar sem gestabækur eru ekki eins færðar öll árin, er því miður ekki unnt að gera heildarúttekt á þeim og nota sem marktækar upplýsingar um gesti. Svo virðist, sem mestrar nákvæmni hafi gætt í útfyllingu bókanna fyrstu árin og þá hafi skráð nöfn sín flestir þeir sem að garði bar. Sum árin er sem bækurnar hafi aðeins verið notaðar fyrir næturgesti.

Til fróðleiks verður sýndur hér gestafjöldi fyrstu sex sumurin, sem skráning fór fram, samkvæmt varðveittum gestabókum. Gistinætur eru ekki skráðar.

Tafla 4

Gestir í Múlakoti skv. gestabókum árin 1926-1931

ár	alls	Rvk	sveit	útlönd	óviss	aðrir
1926	485	265	54	18	20	128
1927	1178	588	67	29	29	465
1928	1843	1021	50	43	164	562
1929	1233	464	25	31	169	544
1930	1215	749	21	112	43	299
1931	873	437	32	34	40	330

Heimild: Héraðsskjalasafnið Skógum. Gestabækur Múlakots 1926-1929; 1930-1931.

Eins og sést á töflunni var reynt að greina gesti í flokka eftir heimilisfangi. Í dálkinn sveit voru aðeins skráðir þeir, sem voru frá bæjum í Fljótshlíðinni, í dálkinn óviss þeir, sem ekki skrifuðu heimilisfang, og þar eru jafnvel þjóðþekktir menn, sem vitað er hvar áttu heima, einnig menn með erlend nöfn, sem ekki skráðu heimilisfang. Í dálknum aðrir eru þeir, sem búsettir eru á Íslandi, en hvorki í Reykjavík né Fljótshlíð. Fljótshlíðungar voru flokkaðir sérstaklega til að reyna að gera sér grein fyrir hversu marktækar gestabækurnar voru. Fjöldi nágranna virðist það líttill, að ljóst þykir að í gestabækurnar skrifuðu raunverulegir hótelgestir, sem keyptu þjónustu á staðnum.

Eins og áður hefur komið fram, hefst fyrsta gestabókin um miðjan júlí 1926. Skráður gestafjöldi er mestur sumarið 1928 en það sumar var veitingahúsið í byggingu. Gestum virðist fara fækkandi næstu ár, en sennilegasta skýringin er þó að gestabók hafi minna verið höfð á lofti en áður því að varla hefur bætt aðstaða til veitingareksturs dregið úr gestakomum.

Hér hefur verið lögð áhersla á að skráning gesta í gestabækur er að öllum líkendum tölувart ónákvæm og hér er því um lágmarksgestafjölda að ræða. Þó er freistandi að leika sér aðeins með tölur. Þau 5 heilu ár, sem gestabækur ná yfir, er gestafjöldi á ári að meðaltali um 1270 manns. Þetta er álitlegur fjöldi, einkum þegar haft er í huga, að reksturinn var starfræktur einkum sumarmánuðina þrjá. 400 skráðir gestir á mánuði lætur nærrí.

¹²⁵ Héraðsskjalasafnið Skógum. Gestabækur Múlakots 1926-1974; Einkasafn Sigr. Hj. 1957-1982, nokkur ár vantar í.

Ekki er unnt að skilja svo við gestabækur þessara ára, að ekki sé fjallað sérstaklega um gestabók ársins 1930. Þetta er eina löggulta gestabókin, sem varðveist hefur, gegnumdregin og innsigluð, eins og segir á fyrstu síðu. Sérstök lína er fyrir undirskrift löggreglustjóra, en undirskriftina vantar. Fremst í bókinni kemur fram að allir, sem hafa atvinnu af að hýsa gesti, skulu hafa löggulta gestabók, þar sem sérhver næturgestur skuli rita eigin hendi nafn, heimili, stöðu og síðasta dvalarstað. Sérstakur dálkur er einnig fyrir brottfarardag. Skráningin er fyrirskipuð af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og vísað til laga frá 1920.¹²⁶

Freistandi er að álykta að sú mikla umræða, sem farið hafði fram um þúsund ára afmæli Alþingis, sem haldið var hátíðlegt þetta sumar, og mikilvægi þess að sýna útlendingum að Íslendingar kynnu að taka faglega á móti þeim mikla fjölda erlendra gesta, sem hingað myndi koma, hafi ýtt undir að gestabókin var lögleg þetta sumarið.

Af tölum þeim, sem birtar eru í töflu 4 hér að framan, sést að fjöldi erlendra ferðamanna var óvenjumikill árið 1930, en alls eru skráðir 112 útlendingar. Þetta eru ferðalangar frá 11 mismunandi þjóðlöndum.

Tafla 5
Erlendir ferðamenn í Múlakoti sumarið 1930.

Kanada	31	England	3
Danmörk	21	Holland	3
Noregur	13	Frakkland	2
Þýskaland	13	Ítalía	1
Bandaríkin	10	Færeyjar	1
Svíþjóð	6	óvist	8

Heimild: Héraðsskjalasafnið Skógum. Gestabók Múlakots 1930-1931.

Ekki koma á óvart þeir mörgu, sem leggja leið sína austur um haf. Þetta eru sjálf sagt Vestur-Íslendingar að vitja ættjarðarinnar. Danir og Norðmenn eru einnig fjölmennir, en engin nýlunda var að ferðum þeirra hérlandis. Þjóðverjar eru áberandi fleiri en árin á undan en Englendingar hafa hafa ekki látið hátíðahöldin raska ró sinni.

Ef enn eru skoðaðar tölur í töflu 4 virðist svo sem nokkur afturkippur hafi komið í ferðalög um Suðurland sumarið 1931. Enn má leggja áherslu á ónákvæmni í skráningu og strangt til tekið áttu aðeins næturgestir að skrifa í gestabókina frá því árið 1930, sem var enn í notkun. En líka gæti verið um aðra skýringu að ræða.

¹²⁶ Héraðsskjalasafnið Skógum. Gestabók Múlakots 1930-1931.

Samkeppni

Í lögum frá 1926 um veitinga- og gistihúsahald stendur, að ráðherra geti fellt niður leyfisgjald ef sérstaklega standi á, svo sem að almenningsnauðsyn þyki á gististað eða veitingahaldi.¹²⁷ Allnokkuð var um umsóknir á undanþágu frá greiðslu gjaldsins og oftast borið við bágum fjárhag umsækjanda.

Í júní 1931 barst Atvinnu- og samgönguráðuneyti beiðni Óla Ísfeld um undanþágu vegna leyfisgjalds fyrir gistihúsarekstri í þinghúsi Fljótshlíðarhrepps við Kvoslækjará. Rökin fyrir undanþágunni taldi hann þau, að leigutíminn á þinghúsinu væri aðeins frá því í maí fram í september og að ferðamenn yllu bændum í Fljótshlíðinni átroðningi.

Björgvin Vigfússon sýslumaður sendi umsögn og taldi rétt að veita Óla leyfið:

Það er rjett að mikil nauðsyn er að myndarlegu gistihúsi á þessum stað bæði til þess að losa bæina við mikinn átroðning af gestum um há-bjargræðistímann, og jafnframt til þess að hafa frambærilegt gistihús í þessu fjölfarna bygðarlagi [sic] fyrir innlenda og útlenda gesti.¹²⁸

Ráðuneytið samþykkti undanþáguna þetta ár.

Umsögn sýslumanns vekur óneitanlega furðu. Nýbúið var að taka í notkun myndarlegt veitinga- og gistihús í Múlakoti. Taldi sýslumaður það ekki frambærilegt, eða var fjöldi ferðamanna svo miklu meiri en gestabækur undanfarinna ára gáfu í skyn? Greinilegt er, að Óli Ísfeld taldi að deila mætti kökunni. Óli þessi var utansveitarmaður. Hann tók þinghúsið á leigu líklega aðeins þetta eina sumar, en var síðar með veitingarekstur annars staðar.¹²⁹

Fækkun gesta í Múlakoti samkvæmt gestabókum sumarið 1931 gæti hafa stafað af samkeppnni.

Gestalistinn

Í gestabókunum kemur greinilega fram að Íslendingar voru farnir að ferðast um eigið land sér til skemmtunar. Þegar athugaðar eru gestabækur fyrir sumurin 1926-1931 kennir margra grasa. Ekki skrifa allir starfsheiti við nafn sitt en það starfsheiti, sem oftast er skráð, er bílstjóri. Það er án efa vísbinding um að bílaeign þjóðarinnar var ekki orðin almenn, menn tóku á leigu bíl og atvinnubílstjóra ef þeir ætluðu í ferðalög. Múlakot var líka komið í þokkalegt vegasamband við þéttbýlið á suðvesturhorninu, þótt Þverá hamlaði stundum akstri síðasta spölinn. Auðvelt var að halda í dagsferð þangað frá Reykjavík, en lengra var ekki unnt að aka í austurátt fyrr en Markarfljót var brúað. Til vesturs var ekki unnt að fara á bíl lengra en upp í Kjós, þar sem

¹²⁷ "Lög um veitingasölu, gistihúsahald o.fl.", *Stjórnartíðindi* 1926, bls. 31.

¹²⁸ Þí. Skjalas. Stjórarráðs Ísl.: Str. I, II Db. 13 nr. 715-717.

¹²⁹ Oddgeir Guðjónsson í Tungu 1.3. 2002.

vegur fyrir Hvalfjörð var fyrst lagður á fjórða áratugnum. Dagsferðir til Þingvalla og að Geysi voru enn sem fyrr vinsælar.

Það voru bæði háir og lágar sem komu í Múlakot. Kirkjunnar menn, stjórmálamenn, erlendir sendiherrar og ræðismenn, læknar og verkfræðingar, listamenn, kaupmenn og heildsalar, skólafolk, félagasamtök og starfsmannafélög, bændur og búalið, sjómenn og verkamenn, börn og gamalmenni, eiginmenn og nafnlausar eiginkonur. Of langt mál er að tíunda sérhvern þjóðþekktan Íslending, sem kom í Múlakot á þessum árum, en þó er freistandi að nefna fáeina.

Sumarið 1926 vildi Jón Helgason biskup gera vel við norskan starfsbróður sinn og bauð honum í ferð til Múlakots. Sama sumar var danski sendiherran Le Sage de Fontenay á ferðinni og Othar Ellingsen, sem var um árabil norskur aðalræðismaður í Reykjavík, kom oft í Múlakot, bæði með fjölskylduna og erlenda gesti. Ásgeir Ásgeirsson og frú Dóra komu vorið 1928. Áratugum síðar, árið 1953, þegar Ásgeir var orðinn forseti, komu þau í opinbera heimsókn í Rangárvallasýslu og gisti í Múlakoti. Þeim virðist hafa líkað svo vel andblær staðarins að þemur árum síðar komu þau til dvalar með barnabörnin.

Bröðir Ásgeirs, Ragnar Ásgeirsson garðyrkjuráðunautur, kom á hverju sumri um langt árabil. Fyrst skrifaði hann nafn sitt í gestabók sumarið 1926. Ragnar kom iðulega með erlenda gesti í Múlakot; menn sem hann vildi sýna það fremsta í íslenskri garðrækt. Skömmu eftr hátíðahöldin á Þingvöllum 1930 var forsætisráðherrann sjálfur, Tryggvi Pórhallsson, ásamt gestum í Múlakoti. Stórsöngvarar íslensku þjóðarinnar, sem gerðu garðinn frægan í útlöndum, komu í Múlakot; Pétur Á. Jónsson sumarið 1927 og Eggert Stefánsson 1930. Fjöldi listmálara dvaldi í Múlakoti um lengri eða skemmri tíma en þeim verða gerð nánari skil síðar. Mjög gestkvæmt var sumarið 1928. Í júní komu ungmannafélög tvisvar í heimsókn, í hvort skiptið 30 manna hópur. Bændur létu ekki sitt estir liggja því 1. júlí kom 60 manna hópur af Skeiðunum, bændur og búalið. Premur vikum seinna voru 54 Árnesingar á ferð. Þá eru ótaldir hópar frá Stokkseyri og Eyrarbakka, sem komu í júlímánuði. Í sama mánuði voru 22 skátastúlkur úr Reykjavík á ferðinni. Það er því ekki að undra að í júlímánuði árið 1928 voru skráðir gestir í Múlakoti 712 að tölu. Í júlímánuði ári síðar gerðu stúdentar sér glaðan dag þar, þeir voru 21 talsins, með Gunnar Thoroddsen og Jón Á. Gissurarson í broddi fylkingar.¹³⁰

Næstu ár á eftir var gestkvæmt sem áður í Múlakoti. Hér verður aðeins nefnt að sumarið 1932 fögnuðu KR-ingar nýfengnum Íslandsmeistararatíli í fótbalta í Múlakoti. Þetta var löngu áður en hugtakið fótboltabulla var fundið upp og ekki að sjá annað en allt hafi farið vel fram. Furðu vekur að í júní 1936 komu í Múlakot 38 nemendur frá Ísafirði ásamt kennara sínum. Ekki kemur fram aldur nemendanna, en hvort sem þetta hafa verið nemendur að ljúka barnaskóla eða gagnfræðaskóla, er ótrúlega mikið við haft. Ísafjörður var ekki í vegasambandi við Suðurland á þessum árum, svo ungmannin hafa orðið að fara með skipi. Þetta hefur því verið langt og mikið ferðalag í miðri kreppunni.

¹³⁰ Héraðsskjalasafnið Skógum. Gestabækur Múlakots 1926-1929; 1930-1931; 1932-1941.

Hverjur ferðast

Gestabækur eru erfiðar heimildir, þar sem ógerlegt er að vita hversu nákvæmar þær eru. Það er algjör undantekning ef af þeim má ráða hversu lengi gestir dvöldust í Múlakoti.

Í júní 1930 skrifaði danskur maður, Niels R. Nørgaard, nafn sitt í gestabók. Beinast liggur við að álykta að hann hafi verið á hraðferð, eins og flestir gestir hljóta að hafa verið. Varðveisit hefur heimild um hið gagnstæða, þar sem Nørgaard skrifaði frásögn af Íslandsferðinni. Þar segir: "I en hel Maaned sad jeg paa den islandske Bondegaard "Mulakot". For gode Ord og Betaling sad jeg ved Bondens Bord. Aad hans vindtørrede Faarekød, drak hansnymalkede Komælk og red hans lodne islandske Heste."¹³¹ Af lýsingu Nørgaards á Múlakotsdvölinni skín hrifning og þakklæti.

Á fjórða áratuginum var fjárhagur þjóðarinnar vægast sagt bágborinn, sem hlýtur að hafa dregið úr ferðalögum Íslendinga a.m.k. þeirra efnaminni og erlendis fór stríðsótti vaxandi eftir því sem árin liðu.

Sumarið 1939 var sá ótti þó ekki meiri en svo hjá dönskum menntaskólanemum, að 18 manna hópur kom í námsferð til Íslands með viðvöl í Múlakoti, en alls skráðu 42 útlendingar nöfn sín í gestabók Múlakots það sumar. Árið eftir hafði heldur betur skipt um. Þá voru aðeins 10 erlendir menn á ferð. Átta þeirra voru að öllum líkindum Englendingar, sjálfsagt hermenn. Tveir Danir skrifuðu líka nafn sitt og danskt heimilisfang, en það voru sennilega danskir starfsmenn Mjólkurbús Flóamanna, sem orðið höfðu innlyksa á Íslandi vegna stríðsins. Sumarið 1941 eru enn færri erlend nöfn í gestabók, tveir Danir, Englendingur og Kanadamaður eiga þar nöfn sín. Árið 1942 er aðeins eitt erlent nafn skráð, nafn Norðmanns. Það ár er ekki byrjað að skrifa í gestabók fyrr en 20. júlí. Af þessu má e.t.v. draga þá ályktun, að erlenda setuliðið hafi ekki lagt leið sína í Múlakot. Önnur skýring gæti verið, að erlendir hermenn hafi ekki verið litnir sömu augum og aðrir gestir og því hafi gestabók ekki verið haldið að þeim.¹³²

Í gestabókum Múlakots eru alls skráð 1120 erlend nöfn. Til gamans voru þau flokkuð eftir þjóðernum. Þá komu fram 24 þjóðerni, en 72 nöfn var ekki unnt að flokka. Dreifingu má að nokkru sjá í töflu. Þar er birtur gestafjöldi frá sjö löndum, sem skáru sig verulega úr. Frá allmögum löndum kom aðeins einn gestur.

¹³¹ Niels R. Nørgaard: "Rejseindtryk fra Island", bls. 65.

¹³² Héraðsskjalasafnið Skógr. Gestabók Múlakots 1932-1941.

Tafla 6

Útlendingar í Múlakoti, flokkaðir eftir þjóðerni.

Danir	277
Norðmenn	140
Englendingar	118
Þjóðverjar	116
Bandaríkjamenn	96
Kanadabúar	91
Svíar	89
Óvist	72
Aðrir	121

Heimild: Héraðsskjalasafnið Skógum. Gestabækur Múlakots 1926-1974; Einkasafn Sigr. Hj. 1957-1982. Ath. vantar í árin 1943-50 og 1959-62.

Pess ber að geta, að fyrir stríð voru bæði Kanada- og Bandaríkjumenn mjög sjaldséðir, ef frá er skilið alþingisháttíðarárið. Peir gestir, sem komu lengst að, voru frá Ástralíu, Nýja-Sjálundi og Japan.¹³³

Bjartsýni og byggingaframkvæmdir

Því miður hafa gestabækur frá árunum 1943-1950 glatast, svo ógerlegt er að sjá hvort gestakomur í Múlakoti hafi aukist eftir stríð.

Ólafur, sonur Túbals og Guðbjargar, tók við búi og öllum umsvifum í Múlakoti árið 1936. Naut hann þó dyggrar aðstoðar foreldra sinna, meðan þau lifðu. Húsráðendur í Múlakoti hafa greinilega verið fullir bjartsýni í stríðslok og trúðað á vaxandi fjölda gesta. Enn átti að stækka húsakynni og bæta við gistiherbergjum, þannig að rými yrði fyrir a.m.k. 20 næturgesti.

Við gerð fjárlaga fyrir árið 1946, þegar fjárveitingar til samgöngumála voru til umræðu, bar Ingólfur Jónsson á Hellu, þingmaður Rangvellinga, fram ýmsar breytingatillögur. Meðal annars lagði hann til að alþingi styrkti byggingu gistihaus í Múlakoti. Ingólfur sagði:

Þar er aðeins íbúðarhús, sem er opið öllum, sem að garði ber, en þar má ekki lengur við svo búið standa. ... Það þekkja allir, að sumargistihús eiga erfitt með að bera sig fjárhagslega ... Ólafur Túbals hefur aldrei fengið neinn styrk til að taka á móti gestum í Múlakoti. Hann hefur gert það af eigin rammleik með því að hafa heimilið opið fyrir þeirri örtröð, sem þar er á sumrum. ... Ég fer fram á, að styrkurinn verði 30 þús kr. af byggingarkostnaðinum, en það má vænta þess, að hann verði aldrei undir 150 þús. kr. ...¹³⁴

Gísli Jónsson þingmaður Barðstrendinga taldi tillöguna óþarfa og benti á sjóð í vörslu póstmálsstjóra, sem unnt væri að leita til, en Ingólfur taldi þann sjóð hafa nóg á sinni

¹³³ Héraðsskjalasafnið Skógum. Gestabækur Múlakots 1926-1974; Einkasafn Sigr. Hj. 1957-1982. Ath. vantar í árin 1943-50 og 1959-62.

¹³⁴ "Umræða um fjárlagafrumvarp", *Alþingistíðindi* 1945 B, d 372-373.

könnu.¹³⁵ Lyktir málsins urðu þær að alþingi samþykkti kr. 20.000.- sem styrk til gistihússbyggingar í Múlakoti.¹³⁶

Pessa fjárhæð fékk Ólafur afhenta í október 1946, en hótelbyggingin var fjárfrek. Í ágúst sama ár var leitað á náðir sjóðs póst- og símamálastjóra, sem var ætlaður til umbóta á gistihúsahaldi. Pessi sjóður var að stofni til fé, sem kom inn af sérleyfagjöldum frá áætlunarbundnum almenningsbifreiðum. Enn var það Ingólfur á Hellu, sem aðstoðaði Ólaf. Nú var sótt um styrk að upphæð kr. 15.000.-, en húsið, sem var 55 fermetrar að grunnfleti, hæð og ris, var áætlað að myndi kosta nálægt kr. 100.000.- Upphæðin, sem nefnd var við umræður á alþingi, var 50% hærri. Vegamálastjóri og póst- og símamálastjóri voru málínu hliðhollir og mæltu með kr. 10.000.- sem viðbótarstyrk, sem Ólafur fékk, gegn hefðbundinni yfirlýsingum um áframhaldandi gistihússrekstur í Múlakoti. Sú kvöð var feld niður árið 1956.¹³⁷

Stjórnvöld styrktu því hótelbygginguna með kr. 30.000.- alls. Það hlýtur að hafa verið styrkur sem um munaði á þessum árum. Greinilegt er, að hið opinbera hafði ýmis ráð til að styðja við bakið á ferðaþjónustunni.

Opinber afskipti

Stjórnvöld gripu til ýmissa ráða til að reyna að ná tökum á efnahagslífi þjóðarinnar á kreppuárunum milli 1930 og 1940. Í árslok 1937 voru sett lög um verðlag á vörum. Stofnuð var verðlagsnefnd, sem var m.a. heimilt að ákveða útsöluverð og/eða álagningu í heildsölu og smásölu.¹³⁸

Verðlagsnefnd hafði mikil afskipti af verðlagningu matvöru og annarra aðfanga við veitinga- og gistihúsarekstur. Því var skiljanlegt, að hún hefði afskipti af verðlagi veitinga.

Samband veitinga- og gistihúsaeigenda var stofnað haustið 1945. Stofnfélagar voru alls 35. Ólafur Túbals hótelhaldari í Múlakoti gekk í sambandið á fyrsta starfsári þess.¹³⁹

Af fundargerðum stjórnar fyrstu starfsárin sést, að mikill tími hefur farið í umfjöllun um innflutningsleyfi og verðlagsmál.¹⁴⁰ Mikil óánægja var með verðlagningu á veitingum og stjórnvöldum voru iðulega send kvörtunarbréf, svo sem í marslok 1949. Þar var farið fram á verðhækjun vegna mikils kostnaðarauka við aðföng.¹⁴¹ Ekki skal fullyrt að þetta kvörtunarbréf hafi haft mikil áhrif, en varðveisist hefur verðskrá fyrir Múlakot, sem gefin var út af verðlagsstjóra sumarið 1949. Þar skal tvíréttuð kjötmáltíð kosta kr. 14,50 en sumarið 1946

¹³⁵ "Umraða um fjárlagafrumvarp", *Alþingistíðindi* 1945 B, d 415.

¹³⁶ "Fjárlög 1945", *Stjórnartíðindi* 1945, bls. 207.

¹³⁷ ÞÍ. Skjalas. Samgönguráðuneytis: 1995 B/112.

¹³⁸ "Lög um verðlag á vörum", *Stjórnartíðindi* 1937, bls. 169-171.

¹³⁹ Samband veitinga- og gistihúsaeigenda: Aðalfundir Gjörðabók 1945-1956, bls. 20.

¹⁴⁰ Samband veitinga- og gistihúsaeigenda: Fundargerðir stjórnar 16.9. 1946-30.5. 1950, fjöldi tilvísana.

¹⁴¹ ÞÍ. Skjalas. Viðskiptaráðuneytis: 1994 B/96. Bréf frá Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda 31.mars 1949.

kostaði hún kr. 10,-.¹⁴² Veitingamenn höfðu því ekki frjálsar hendur við verðlagningu frekar en aðrir á þessu tímabili.

Ferðaskrifstofa ríkisins

Ríkisafskipti á ýmsum sviðum fóru vaxandi á fjórða áratugi síðustu aldar. Iðulega var ekki talið nægjanlegt að ríkisvaldið byggi til lagaramma, heldur setti það sjálft á stofn fyrirtæki til að framfylgja lögunum. Lög um Ferðaskrifstofu ríkisins voru sett árið 1936 og var starfsrammi hennar allvígur og vald mikið a.m.k. eftir laganna bókstaf. Ferðaskrifstofan átti að

veita fræðslu um landið innanlands og utan með fræðsluritum, útvarpserindum, fyrilestrum, kvíkmyndum, auglýsingum og á annan hátt, með það fyrir augum að vekja athygli ferðamanna á landinu og kynna það á þann hátt, að menn fái sem gleggsta hugmynd um lands- og þjóðarháttu, menningu, atvinnulíf og framleiðslu. Ferðaskrifstofan hefir með höndum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu innlendra og erlendra ferðamanna, og hefir hún ein rétt til að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn.¹⁴³

Umboðsmönnum erlendra ferðaskrifstofa, sem þegar voru starfandi í landinu, var þó heimilt að starfa áfram undir eftirliti Ferðaskrifstofunnar. Ferðaskrifstofan átti að hafa eftirlit með gjaldskrám gistihúsa, veitingahúsa og fólksflutningabifreiða. Ef mönnum þar á bæ virtist einhver hluti gjaldskráanna ósanngjarn, hafði Ferðaskrifstofan heimild til breytinga, að fenginni umfjöllun nefndar. Sama gilti um skiptingu aksturs með ferðamenn milli fólksflutningastöðva, skrifstofan gat skipt sér af því. Svo virðist að með lögum þessum hafi Ferðaskrifstofan í raun fengið leyfi til að annast sjálf gistihúsarekstur, a.m.k. má túlka þannig orðin "jafnframt því sem hún annast og sér um, að ferðamönnum, innlendum sem útlendum, er þess óska, sé veittur hverskonar fararbeini."¹⁴⁴

Ferðamál bar nokkrum sinnum á góma á alþingi með ýmsum hætti. Árið 1951 var lögð fram þingsályktunartillaga Rannveigar Þorsteinsdóttur um ódýra sumargististaði, sem var síðar samþykkt.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Ferðaskrifstofu ríkisins að athuga möguleika til að setja á stofn og starfrækja ódýra sumargististaði, þar sem fólk getur fengið að dveljast í sumarleyfum sínum með litlum tilkostnaði. Sé starfrækslan við það miðuð, að gestirnir spari sér sem mest fjárlát, m.a. með því að leggja sér sjálfir til fæði að meira eða minna leyti, meðan á sumardvölinni stendur.¹⁴⁵

¹⁴² Einkasfn Sigr. Hj. Verðlagsstjóri: Verðskrá. Veitingahús utan Reykjavíkur. II flokkur 20. júní 1946 (sémerkt Múlakot); Verðskrá Múlakot 30. júní 1949.

¹⁴³ *Stjórnartíðindi* 1936, Lög um Ferðaskrifstofu ríkisins bls. 97-98.

¹⁴⁴ Sama heimild.

¹⁴⁵ "Tillaga til þingsályktunar um ódýra sumargististaði", *Alþingistíðindi* 1951 A-1, bls. 488.

Í greinargerðinni vísaði Rannveig til þess að víða um land væru byggingar, sem ekki væru notaðar að sumrinu og í sumum þeirra væri allt sem þyrfti til þess að léttu undir með fjölskyldufólk í sumardvöl, svo sem eldavélar, mataráhöld, dýnur o.þ.h.¹⁴⁶

Harðnandi samkeppni

Ekki er að sjá að þingsályktuninni hafi verið fylgt eftir og byggingar, sem stóðu ónotaðar á sumrin, hafi verið notaðar undir ferðalanga í "sjálfsmennsku". Líklega hefur starfræksla sumarhúsa félagasamtaka, svo sem orlofshús ASÍ í Ölfusborgum, komist næst þeirri hugsun Rannveigar að veita mönnum kost á orlofshúsnæði, gegn lágmarksgreiðslu, en sá megin munur er þó á, að orlofshús eru venjulega reist sérstaklega fyrir slíkan rekstur. Rekstur sumarhúsa félagasamtaka er einnig verulega niðurgreiddur og þannig ekki er hægt að tala um raunhæfa samkeppni við venjulegan gistihúsarekstur. Orlofshús ASÍ í Ölfusborgum voru vígð 17. júní árið 1965, það voru þá 22 hús.¹⁴⁷

Rannveig virðist hafa haft í huga húsnæði, sem þegar var fyrir hendi, svo sem skólahúsnæði. Á sjötta áratugnum varð veruleg fjölgun á sumarhótelum, sem rekin voru í þannig húskynnum, en ekki hefur verið unnt að finna nákvæmar heimildir fyrir þeirri þróun þar sem saga ferðapjónustunnar á Íslandi hefur ekki enn verið skráð. Þessi sumarhótel voru flest í nánu sambandi við og jafnvel rekin af Ferðaskrifstofu ríkisins. Ný, sjálfstæð sumarhótel risu líka á þessu tímabili, nægir þar að nefna Hótel Bifröst í Borgarfirði, sem Samvinnuhreyfingin lét reisa. Það hótel þótti bera höfuð og herðar yfir önnur sumarhótel hvað snerti allan aðbúnað gesta. Nærri má geta hvað hér varð ójafn leikur hjá einstaklingum, sem sjálfir þurftu að bera allan kostnað af húsnæði, bæði uppbyggingu og viðhaldi.

Hallar undan fæti

Það má sjá ákveðið samhengi milli þessarar þróunar og bréfs þess sem Geir G. Zoëga sendi Ferðaskrifstofu ríkisins árið 1956, þar sem hann fór þess á leit að mælt yrði með að kvöðin um hótelrekstur, sem var skilyrði fyrir viðbótarstyrknum árið 1947, yrði felld niður.

Túbals er nú farinn að eldast og býst ekki við, að þau hjónin geti mikið lengur annast gistihúshald, en börn hans myndu heldur ekki vera til þess fær vegna vanheilsu og mun því gistihúsið komast í hendur óviðkomandi. Hefur hann því miklar áhyggjur af máli þessu.¹⁴⁸

Þetta voru orð að sönnu. Dæturnar tvær, sem aðstoðuvið hótelid eftir mætti, áttu við mikla vanheilsu að stríða, en sonurinn sá um búið, sem var í sjálfu sér fullt starf. Hugur hans stóð ekki til hótelreksturs.

¹⁴⁶ Sama heimild.

¹⁴⁷ Halldór Grönvold skrifstofu ASÍ, 17.4. 2002.

¹⁴⁸ Þí. Skjalas. Samgönguráðuneytis: 1995 B/112.

Varðveist hafa sjóðsbækur allmargra ára, þar sem færðar eru tekjur bæði fyrir gistingu og veitingasölu. Þeim tölum sem þar eru skráðar verður að taka með sama fyrirvara og og tölum um gestafjölda, þetta eru lágmarkstölur, en ekki endilega nákvæmar tölur. Athugaður var fjöldi skráðra gistenótt í júlí, sem hefur löngum verið aðalferðamánuðirinn á Íslandi. Eftirfarandi kom í ljós:

Tafla 7
Næturgestir í Múlakoti miðað við gistenótt
júlímóður 1953-1969

ár	gestir/nótt
1953	5,4
1957	4,6
1961	2,6
1965	2,6
1969	1,9

Heimild: Einkasfn Sigr. Hj. Sjóðsbækur Hótels Múlakots.

Vissulega var ekki jöfn dreifing hótelgesta allar nætur, en þegar haft er í huga, að unnt var að taka á móti 20 næturgestum, sést að nýting gisti rýmis fór stöðugt minnkandi. Gisting var síðast sundurliðuð frá öðrum rekstri sumarið 1973, svo virðist sem þá hafi aðeins verið 6 næturgestir í júlí. En þótt Múlakot liði undir lok sem hótel, var veitingasalan starfrækt áfram. Árið 1973 eru 1122 nöfn skráð í gestabók, þar af 613 í júlí.¹⁴⁹ Ógerlegt er að fá upplýsingar um hvenær veitingasala í Múlakoti hætti formlega. Sennilega hefur það verið haustið 1982. Síðasti hópurinn, sem skráði nafn sitt í gestabók Múlakots, var Húsmæðrafélag Reykjavíkur, það var 6. ágúst 1982,¹⁵⁰ en að sjálfsögðu er ekki unnt að fullyrða að þær hafi keypt þjónustu.

Auðvitað var það ekki aðeins ójöfn samkeppni við önnur sumarhótel, sem varð þess valdandi, að vinsældir hótelsins í Múlakoti minnkuðu. Það má segja að Markarfljót, sem á vissan hátt varð þess valdandi að greiðasala hófst í Múlakoti, hafi líka átt sinn þátt í því að hún leið undir lok. Þegar Markarfljót var brúað færðist þjóðleiðin niður á aurana neðan við hlíðina. Fljótshlíðin var ekki lengur í þjóðbraut. Ferðavenjur almennings breyttust líka eftir því sem vegir bötnuðu. Landshlutar, sem áður höfðu verið nært lokaðir hinum almenna ferðamanni, urðu smám saman aðgengilegri og ferðalög auðveldari en áður. Íslendingar fóru líka í auknum mæli til útlanda í sumarleyfum sínum. Sólarlandaferðir komust í tísku um 1960 og sumarleyfisstaðir erlendis tóku við íslenskum ferðamönnum sem þyrsti í sól.

¹⁴⁹ Héraðsskjalasafnið Skógum. Gestabók Múlakots 1962-1974; Einkasfn Sigr. Hj. Gestabók Múlakots 1973-1982.

¹⁵⁰ Einkasfn Sigr. Hj. Gestabók Múlakots 1973-1982.

VI. LISTAMENN Í MÚLAKOTI

Gagnvirk áhrif

Hér hefur víða komið fram, að gestir í Múlakoti urðu margir hverjir mjög hugfangnir af staðnum. Kom þar margt til, svo sem fegurð Fljótshlíðarinnar, einstakur garður húsfreyjunnar og viðmót heimamanna. En sjálfsagt hafa gestir líka haft áhrif á heimafólk, einkum þeir gestir, sem voru þar langdvöld.

Ásgrímur Jónsson listmálarí bar að margra álti höfuð og herðar yfir aðra íslenska listmálara í upphafi 20. aldar. Segja má að hann og Þórarinn B. Þorláksson lokið upp augum Íslendinga fyrir landslagsmálverkinu. Á öðrum áratug tuttugustu aldar dvaldi Ásgrímur tvö heil sumur í Múlakoti hjá Guðbjörgu og Túbal og auk þess hluta úr mörgum sumrum. Ólafur sonur þeirra var iðulega Ásgrími til aðstoðar á ferðum hans um Fljótshlíðina eða í Pórsmörk¹⁵¹ og lærði af meistaranaum. Áhugi Ólafs á málaralistinni hafði þó vaknað áður.

Tólf ára gamall sá Ólafur fyrst eiginleg málverk, en það var sumarið 1909, þegar hann var í heimsókn hjá ættingjum í Vestmannaeyjum. Þangað kom Ásgrímur Jónsson eftir dvöl í Hornafirði, með myndir, sem hann hafði málað þá um sumarið. Muggur (Guðmundur Thorsteinsson) var líka í Eyjum um sama leyti og gaf sig að drengnum. Muggur sendi honum vatnsliti og skissubók, sem varð Ólafi ógleymanlegt.¹⁵²

Múlakotshjónin voru bæði hög þar sem hann var smiður góður og hún vefnaðarkona með afbrigðum.¹⁵³ Þau hafa þó tæpast talið vænlegt að einkasonurinn gerðist listmálarí, honum hefur sjálfsagt verið ætlað að taka við jörðinni. Iðnnám var aftur á móti gagnlegt og iðnaðarmenn mikils virtir á þessum árum. Það gæti því hafa verið málamiðlun, að Ólafur hóf nám í húsamálun 1914 sem hann lauk 1917.¹⁵⁴ Ekki er fráleitt að álíta, að Ásgrímur hafi jafnvel haft áhrif á að þessi leið var valin.

Ólafur er ekki eini íslenski listmálarinn, sem fór þessa leið. Þórarinn B. Þorláksson lærði bókband áður en hann sneri sér að málaralistinni og sama gerði Arngrímur Gíslason. Lærifaðirinn, Ásgrímur Jónsson, vann við húsgagnamálun á stóru verkstæði í Kaupmannahöfn, bæði meðan hann stundaði undirbúningsnám í teikningu og einnig eftir að hann var kominn í Listaakademíuna dönsku. Gunnlaugur Blöndal, sem var nánast jafnaldri Ólafs, lauk fyrst sveinsprófi í tréskurði, áður en hann sneri sér að myndlistarnámi.¹⁵⁵ Það var öryggi fólgíð í að hafa hagnýta iðn í bakhöndinni, ef sambandið við hina dyntóttu listagyðju reyndist ekki farsælt.

¹⁵¹ Björn Th. Björnsson: *Íslensk myndlist* I. bindi, bls. 244.

¹⁵² "Birtan og sólskinið er mér allt", bls. 4.

¹⁵³ Sigríður Árnadóttir: "Einn dagur í Múlakoti", bls. 253.

¹⁵⁴ *Íslenskirmálarar* síðara bindi, bls. 410.

¹⁵⁵ Björn Th. Björnsson: *Íslensk myndlist* I. bindi, bls. 57; 73; 180.

Svona hugsuðu ekki aðeins ungar Íslendingar með listamannsbrauma. Tveir þeirra dönsku listamanna, sem Ólafur kynntist síðar á lífsleiðinni, Aksel Jørgensen, sem var kennari Ólafs og síðar skólastjóri við dönsku Listaakademíuna, og Paul Høm, sem stundaði þar nám um leið og Ólafur, lærdu fyrst húsamálun áður en þeir hófu eiginlegt listnám.¹⁵⁶

Aðrir áhrifavaldar

Ólafur nefndi iðulega ýmsa málara, sem höfðu haft áhrif á hann, þótt áhrif og leiðsögn Ásgríms hefði vegið þyngst. Oft bar nafn Brynjólfss Pórðarsonar á góma. Brynjólfur og Ólafur urðu góðir vinir, enda jafnaldra. Brynjólfur dvaldi oft í Múlakoti og eins voru þeir saman í Pórsmörk og Ólafur mat hann mikils sem málara.¹⁵⁷ Brynjólfur er tiltölulega lítt þekktur sem málari, enda dó hann ungur, liðlega fertugur. Hann hesur hlutið þau ummæli að yfir verkum hans sé ljóðrænn þokki og þau beri vott um einlægni og hófsemi.¹⁵⁸

Listasafn Íslands hélt sýningu á verkum Brynjólfss vorið 1982 honum til heiðurs. Sýningarskráin ber með sér hve hann var tíður gestur í Fljótshlíðinni. Myndir eins og "Úr Fljótshlíðinni" frá 1921, "Múlakot í Fljótshlíð" máluð árið 1923 og "Rjúpnafell á Pórsmörk" frá árinu 1931 segja sína sögu.¹⁵⁹

Jón Stefánsson er meðal stóru nafnanna í íslenskri myndlistarsögu. Dans hans við listagyðjuna var þó engan veginn átakalaus og þegar Jóni fannst hann kominn í öngstræti í listinni, eyðilagði hann margar af myndum sínum. Elstu landslagsmyndir frá Íslandi, sem varðveisit hafa eftir Jón, eru frá 1919, og næsta sumar málaði hann líka austur í Fljótshlíð.¹⁶⁰ Bæði sumurin mun hann hafa dvalið í Múlakoti.¹⁶¹

Ótvíraett vitni um Fljótshlíðardvölina sumarið 1919 eru þrjú málverk frá samsýningu fimm íslenskra málara í Kaupmannahöfn vorið 1920, eitt þeirra ber titilinn "Landskab fra Fljótshlíð", en tvö sýna Eyjafjallajökul, séðan úr Fljótshlíð. Á sömu sýningu sýndi Ásgrímur Jónsson tvö af Fljótshlíðarmálverkum sínum.¹⁶² Freistandi er að álita, að Ásgrímur hafi bent Jóni á Fljótshlíðina með sínum fjölbreyttu viðfangsefnum fyrir málara, og Múlakot sem ákjósanlegan dvalarstað.

Pegar sýningaskrám frá sýningum Jóns Stefánssonar er flett, er auðséð, að myndefni tengt Fljótshlíðinni, svo sem Þríhyrningur, Tindfjöll og Eyjafjallajökull, var ofarlega í huga hans. Áþreifanlegt vitni um dvöl í Múlakoti er svo mynd, sem sýnd var á samsýningu á verkum

¹⁵⁶ Weilbach *Dansk kunstnerleksikon*, 4. bindi, bls. 197; 3. bindi, bls. 454.

¹⁵⁷ M. [Mathías Johannessen]: "Á vori vænust meyja", bls. 2-3.

¹⁵⁸ Björn Th. Björnsson: *Íslenzk myndlist* I. bindi, bls. 240.

¹⁵⁹ L.I. Sýningarskrá. Brynjólfur Pórðarson 1982 Listasafn Íslands. Brynjólfur Pórðarson 1896-1938. Listasafn Íslands 4. apríl - 2. maí 1982.

¹⁶⁰ Björn Th. Björnsson: *Íslenzk myndlist* I. bindi, bls. 99-103.

¹⁶¹ Ólafur B. Guðmundsson 20. 1. 2002.

¹⁶² L.I. Sýningarskrá. Jón Stefánsson 1920 Kaupmannahöfn Kunsthander Kleis. Udstilling, Fem islandske Malere marts 1920.

Jóns Stefánssonar, Ásgríms Jónssonar, Jóhannesar Kjarval, Gunnlaugs Blöndal og fleiri. Hún er eftir Jón og ber heitið "Frá Múlakoti" en er án ártals.¹⁶³

Stundum vekur þögnin athygli. Þegar haft er í huga, að Ólafur Túbals var lærdur húsamálari, er sérkennilegt, að hann nefndi aldrei Þórarin B. Þorláksson sem einn áhrifavalldanna, a.m.k. ekki í þeim blaðaviðtolum, sem fundist hafa. Þórarinn varð teiknikennari við Iðnskólann árið 1904, þegar skólinn var nýstofnaður og síðan skólastjóri árið 1916.¹⁶⁴ Helsta skýringin hlýtur að vera sú, að Ólafur hafi ekki notið handleiðslu Þórarins í Iðnskólanum. Í *Íslenskum málurum* stendur "Lauk prófi frá Iðnskólanum í Reykjavík 1917. Stundaði ekki lögformlegt iðnnám, en vann eingöngu við húsamálun á árunum 1914-26..."¹⁶⁵

Sá áhrifavaldur, sem kom næst Ásgrími, er enn ótalinn. Það var danski listmálarinn Johannes V. Larsen, sem dvaldi á Íslandi sumurin 1927 og 1930. Ólafur var samvistum við hann nær allan þann tíma.

Hver var Johannes Larsen

Johannes Larsen var í hópi þekktustu málara Dana. Hann var fæddur í smábænum Kerteminde á Fjóni 1867 og bjó þar alla ævi. Hann var því tæplega sextugur, þegar hann kom í fyrra skiptið til Íslands. Fyrsta fjórðung tuttugstu aldarinnar stóð málaralistin með miklum blóma á Fjóni. Málarnir á Fjóni, "Fynboerne", voru fyrst í stað álitnir hálfgerðir utangarðsmenn í danskri myndlist í tvöföldum skilningi. Þeir voru frá fjarlægum hluta landsins, jaðrinum, en áttu ekki heima í hinni klassísku miðju, Kaupmannahöfn eða Sjálandi, og eins var tækni þeirra og myndefni andstæða við þáverandi "réttu" málaralist. Þeir voru því í háðungarskyni kallaðir "sveitamálarar", þar sem þeir sóttu myndefnið í hversdagslífið og náttúruna. Síðar voru málarnir á Fjóni taldir meðal helstu merkisbera danskra málaralistar.¹⁶⁶

Málarahæfileikar voru í fjölskyldu Larsens og strax á barnsaldri mátti sjá hvað í drengnum bjó, hann byrjaði kornungur að teikna og fara með vatnsliti og málaði fyrsta olíumálverk sitt aðeins ellefu ára gamall. Tréristan lék einnig í höndum hans. Larsen ferðaðist töluvert erlendis og málaði. Hann dvaldi sumarlangt á Grænlandi, málaði þar og hélt sýningu aðeins tveimur árum áður en hann fór til Íslands í fyrra skiptið. Hann var einstakur náttúrumálari, en fuglamyndir urðu í raun hans sérgrein. Fuglar höfðu verið hans kærasta viðfangsefni allt frá barnæsku, en auk þess vöktu dýr og gróður einlægan áhuga hans. Larsen hélt margar einkasýningar á verkum sínum og tók þátt í fjölda samsýninga innan lands og utan. Hann myndskreytti fjölmargar bækur, sem einkum fjölluðu um danska náttúru og fugla, og stórvirki hans á því sviði einu nægðu til að halda nafni hans á lofti. Hann hlaut fjöldann allan af

¹⁶³ L.Í. Sýningarskrár. Jón Stefánsson 1941, 1943, 1961 Grønningen Kaupmannahöfn ; 1981 Kjarvalsstaðir. Sýning á vinnustofu Jóhannesar S. Kjarval, Kjarvalsstöðum 8-22. september 1981.

¹⁶⁴ Björn Th. Björnsson: *Íslenzk myndlist* I bindi, bls. 85.

¹⁶⁵ *Íslenskir málarar* síðara bindi, bls. 410.

¹⁶⁶ Johannes V. Jensen: *Johannes Larsen og hans billeder*, bls. 23-24.

styrkjum og viðurkenningum og gat helgað sig list sinni alveg fram í andlátið. Hann lést árið 1961, 94 ára gamall. Sýning á verkum Johannesar Larsens var haldin í Norræna húsinu 1979.¹⁶⁷

Larsen og Íslendingasögurnar

Johannes Larsen kom ekki til Íslands sem venjulegur ferðamaður, þar sem honum hafði verið falið mikilvægt verkefni, að myndskreyta viðhafnarútgáfu Íslendingasagnanna, sem Danir hugðust gefa út til að minnast 1000 ára afmælis alþingis 1930.

Aðalhvatamaðurinn að verkinu var Gunnar Gunnarsson skáld, sem þá var búsettur í Danmörku. Hann fékk til liðs við sig eitt höfuðskáld Dana, Johannes V. Jensen og saman stofnuðu þeir félag snemma vors 1927, sem fékk heitið "Selskabet til Udgivelse af islandske Sagaer paa Dansk". Faglegir ráðunautar voru þeir Jón Helgason og Johannes Bröndum-Nielsen, sem báðir voru einstaklega málhagir menn. Íslendingasögurnar höfðu áður verið gefnar út á dönsku, en sú útgáfa var komin mjög til ára sinna. Í kynningarbæklingi, sem Gyldendals útgáfufyrirtækið gaf út árið 1930, kom fram að gefa ætti út þriggja binda ritverk. Ýmsir aðilar styrktu útgáfuna, svo sem danske ríkið og Dansk-islandsk Forbundsfond. Ny-Carlsberg fond stóð straum af ferðum Larsens til Íslands.¹⁶⁸

Kveikjan að hugmyndinni um myndskreytingu sagnanna er sjálfsgagt myndskreytt, norsk útgáfa þeirra, en Johannes V. Jensen hefur örugglega ráðið vali listamannsins. Hann þekkti mjög vel til verka Johannesar Larsens, sem hafði mikla reynslu á þessu sviði, en auk þess voru þeir nafnarnir aldavinir. Larsen brást heldur ekki trausti vinar síns. Afrakstur ferðanna tveggja til Íslands voru 300 pennateikningar.¹⁶⁹ Af þeim birtust nær 200 á prenti. Í teikningum sínum fór Larsen mjög athyglisverða leið. Hann sviðsetti ekki atburði sagnanna, en teiknaði mjög nákvæmar landslagsmyndir af sögusviðinu, sem hljóta að hafa örfað hugmyndaflug lesenda. Hvergi voru dregnar upp mannamyndir og aðeins á stöku stað sást móta fyrir byggingum í fjarska.

Johannes V. Jensen skrifaði formála að fyrsta bindi útgáfunnar. Þar lýsti hann hugmyndafræðinni, sem lá að baki útgáfunni. Hann vildi losa þýðinguna undan því málsögulega oki, sem hann taldi hafa einkennt fyrri þýðingu, og hafa hindrað almenning í að tileinka sér Íslendingasögurnar. Við þýðinguna vildi hann nota venjulegt talmál (Normaldansk) og forðast orð eða hugtök, sem ekki voru til á sögutímanum. Stöku kaflar voru umskrifnaðir og kvæðin umort, en þess gætt, að merkingin héldist. Jensen þýddi sjálfur fyrstu söguna, Egilssögu. Það var engin tilviljun að hún var fyrst, hún var minnst staðbundin, sagði ekki frá

¹⁶⁷ Weilbach *Dansk kunstnerleksikon*, 5. bindi, bls. 20-23.

¹⁶⁸ *De islandske Sagaer*, I, kynningarbæklingur útgáfufyrirtækisins milli bls. 48 og 49.

¹⁶⁹ Weilbach *Dansk kunstnerleksikon*, 5. bindi, bls. 23.

einangruðum atburðum eins og margar aðrar, innihélt upprunalega orsök og víðasta sögusviðið, allan hinn norræna og engilsaxneska heim, að mati Johannesar V. Jensens.¹⁷⁰

Í dönsku útgáfunni voru ýmsar helstu Íslendingasögurnar, auk Egilssögu Grettissaga í þýðingu Gunnars Gunnarssonar, Njála, Laxdæla, Eyrbyggja og Gísla saga Súrssonar. Ennfremur nokkrir stuttir þættir, eða 12 þýðingar alls, að viðbættri endursögn Grænlands- og Vínlandsferða.¹⁷¹ Sögurnar voru mjög mismikið myndskreyttar, sem helgaðist af því, að Larsen náði ekki að ferðast um sögusvið allra sagnanna, á þeim tíma sem hann hafði til umráða. En víkjum að ferðum Johannesar Larsens um Ísland.

Heimildir um Íslandsferðina

Larsen hélt alla ævi dagbók. Í hana skrifaði hann um veðrið og hvaða fugla hann hafði séð eða heyrt.¹⁷² Í Íslandsferðunum hafði hann nokkuð annan hátt á. Dagbókarskrifin voru ítarleg, nánast eins og ferðasaga, þar sem Larsen skráði það sem á daga hans dreif og hvað fyrir augun bar, hughrif og vangaveltur. Bækurnar sendi hann svo smám saman heim til fjölskyldunnar, þannig að þær voru í raun líka sendibréf. Eftir dauða Johannesar Larsens hafa dagbækur hans verið varðveittar í handritadeild Konunglegu bókhlöðunnar í Kaupmannahöfn.

Larsen virðist hafa verið mjög létt um að skrifa. Eftir hann liggur þó aðeins ein bók *Jeg kan huske*, sem kom út árið 1950. Í bókinni lýsir hann á einkar ljóðrænan og lifandi hátt æskuminingum sínum. Mikill fengur hefði verið að framhaldi á þeim skrifum.

Dagbækurnar úr Íslandsferðunum bera oft með sér sama andblæ, en vissulega eru færslurnar misjafnlega ítarlegar. Lýsingar hans á landslagi og því sem fyrir augu bar eru eðlilega mun nákvæmari fyrra sumarið en hið síðara. Þá stýrði ferskleiki hins ókunna og óvænta penna Larsens og eins virðist hann hafa leitast við að láta þá sem heima sátu upplifa ævintýrið með sér. Dagbókarfærslur síðara sumarið eru meira eins og ætlaðar honum sjálfum, ekki öðrum lesendum.

Fyrstu dagarnir á Íslandi

Larsen kom til Reykjavíkur 13. júní 1927 og var fyrstu dagana um kyrrt í Reykjavík. Á skipinu var stór hópur danskra verkfræðinga á leið í kynnisferð til Íslands og hafði Larsen tölувert samband við þá meðan þeir dvöldu á landinu, auk þess sem einn þeirra skaut yfir hann skjólshúsi, þar sem ekkert hótelherbergi var að fá í Reykjavík þegar hann kom. Larsen fór í langar gönguferðir um Reykjavík og næsta nágrenni og teiknaði töluvvert. Fyrsti Íslendingurinn, sem nefndur er í dagbókinni, er Valtýr Stefánsson, ritstjóri Morgunblaðsins, sem hann hitti

¹⁷⁰ *De islandske Sagaer*, I, bls. 15-19.

¹⁷¹ Sama heimild, I-III.

¹⁷² *Weilbach Dansk kunstnerleksikon*, 5. bindi, bls. 22.

strax fyrsta daginn.¹⁷³ Larsen fór með dönsku verkfræðingunum austur fyrir fjall, þar sem skoðaðir voru hverirnir í Reykjadal, fossarnir í Soginu og helstu tæknafrek Íslendinga, brýrnar á jökulsánum miklu, Ölfusá og Þjórsá. Eins sat hann fyrirlestra þeirra, var boðinn í hátíðarkvöldverð verkfræðingafélagsins á Hótel Ísland, og horfði á glímusýningu, sem haldin var í Latnuskólunum, verkfræðingunum til heiðurs.¹⁷⁴

Það er sem Larsen hafi viljað fá nokkra tilfinningu fyrir landi og þjóð áður en hann hófst handa við sjálfst verkefnið, að teikna myndir fyrir viðhafnarútgáfu Íslendingasagnanna, a.m.k. er engin mynd frá þessum fyrstu dögum notuð í útgáfunni.

Val Larsens á fyrsta raunverulega viðfangsefninu kemur ekki á óvart. Hann hélt í tíu daga ferð til Þingvalla, dvaldi þar á Hótel Valhöll og teiknaði eins mikið og aðstæður leyfðu. Ýmislegt var Larsen mótdrágt í Þingvallaferðinni. Flesta daga rigndi og oft var ónæðissamt og lítið um svefn á hótelinu. Þar kynntist hann fyrst hinu sérstæða tímaskyni Íslendinga, sem átti oft eftir að gera honum gramt í geði.

Ferðin til Þingvalla var samkvæmt áætlun kl. 10 um morguninn, en þar sem Larsen var eini farþeginn, var henni aflyst og ekki farið af stað fyrr en kl. 1, þegar fleiri farþegar fengust.¹⁷⁵ Larsen var árrisull, nákvæmur og stundvís, hann vildi taka daginn snemma og sömuleiðis vildi hann ganga snemma til hvílu ef unnt var. Klukkan virtist ekki skipta Íslendinga neinu máli. Gremja Larsens yfir þessum leiða íslenska ávana kemur hvað best fram þegar hann lýsir ferð um Langavatnsdal á Mýrum.

Vi ser herfra ind i det forjættede land, den store grønne Vatnsdal nord for söen og alle hestene der græsser der. Men vi må også se på uret, der er mindst en times riðt derop, 2-3 timers tegning og en time tilbage her til og godt to timer herfra til gården hvor vi skal overnatte, og jeg bestemmer at tegne her. Gid fanden havde det. Det er altid umuligt at komme af sted til ordentlig tid her. Der skal ædes og fange heste og sludres. Klokken bliver gerne henad middag før de kan bryde op.¹⁷⁶

Aðeins einu sinni kom seinagangurinn og óstundvísin sér vel, en það var þegar hann málaði í Breiðafjarðareyjum. Báturinn, sem átti að sækja þá, kom meira en klukkustund eftir áætlun. Larsen gladdist yfir því, annars hefði hann ekki getað lokið við mynd sína.¹⁷⁷

Fyrsta daginn á Þingvöllum kynntist Larsen Sigurði Nordal prófessor, sem dvaldist ásamt konu sinni á bónabæ í nágrenninu (líklega Kárastöðum). Sigurður bauð Larsen í heimsókn og saman gengu þeir upp Almannagjá, þar sem Sigurður fræddi Larsen um búðirnar og það sem fyrir augu bar.¹⁷⁸ Fróðari leiðsögumaður hefur sjálf sagt verið vandfundinn.

Larsen hreifst mjög af útsýninu af Lögbergi og Öxarárfossi, sem hann teiknaði nokkrar myndir af, bæði með tússi og vatnslitum. Eins fór hann yfir að Hrafnagjá, þar sem

¹⁷³ Handritad. Kgl. Bibl. Johannes Larsen: Dagbók 1, 13. júní 1927.

¹⁷⁴ Sama heimild, 17.-22. júní 1927.

¹⁷⁵ Sama heimild, 23. júní 1927.

¹⁷⁶ Handritad. Kgl. Bibl. Johannes Larsen: Dagbók 3, 8. ágúst 1927.

¹⁷⁷ Handritad. Kgl. Bibl. Johannes Larsen: Dagbók 5, 24. ágúst 1927.

¹⁷⁸ Handritad. Kgl. Bibl. Johannes Larsen: Dagbók 1, 23. júní 1927.

hrossagaukar og spóar vöppuðu kringum hann og lóan kvakaði. Þótt lágskýjað væri og lítil fjallasýn, varð hann hugfanginn af litbrigðum náttúrunnar, fjallsræturnar voru svarbláar og kjarrið grágrænt með stökum ljósgulum bletti, túninu kringum eitt býlið.¹⁷⁹

Eftir Pingvallaferðina var Larsen reiðubúinn til að leggja af stað í langferð.

Á Njálu slóðum

Ferðir Larsens fyrra sumarið spönnuðu sögusvið ýmissa helstu Íslendingasagnanna. Auk Pingvalla, sem snertu í sjálfu sér flestar sögurnar beint eða óbeint, lá leiðin um sögusvið Njálu, Egilssögu, Gunnlaugssögu ormstungu og Eyrbyggju. Ferð hans lá um Pingvelli, Rangárþing, Borgarfjörð, Mýrar, Snæfellsnes og Breiðafjarðareyjar. Þetta virðist ærið en ætlunin var að fara enn víðar. Fyrirhugað var að fara alla leið norður að Mývatni og áætlað að ferðin stæði út september.¹⁸⁰ En margt fer öðruvísi en áætlað er.

Larsen ferðaðist um Rangárþing í 17 daga. Hann hafði bækistöð í Fljótshlíðinni, fyrst í Hlíðarendakoti, en síðar í austurbænum á Múlakoti. Á leið þangað fór hann með áætlunarþísl að Stórlófshvoli. Þar var þá sýslumannssetur, Iæknisbústaður og kirkja. Þaðan voru farþegar fluttir með vörubísl að Hlíðarena. Larsen leitaði gistingar í Hlíðarendakoti því hann hafði meðferðis meðmælabréf til hjónanna þar frá Ragnari Ásgeirssyni garðyrkjuráðunauti. Ragnar var giftur danskri konu og mjög algengt var að hann greiddi götu Dana, sem komu til Íslands. Ragnar hafði stundað garðyrkjunám í Danmörku og síðan kennt þar við garðyrkjuskóla í nokkur ár. Ekki er talið að Ragnar og Larsen hafi kynnst í Danmörku, þótt Ragnar, sem hafði mikinn áhuga á máláralist, hafi átt myndir eftir Larsen. Með Ragnar og Larsen tókust góð kynni þrátt fyrir nær 25 ára aldursmun. Ragnar reyndist Larsen mjög vel og var honum innan handar í hvívetna, gaf góð ráð og leiðbeiningar og kynnti hann fyrir ýmsum framámönum í Reykjavík.¹⁸¹

Larsen gisti tvær nætur í Hlíðarendakoti, þótt þar væru fyrir nokkrir næturgestir þegar hann kom. Hann var vel haldinn í mat og drykk, en sitthvað kom honum ókunnuglega fyrir sjónir. Með kvöldkaffinu var borin á borð hunangskaka, sódakaka og rúsínulaus jólakaka, sem varla er í frásögur færandi, ef sömu kökutegundir hefðu verið á boðstólum morguninn eftir, að viðbættu smjöri á jólakökunni. Mæsta morgun var kaffibrauðið eins, nema hvað jólakakan var bæði með smjöri og sultu.¹⁸² Larsen skrifaði iðulega í dagbókina hvaða matur var á borðum og var það stundum nákvæmlega tíundað. Honum þótti undarlegt að fá heitan mat bæði í miðdegis- og kvöldmat og gladdist, þegar hann loks fékk kalt borð að kvöldi til.

Torsk pilles i stykker med fingrene og spises med smør på fladbrød af hvede. Noget pålæg som ligner fars skåret i store skiver. Det skal være fårekød der er kogt

¹⁷⁹ Sama heimild, 1. júlí 1927.

¹⁸⁰ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 1, 11. ágúst 1927.

¹⁸¹ Eva Ragnarsdóttir, dóttir Ragnars Ásgeirssonar, 21.11. 2001.

¹⁸² Handritad. Kgl. Bibl. Johannes Larsen: Dagbók 2, 5.-7. júlí 1927.

til det falder fra benene og derefter hamret eller stødt. Det smager og ser ud som kogt fars. Det var sådan noget Hallgerd lod stjæle i Kirkjubær. Og så var der den første aften røget fårekød. Sød mælk til, bagefter skyr og fløde og melis. Da vi var færdige med at spise er kl. 12, om natten altså, og jeg går i seng.¹⁸³

Þess ber að geta, að um 1930 var venjulega borðað þímælt til sveita. Algengt mun hafa verið að drekka kaffi, þegar farið var á fætur, morgunmatur var oftast á borð borinn um kl. 9, hræringur eða hafragrætur og brauð; hádegiskaffi um kl. 12, miðdegismatur, sem var heitur matur, um kl. 3. Síðdegiskaffi var um kl. 6 og loks var kvöldmatur, sem var kaldur matur, skyr, hræringur eða hafragrætur, brauð og álegg og súrt slátur, ekki borðaður fyrr en kl. 9 að kvöldi og oft síðar, ef lengi var að verki staðið.¹⁸⁴ Ástæðan fyrir því að Larsen fékk iðulega heitan mat að kvöldi til hefur sjálf sagt verið að húsmaður vildu gera vel við útlendan gestinn.

Pótt Larsen kvartaði yfirleitt ekki undan mat þeim, sem honum var borinn, er auðfundið að honum þótti athyglisvert þegar honum var borinn sem miðdegisverður á hóteli í Reykjavík þrír hvítir réttir, súrmjólkursúpa, soðin lúða og skyr. Á hótel Borgarnesi var kvöldmaturinn eitt sinn "kokte lammefødder" og á Húsafelli fengu gestir hálfstíma eftir að þeir drukku morgunkaffi "sagosuppe, kogt får med smeltet smör og kartofler og koldt bord. Mælk, kaffe, kager."¹⁸⁵ Það hefur varla nokkur staðið svangur upp frá því morganverðarborði.

Degi síðar en Larsen fór austur í Fljótshlíð kom Ragnar, sennilega eingöngu til að vera honum til aðstoðar á ferðinni um Rangárþing. Nú komst Larsen í raun um að ferðalög um Ísland voru erfiðari en ferðalög um Danmörku. Akvegir voru fáir eins og áður hefur komið fram og oft þurfti að grípa til þarfasta þjónsins, hestsins. Larsen, sem ekki hafði farið á hestbak í 35 ár, fór í sínum fyrsta útreiðartúr frá Múlakoti inn í Þórsmörk og til baka aftur. Hann lýsti fyrstu kynnum sínum af fljótinu.

Vi rider op langs Þverá til Markarfljót og omrent mellem den sidste gården i Fljótshlíð og Þórólfssfell rider vi ud over rallet og kommer snart til den første elvgren. Bonden rider foran. Det er mærkligt at se det lerede, hvidgrå vand, der farer af sted med 90 km fart under hestene og når det når omrent op til bugen på dem og fosser om benene får man en fornemmelse som flød vi alle sidelæns i rasende fart. Vi passerer 4 eller 5 større strømme og nogle mindre afvekslende med ral og er så over Markarfljót, der for tiden løber i den nordlige side af lejet der vist er hen ved en mil bredt. ... Bonden havde sagt at vi ville få mere vand i aften da vinden var østlig og den smelter bræn. Det slog også til. Jeg skal love for der var gang i det. Engang sagde han at vi skulle vente mens han prøvede og så red han ud, men da der pludselig blev så dybt at det gik op på siderne af hesten, vendte han den og så faldt den så han måtte stå af og trække den i land. Vi red så lidt omkring og så på sagen indtil han fandt et sted som han mente vi kunne komme over.¹⁸⁶

Markarfljót var ekki auðvelt viðureignar, jafnvel þótt leiðsögunaðurinn væri vanur vatnamaður.

¹⁸³ Sama heimild, 9. júlí 1927.

¹⁸⁴ Guðrún Hjartar frá Stóradal, 5.4. 2002.

¹⁸⁵ Handritad. Kgl. Bibl. Johannes Larsen: Dagbók 3, 28. júlí, 1. ágúst, 3. ágúst 1927.

¹⁸⁶ Handritad. Kgl. Bibl. Johannes Larsen: Dagbók 2, 7. júlí 1927.

Næstu daga voru Larsen og Ragnar í Landeyjunum, gistu á Hallgeirsey og Bergþórshvoli og Larsen teiknaði fjölda mynda, sem síðar birtust í dönsku útgáfunni.

Ólafur Túbals tók við sem leiðsögumaður Larsens.

Ólafur Túbals skal være min følgesvend i Rangárvellir. Han er meget varm på at få lov til at være med på hele turen og benytter enhver lejlighed til at gøre mig begribelig hvor stor fordel jeg vil have af at tage han med og fortæller mig afskrækende historier om hvordan det kan gå udlændinge når de ikke har en pålidelig følgesvend og tolk og at han ville kunne tegne og male mens jeg arbejder og gjøre det for 5 kr om dagen når andre vil forlange 15 kr.¹⁸⁷

Samkvæmt verðskrá Ferðafélagsins frá 1929 þurfti þá víðast að greiða kr. 12.- fyrir hestlausan fylgdarmann.¹⁸⁸ Ólafi hefur því greinilega verið mikið í mun að ferðast með Larsen.

Ferðin mikla um Vesturland

Ólafi varð að ósk sinni, hann gerðist fylgdarmaður Larsens það sem eftir var sumars. Larsen fór til Reykjavíkur nokkrum dögum á undan Ólafi, sem kom til Reykjavíkur 26. júlí. Larsen vildi teikna í Mosfellsdalnum, á slóðum Egilssögu. Þar þurfti hann ekki leiðsögumann.

Ólafur hefur sjálfsagt litið upp til Larsens, þessa fræga, ferðavana listmálara og viljað læra af honum og tileinka sér sem flest. Í ferðalaginu hélt hann líka dagbók, þannig að heimildir um það koma frá þeim báðum og gefa þannig fyllri mynd. Hann skrifaði í smábækur eins og Larsen, sem hann sendi heim annað veifið. Ólafur hefur líklega aðeins haldið dagbók á ferðum sínum með Larsen og eins í utanlandsferðum sínum, a.m.k. hafa önnur skrif ekki varðveist.

Leiðir Larsens og Olafs lágu ekki saman fyrsta kvöldið í Reykjavík. Larsen fór í matarboð til danska sendiherrans en Ólafur á söngskemmtun hjá Pétri Á. Jónssyni söngvara, sem hafði verið í Múlakoti þremur dögum fyrr og boðið Ólafi á tónleikana.¹⁸⁹

Næstu dagar liðu fljótt við margskyns undirbúning og heimsóknir og kl. 11 að kvöldi þess 28. júlí var lagt af stað til Borgarness. Farkosturinn var gamall fiskibátur, "mögbeskiddt men hyggelig". Aðstæður í Borgarnesi voru slíkar, að gæta þurfti flóðs og fjöru og velja þurfti ferðatíma í samræmi við það.¹⁹⁰ Tveimur árum síðar, sumarið 1929, var byggð "hafskipabryggja" í Borgarnesi, framveggur hennar var úr járnstaurum og síðan fyllt að þeim, en hliðarfyllingar ýmist grjóthlaðnar eða steyptar. Höfnin var um leið dýpkuð, þannig dýpið varð 2 m um fjöru, svo auðveldara var að athafna sig. Í tengslum við bryggjusmiðina var byggð vegleg bogabréu á Brákarsund, rúmlega tvöfalt breiðari en venjulegar brýr.¹⁹¹

Þeir félagar dvöldu nokkra daga um kyrrt í Borgarnesi, en héldu síðan í níu daga ferð um uppsveitir Borgarfjarðar. Þar gerðu þeir víðreist, fóru sem leið lá upp Stafholtstungur, um

¹⁸⁷ Sama heimild, 13. júlí 1927.

¹⁸⁸ Ferðafélag Íslands: *Árbók* 1929, bls. 29-30.

¹⁸⁹ Handritad. Kgl. Bibl. Johannes Larsen: Dagbók 3, 26. júlí 1927; Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 1, sama dags.; Héraðsskjallasafnið Skógrum. Gestabók Múlakots 1926-1929.

¹⁹⁰ Handritad. Kgl. Bibl. Johannes Larsen: Dagbók 3, 28. júlí 1927.

¹⁹¹ *Skýrslur um nokkrar framkvæmdir ríkisins 1927-1930*, bls. 67, bls. 29.

Norðurárdal og að Reykholti, þar sem þeir gisti. Þá var haldið að Húsafelli og Surtshellir skoðaður. Gist var nokkra daga að Gilsbakka en síðan dvalið í Norðtungu, á Hreðavatni og Svignaskarði áður en aftur var komið í Borgarnes.

Í Borgarfirði

Í dagbókarfærslum þeirra Larsens og Ólafs frá Borgarfjarðarferðinni koma glöggt fram ólisk viðhorf þeirra til umhverfisins. Báðir hrifast mjög af náttúrufegurðinni í Stafholtstungum og Norðurárdal og lýsa fjálglega fjallasýninni frá Svignaskarði. Ólafur dáist að trjágróðrinum.

Hér er alls staðar hrísi vaxið meðfram veginum. Við stoppum hér litla stund og svo áfram, áfram. Gegnum skógi vaxna dali, yfir hæðir og lautir fram Stafholtstungur í Norðurárdal. Hér er guðdómlegt, brekkurnar til beggja hliða kjarri vaxnar og hin tignarlega Baula blasir nú við okkur með sínu einkennilega litskrúði. Áfram þjótum við yfir gljúfur og gil, hálsa, lautir oghraun. Í einni hraunlautinni sá ég heilan trjágarð með fegursta sniði tilbúinn af náttúrunni.

Á leiðinni upp Hálsasveit lýsir Ólafur því sem fyrir augu ber með áþekkum orðum "Innst í Hálsasveit fer aftur að koma svipuð fegurð, skógar, fell og fjöll. Við ríðum í gegnum skógargöng lengri tíma."

Larsen virðist hafa víðari sýn, hann sér bæði fjöll og mjúkar línur, grósku og gróðurleysi. Íslenskt birkikjarr vekur ekki sérstaklega hrifningu Larsens, hann nefnir frekar smáblóm eins og litla dýragrasið, sem heitir öðru nafni bláin, það bláasta blóm, sem Larsen hefur séð.

Jeg tegner landskapet mod Baula. Men det er nok så smukt den anden vej over Myrene til Borg med store eng og kærpartier vekslende med lave åse med birkekrat og fjeldene rundt om Hafnarfjall.

Ólafur hefur mikinn veiðiáhuga og myndlistin verður jafnvel að víkja, bjóðist honum silungs- eða laxveiði. Larsen virðist engan áhuga hafa á þessháttar tómstundagamni.

Larsen tekur eftir öllum fuglum og lýsir háttorni þeirra.

Vi gik over åen og hen på engen for at tegne. Mens vi tegnede kom der tre krikænder forbi. Da vi gik tilbage lå de i en vig i åen og lidt fra lettede der nogen ællinger, som straks gik ned igen. Den gamle and spillede hjælpeløs og flagrede og humpede hen ad engen og ællingene svømmede til den anden side, en af dem midt i en bæk, der løber ud i åen, med halen højt i vejret. Først da vi gik over broen blev den gamle rask og fløj tilbake til ællingerne.

Ólafur nefnir aldrei fugla eða blóm.

Larsen hefur miklu meiri áhuga á vélum en Ólafur, þótt hann sé nær þrjátíu árum eldri. Hann kann skil á bíltégundum og hestaflafjölda. Í Kalmannstungu sá hann bæði sláttuvél og rakstrarvél, þá fyrstu sem hann sá í Íslandsferðinni. Ólafur tekur hins vegar eftir hvernig bæirnir eru hystir og hvernig tekið er á móti gestum. Þar kemur bóndinn og hótelhaldarinn upp í honum. Á Hreðavatni var verið að byggja stórt steinhús, sem átti að verða sumarhótel. Ólafi fannst Hreðavatn ákjósanlegasti staður fyrir sumarhótel sem hann hafði séð og yrði hann að yfirgefa sitt ástkværa Múlakot, gæti hann helst hugsað sér að setjast þar að.

Báðir grípa stundum til samanburðar við kunnuglega staði í lýsingum sínum. Landeyjarnar, séðar úr fjarska ofan af Múlakotsheiði, minntu Larsen á fuglafríland á Norður-Jótlandi og Suðurlandsundirlendið séð frá Keldum á "typisk jydk ålands landskab, ingen fjelde at se men havet i det fjerne og jeg sidder hvert øjeblik og drømmer om den danske sommer." Ólafur hugsar heim þegar hann horfir fram Hvítársfðuna, "Hún er heldur hrjóstrug á að líta og mikill er munurinn á henni og Fljótshlíðinni minni."¹⁹²

Ferðin var þó ekki skemmtiferð, þótt sjálfsgagt væri að njóta þess, sem fyrir augu bar. Vinnan við öflun myndefnis gekk fyrir öllu hjá Larsen og Ólafur teiknaði líka mikið og málaði. Veðrið lék þá stundum grátt. Ídulega þurfti að leggja frá sér mynd í miðjum klíðum og bíða uppstyttru. Þegar verst lét, þurfti jafnvel að hætta alveg við verkið. Larsen var mjög nákvæmur og reyndi að fá með öll smáatriði. Stundum er jafnvel sem unnt sé að skynja birtuskil og goluþyt, þótt teikningar hans séu ekki í lit. Glíman við Snorralaug í Reykholti reyndist erfið, hann var fjóra tíma að ljúka við teikninguna, en Larsen hafði næga þolinmæði og vandvirkni hans var einstök. Aðstæðurnar voru verri, þegar þeir teiknuðu í Surtshelli. Það hafði rígt allan daginn og veðrið var mjög kalt. Þótt þeir væru í vari fyrir sjálfri rigningunni niðri í hellinum var kuldinn svo mikill, að Larsen var krókloppinn. Teiknipappírinn varð rakur, sem kom í veg fyrir að tússið þorrnaði og loks gafst Larsen upp og þurrkaði myndina með gljúpum pappír. "Jeg vil ikke sige det bliver nogen videre køn tegning."¹⁹³

Á Snæfellsnesi

Ekki var hvílst lengi í Borgarnesi eftir Borgarfjarðarferðina. Næsti áfangi var Snæfellsnes og Dalir, slóðir Eyrbyggju og Laxdælu. Því miður hafa glatast dagbókarskrif Larsens í 12 daga, frá 11.-23. ágúst, þannig að Ólafur er einn heimildarmaður um þennan hluta ferðarinnar.

Á leið sinni um Borgarfjörð höfðu Larsen og Ólafur ferðast um á bíl, eftir því sem tökk voru á, en vegagerð um Mýrar og Snæfellsnes var skammt á veg komin. Ekki var laust við að Ólafur kviði ferðalaginu, þar sem treysta þurfti að mestu á lánshesta. Farangur þeirra var drjúgur, en tveir trússahestar nægðu þó. Þegar búið var að dytta að koffortum og klyfberum í Borgarnesi var lagt af stað vestur á bóginn.

Ekið var í bíl eins langt og vegurinn leyfði, alla leið að Eiðshúsum, skammt frá vegamótum við Kerlingarskarð. Sól skein í heiði og veðurblíðan var notuð til hins ítrasta til að teikna og mála. Oft var numið staðar á leiðinni og teiknað. Þarna var myndefni, sem féll vel að Grettissögu, svo sem Hítará og Brúarfoss, Fagraskógarfjall og Grettisbæli og Eldborg. Gist var á Krossum, nokkru utar á nesinu. Þar bjó frændfólk Múlakotsfólksins og Ólafi var fagnað sem týndum syni. Enn var haldið utar á Snæfellsnes, um Staðarsveit og gist í Breiðuvík. Ólafur hafði áður komið að Krossum, líklega sjóleiðis, því ekki hafði hann komið til Borgarness fyrir

¹⁹² Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 1; Handritad. Kgl. Bibl. Johannes Larsen: Dagbók 3, einkum dagarnir 1.-9. ágúst 1927.

¹⁹³ Sama heimild.

en í þessu ferðalagi. Landslagið var honum ekkert nýnæmi, "Við fórum vestur alla Staðarsveitina og þar sjáum við ekkert sérstaklega merkilegt, falleg fjöll sem ég þekki öll og hefi málað þau áður. Við drekkum kaffi á Búðum. Þar þykir mér ekki eins fallegt og af er látið. Þaðan teikna ég Axlarhymnu." Gaman hefði verið að hafa umsögn Larsens.

Úr Breiðuvík var riðinn fjallvegurinn Kambsskarð, sem er stuttur en brattur og liggur yfir í Ólafsvík.¹⁹⁴ Þessi leið er nú aðeins farin af göngufólki, bflvegurinn liggur um Fróðárheiði. Ólafsvík komst ekki í vegasamband við umheiminn fyrr en árið eftir, haustið 1928 var fyrst klöngrast á bíl yfir Fróðárheiði. Sama bíl hafði Porkell Teitsson, sem rak bílaútgerð í Borgarnesi, ekið í margar könnunarferðir um sumarið, en Porkell var óvinninn bílstjóri.¹⁹⁵

Nú voru Larsen og Ólafur komnir á helstu söguslóðir Eyrbyggju, enda var teiknað af kappi. Ólafsvík er á báðar hendur lukt sæbröttum fjöllum, Búlandshöfða og Ólafsvíkurenni. Fyrir Ólafsvíkurenni var unnt að ganga, ef sætt var sjávarföllum og það gerðu þeir félagarnir. Búlandshöfði var ekki auðveldur viðureignar "snarbrattur og í miðri brekkunni uppi á hamrabrún er vegurinn. Það er eins gott að þeir séu ekki lofthraðdir, sem þar fara."

Frá Ólafsvík héldu þeir á vélbáti til Bjarnarhafnar, þangað var sjö tíma sigling. Í Bjarnarhöfn dvöldu þeir two daga og allmargar myndir teiknaðar í Bjarnarhöfn og Berserkjahrauni prýða Eyrbyggju-þýðinguna.

Í Stykkishólmi dvöldu Larsen og Ólafur 5 daga. Ólafur átti þar ýmsa kunningja frá fyrri komu sinni í Stykkishólm og Larsen kynntist Riis kaupmanni og Svane apótekara. Veðrið var rysjótt, en samt drógu þeir hvergi af sér og fóru um nágrennið, að Þórsnesi og Helgafelli, ýmist gangandi eða rifðandi. Það reið á að nota tímann vel, mikið var óunnið af fyrirhuguðu sumarstarfi. Eftir ferð í Breiðafjarðareyjar var ætlunin að halda inn Skógarströnd og um Dali, en ferðinni var frestað vegna veðurs.¹⁹⁶

26. ágúst skrifar Larsen: "Kl. 12 rider vi sammen. ... Apótekeren skal hente sin kone og 5 árige són, der har været i Danmark i Borgarnes. ... Kl. 10-11 kommer vi til Borgarnes. Spiser og går i seng." Daginn eftir stendur aðeins í dagbókinni: "Borgarnes. "Suðurland" kommer ved 4 tiden med apótekerens kone og dreng."¹⁹⁷ Engin skýring er gefin á breyttri áætlun, en greinilega hefur eitthvað komið fyrir. Frásagnarmáttinn er gjörbreyttur, það sem eftir er Íslandsdvalarinnar skrifar Larsen í símskeytastíl. Skýringarinnar er að leita hjá Ólafi.

Í dag ætlum við að Kárastöðum á leið norður og vestur, en nokkru áður en við leggjum af stað kemur símskeyti til Larsens sem breytir allri ferðinni. Konan hans liggur fyrir dauðanum og hann á að koma heim með fyrstu ferð. Þetta er nú meiri breytingin og hún ekki góð fyrir mig og því síður hann.¹⁹⁸

¹⁹⁴ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 2, 13.-16. ágúst 1927.

¹⁹⁵ Guðlaugur Jónsson: *Bifreiðir á Íslandi 1904-1930 II*, bls. 100-103.

¹⁹⁶ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 2, 17.-25. ágúst 1927.

¹⁹⁷ Handritad. Kgl. Bibl. Johannes Larsen: Dagbók 5, 26.-27. ágúst 1927.

¹⁹⁸ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 2, 26. ágúst 1927.

Larsen sneri til Danmerkur með fyrstu skipsferð. Sonur hans kom til móts við hann í Færeyjum og sagði lát móður sinnar. Það þurfti ekki að skrá í dagbók, engar líkur voru á að sú frétt gleymdist.

Þráðurinn tekinn upp að nýju

Svo virðist sem upphaflega hafi ætlunin verið að Larsen lyki teiknivinnu á Íslandi á einu sumri. Mjög ólklegt er að áætlunin hefði getað staðist. Komið var undir lok ágúst og eftir að fara bæði um Dali og allt Norðurland.

Reyndin varð sú að ekki veitti af heilu sumri til að ljúka verkefninu. Larsen kom aftur til Íslands 8. júní 1930 og fór 10. september. Allan tímann vann hann eins og veður leyfði. Enn var Ólafur fylgdarmaður Larsens um Ísland. Dagbækur beggja hafa varðveist og eru því heimild um ferðalögin. Enn sem fyrr eru daglegar athugasemdir um fugla og veðurfar sterkur þáttur í skrifum Larsens og iðulega eru fuglalýsingarnar hrífandi. Hann er stuttorðari um ferðina sjálfa en sumarið 1927, enda lá ferðin að hluta um sömu slóðir. Ólafur er hins vegar langorðari, virðist jafnvel stytta sér stundir við dagbókarskrif. Hugur hans þetta sumar var ekki eins fast bundinn við málverkið og áður.

Tveimur dögum eftir að Larsen kom til landsins kom Ólafur til Reykjavíkur og þeir skruppu í stutta ökuferð til Þingvalla. Þangað hafði Ólafur ekki komið áður. Veðrið var nöturlegt, hvasst og éljahraglandi.

Petta eru þá Þingvellir. Við förum út úr bílnum og göngum ofan í gjána en það er svo hvasst og kalt að við höldumst ekki við. Fagurt er á Þingvöllum þótt kuldalegt og hrjóstrugt virðist það núna vera. Hér er byrjað á útbúnaði fyrir þjóðhátiðina, búið að reisa tjöld og tjaldbúðir, en heldur virðist mér það allt vera óvistlegt. Við borðum í einhverju skúrskrifli, sem gustar svo í gegn að eldastulkurnar standa í kring við maskínuna með krókkloppnar hendur.¹⁹⁹

Degi síðar fara þeir austur í Fljótshlíð og dvelja nokkra daga í Múlakoti áður en lagt er af stað í langferð. Larsen varð ónotalega við þegar hann skynjaði aðgangshörku Markarfljóts.

Elven har for et års tid forandret sit løb, og skærer nu væk af tunet på den nordlige del af Múlakot så Árni har måttet flytte sit hegning 3 gange, for at der kan være ridning mellem tunet og elven. På grund af det varme vejr er den i dag vokset og gnaver rask væk af landet. Der hvor vi red for et par dage siden på vej til Þórólfsfell var det nu en rivende strøm. Den dag var det vel ca. 30 al. grønsvær med ridesten uden for tungjæret, nu var der vel næppe 10. Fra vandlinjen og en al. op var der et lag af sort aske, som stadig dryssede ned mellem det og mudder, et ca. 2 al. højt lag af rødbrun grus, som skred ned med grønsværen i klumper fra et til mange vognlæs efterhånden som askelaget skyllede bort.²⁰⁰

Pessi lýsing segir í raun allt sem þarf. Engin fyrirstaða er í öskulagi, sem straumvatn kemst að.

¹⁹⁹ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 1, 10. júní 1930.

²⁰⁰ Handritad. Kgl. Bibl. Johannes Larsen: Dagbók 2, 15. júní 1930.

Ferð til Víkur

Markmið fyrstu ferðarinnar þetta sumar var Mýrdalur. Fyrsti farartálminn á leiðinni var Markarfljót, en yfir það fylgdi Túbal í Múlakoti þeim og tók síðan hestana með sér heim. Nú voru komnir bílar austur fyrir fljót og meira að segja hörð samkeppni um farþega. Brandur Stefánsson, sem margir þekkja undir nafninu Vatna-Brandur, fékk líklega fyrsta bíllinn, sem skráður var í Vestur-Skaftafellssýslu, vorið 1927. Sá bíll kom með skipi til Víkur í þremur pörtum en samsetningin tókst með ólíkindum vel.²⁰¹

Næsta vor fór Óskar Sæmundsson í Garðsauka í Rangárvallasýslu með sinn bíl austur yfir fljót. Hann var dreginn af nokkrum hestum yfir Þverá og komst óskemmdur yfir. Óskar og Brandur tóku farþega frá BSR og Steindóri, sem höfðu fastar áætlunarferðir austur í Fljótshlíð, en farþegarnir voru reiddir yfir vötnin.²⁰²

Ólafur hafði pantað bíl hjá Óskari, sem átti að sækja þá til Seljalands og aka þeim til Víkur. Bíllinn var um 3 tíma á eftir áætlun því mikið var í öllum ám en loks sjá þeir til bílsins.

Hann kemur öslandi eins og ófreskja yfir polla og forað og gusurnar ganga í allar áttir. Og austur á bóginn höldum við með fljúgandi ferð yfir hálfófær lón og leðju. Það er eins og við ferðumst á kafbát, við erum annað kastið í einu vatnsbaði, en bíllinn er þéttur og heldur vel svo við vöknun ekcert, en vondur er vegurinn, við hendumst eins og boltar til í bílnum og liggar við meiðslum en ekki dugir að kvarta. ... yfir Hafursá og Skóggá. Hún er svo mikil að bílstjórinн verður að velja hana á undan bílum. Það gengur vel. Við Klifanda verðum við að fara út og leita að vaði og gengur það þolanlega.²⁰³

Þessi lýsing sýnir ástand vega austan Markarfljóts. Þeir voru að mestu niðurgrafnir troðningar, sem urðu hálfófærir þegar rigndi. Allar ár voru óbrúaðar, nema Jökulsá á Sólheimasandi, sem var brúuð 1921.

Í Vík gisti þeir hjá kaupfélagsstjóranum. Fyrsta daginn þar var svo mikið slagveður, að ógerlegt var að teikna úti við. Ólafur greip til þess ráðs að fá "lánaða glugga" í tveimur húsum, svo Larsen gæti teiknað útsýnið. Þegar Ólafur var orðinn þreyttur á að teikna fór hann að hlýða á músik í radiotækjum, sem vertinn hafði. Ólafur hafði líka hlustað á radio í ferðinni þremur árum fyrr því símstöðvarstjórinн í Stykkishólmi átti radio, sem Ólafur hlustaði á heilt kvöld.²⁰⁴ Þessar lýsingar eru umhugsunarefni, þar sem Ríkisútvarpið hóf ekki útsendingar fyrr en í desember 1930. Var unnt að ná erlendum stöðvum, eða átti Ólafur við plötuspilara?

Larsen og Ólafur létu Óskar aka sér um Mýrdalinn þangað sem á annað borð var bílfært. Stundum varð þó að grípa til hesta, eins og þegar ferðinni var heitið um Kerlingardal. Larsen var orðinn ferðavanur og hafði ýmsu kynnst í fyrri ferðum, en nú gekk fram af honum.

Jeg rider foran i god tro ad stien som vel forekommer mig ubehagelig, da den snoer langs et temmelig stejlt fjeld med åen temmelig langt nede, men jeg har dog været

²⁰¹ Sigþór Sigurðsson: *Vatna-Brandur*, bls. 55-56.

²⁰² Guðlaugur Jónsson: *Bifreiðir á Íslandi 1904-1930* I, bls. 210-211.

²⁰³ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 1, 17. júní 1930.

²⁰⁴ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 1, 18. júní 1930; Ferðadagbók 2, 23. ágúst 1927.

ude for noget lignende før. Men pludselig åbnede sig en udsigt som får mig til at fortryde min letsindighed. Jeg stoppede hesten og tænkte at stå af men turde ikke da jeg var bange for at vælte krikken ned. Jeg kunne mærke mit hjerte dunke lige ned i maven og bestemte mig så til at give krikken tøjlene og holde mig fast i sadlen.²⁰⁵

Alþingishátiðin

24. júni var haldið frá Múlakoti í ferðina miklu, ekki átti að koma aftur þangað fyrr en að lokkinni allri teknivinnu. Gist var við Ölfusá. Dagleiðin var löng, nær 12 tíma reið og mikil umferð bæði ríðandi og akandi manna. Næsti gististaður var á Efri-Brú. Þar fengu þeir herbergi þótt flestir heimamenn ætli á hátiðina. Viðhorf þeirra til hátiðahaldanna virðast ólisk. Larsen hefur allt á hornum sér: "Fanden i den fest, alle gårde er tomme, og det er ingen steder at være og ingen biler til andre steder end festen."²⁰⁶ Þótt alþingishátiðin hafi verið tilefnið til ferðar hans til Íslands, hefur hann ekki minnsta áhuga á sjálfum hátiðahöldunum.

Ólafur er hinsvegar upprifinn, hann nýtur þess að hitta gamla kunningja, sem eru á leið á hátiðina og það er auðfundið, að hann langar á Þingvöll. Hátiðadaginn er veðrið gott og þeir ríða áleiðis til Þingvalla frá Efri-Brú, en stansa oft til að mála.

Alltaf virðist mér segurra og segurra eftir því sem við ríðum lengra. Tignarleg fjöll allt um kring og vatnið spegilslétt við fætur manns. Djúpur friður er hér yfir öllu, en í nokkurra km fjarlægð sér maður til hátiðaplássins með þau ærsl og læti sem slíku fylgir. Nú get ég dæmt um Þingvelli, ég get ekki haft annað orð yfir þá en þeir eru dásamlegir í öllu sínu litskrúði og tign.²⁰⁷

Larsen ákvað loks að fara á hátiðina og vera þar í nokkra klukkutíma, það var hvort sem er ekkert hægt að fara neitt lengra fyrr en að hátiðahöldunum loknum. Ólafur dáðist að tjaldborginni miklu með um þrjátíu þúsund íbúum og naut þess að horfa á fornsýninguna og hlusta á sönginn. Hápunkturinn á hátiðinni var þó að í mannhafinu hitti hann bæði foreldra sína og allar þrjár systur, þá urðu nú fagnaðarfundir.²⁰⁸ Þó voru aðeins liðnir þrír dagar síðan þeir Larsen fóru frá Múlakoti.

Það voru varla margir heima í Múlakoti til að taka á móti gestum, enda engin þörf. Engin nöfn eru skráð í gestabók Múlakots dagana 24.-28. júní að báðum dögum meðtoldum. Allir, sem á annað borð voru á faraldfæti, fóru á alþingishátiðina á Þingvöllum.²⁰⁹

Larsen og Ólafur voru nokkra daga í Reykjavík áður en lengra var haldið. Peir fóru í bíó og sáu Sögu Borgarættarinnar, skoðuðu heimilisiðnaðarsýninguna og málverkasýninguna, en báðar þessar sýningar voru haldnar vegna þúsund ára afmælis alþingis. Málverkasýningin var viðamikil, sýnd voru 250 verk eftir 16 listamenn.²¹⁰ Ólafur var einn þeirra.

²⁰⁵ Handritad. Kgl. Bibl. Johannes Larsen: Dagbók 2, 20. júní 1930.

²⁰⁶ Johannes Larsen: Dagbók 2, 25. júní 1930.

²⁰⁷ Ólafur Túbals: Ferðadagbók 1, 27. júní 1930.

²⁰⁸ Sama heimild.

²⁰⁹ Héraðsskjalasafnið Skógum. Gestabók Múlakots 1930-1931.

²¹⁰ Öldin okkar. Minnisverð tíðindi 1901-1930, bls. 283.

Vegir eða vegleysur

Á árunum 1927-1931 sat ríkisstjórn Tryggva Þórhallssonar við völd. Til eru aðgengilegar upplýsingar um ýmsar framkvæmdir á vegum hins opinbera á þessu tímabili og þar sést hvílkt þrekvirki var unnið í vegamálum.

Jón Þorláksson fjármálaráðherra gerði árið 1926 opinberlega grein fyrir vegaáætlun þáverandi ríkisstjórnar og gerði ráð fyrir að árið 1940 yrði kominn bílfær vegur frá Borgarnesi norður um land til Húsavíkur. Ríkisstjórn Tryggva Þórhallssonar hafði aðrar áherslur. Í árslok 1930 var svo komið að telja mátti

*vel bílfært frá Borgarnesi til Húsavíkur, þó á köflum sé þar enn um ruddan veg að ræða, en eigi upphlaðinn; og um miðsumarmánuðina er nú orðið bílfært frá Reykjavík yfir Kaldadal til Húsavíkur; ennfremur er nú bílfær vegur um Mýra- og Snæfellsnessýslu til Stykkishólms, og frá Reykjavík víðsvegar um suðurláglendið austur að Pverá og Markarfljóti. Frá Markarfljóti til Víkur er sæmilega bílfært, þegar vel viðrar, en á þeiri leið eru margar óbrúaðar ár til hindrunar. Á milli Víkur og Skeiðarársands er að miklu leyti fært bifreiðum, en þar eru erfíð vatnsföll óbrúuð.*²¹¹

Johannes Larsen og Ólafur Túbals höfðu einmitt ekið til Víkur fyrr um sumarið. Þeir hefðu sjálf sagt samsinnt skýrsluhöfundi um lýsinguna á leiðinni þangað. Það sem eftir lifði sumars átti bæði eftir að reyna á vegi og vegleysur á ferð þeirra, en þeir komust loks á leiðarenda, að Mývatni, í ágústlok.

Í sömu skýrslu sést að símamál voru ekki látin sitja á hakanum. Aðallínur voru styrktar og smám saman teygðu símalínur sig um sveitir landsins. Fljótshlíðarlína var lögð að Múlakoti sumarið 1927.²¹² Koma símans varð ferðamönnum hagræði þar sem hún gerði þeim unnt að panta gistingu og aðra þjónustu. Það notuðu Larsen og Ólafur sér eftir föngum, einkum sumarið 1930.

Rafvæðing landsins var hins vegar mjög skammt á veg komin. Einkarafstöðvar risu þó víða, virkjað var í Múlakoti haustið 1927.²¹³

Fyrstu áfangarnir

Fyrsti áfanginn var ekki langur, ekið var að Hálsi í Kjós, þar sem dvalið var nokkra daga. Larsen teiknaði myndir sem síðar áttu eftir að prýða formála Gunnars Gunnarssonar að útgáfunni, en Ólafur var um annað að hugsa. Hann var þungt haldinn af veiðiástríðu og þetta sumar hafði laxveiðin forgang fram yfir málalistina, hefði hann tök á að renna fyrir lax. Sumarið 1930 hafði enskur maður, Cobland að nafni alla Laxá í Kjós á leigu og greiddi fyrir

²¹¹ Skýrslur um nokkrar framkvæmdir ríkisins 1927-1930, bls. 1.

²¹² Sama heimild, bls. 46-59.

²¹³ Johannes Larsen Museet. Sendibréf. Ólafur Túbals til Johannesar Larsens, 2.11.1927.

kr. 4.000.- Ólafi tókst að fá hjá honum leyfi til að láta reyna á veiðigæfuna. Næsta morgun vaknaði Ólafur snemma. "Úti er indælis veður svo ég er lengi í vafa um hvort ég skal gera, fara að mála eða veiða. Ég veit að mála er það nauðsynlega en ég læt undan freistingunni og fer ofaní á." Ekki er að orðlengja það að allan daginn handlék Ólafur veiðistöngina og lýsingar hans á glímunni við fiskinn eru bæði ítarlegar og fjörlegar. Hann var líka ánægður með aðbúnaðinn á Hálsi.

Hér er allt mjög huggulegt og hreinlegt, góður matur og yfirleitt líkar okkur hér ágætlega. Það er líka yfirhöfuð betra að vera á sveitabæjum en hótelum og það er ég viss um að okkar gistihús er af betri sortinni, ef miðað er við gistihús annars staðar úti um land.²¹⁴

Larsen líkaði líka vel dvölin á Hálsi, en þeim var ekki til setunnar boðið. Næst átti að teikna við Hvalfjarðarbotn. Sumarið 1930 var ekki bílfært yfir Reynivallaháls, en samt var völ á öðru farartæki en hestum. Sumarið áður hafði ríkisstjórnin keypt mótorbát, sem hafður var í ferjuflutningum yfir Hvalfjörð og reyndist mjög vinsæll. Þetta var stórvinnandi mikill bátur og yfirbyggður, þannig að vel fór um farþega.²¹⁵ Á þessum báti komust þeir í annarri tilraun inn í Hvalfjarðarbotn, en báturinn hafði áður orðið frá að snúa vegna veðurs. Peir voru síðar sottir á sama báti og ferjaðir norður yfir fjörðinn að Kalastaðakoti.

Nú voru ferðalangarnir aftur komnir í vegasamband, þannig að fenginn var bíll frá Akranesi. Ágætis bíll og bílstjóri sem Larsen var svo ánægður með, að hann ók þeim alla leið í Stykkishólm, en sú ferð tók nær viku. Launakröfur bílstjórans voru líka mjög sanngjarnar, bíllinn og bílstjóri kostuðu 55.- kr/dag, en bílstjórar í Borgarnesi kröfðust nær tvöfalt hærri greiðslu. Það munaði um minna.²¹⁶

Hraununum í Hítardal lýsir Larsen á mjög lifandi hátt, en þangað riðu þeir frá bænum Brúarfossi, meðan bílstjórinn beið.

Så kommer vi til et nyt hraun som er det mægtigste jeg endnu har set. Veldig højt og bølget med kamme og kløfter og revner og forvredne søyler og spir og toppe i lavningerne. Overgroet med hvidgråt mos og en enkelt bregne, et sted så jeg i et hul ved siden af stien en lyslilla gøgeurt. Vi står af og trækker hestene det sidste stykke og stiger ned af hraunet ved et vandskuret tuffjeld hvor Hitaråen kniber sig igennem. En grøn eng med et helt grønligt græsdækket lavt fjeld på tværs af dalen.²¹⁷

Ekki er að undra þótt þeir hafi teiknað og málað í Hítardalnum eins mikið og veður leyfði.

Veðrið lék ekki við Larsen þetta sumarið og greinilegt að honum þótti nóg komið, þegar aðeins hafði verið sólskin þrjá heila daga eftir mánaðardvöl á Íslandi. Larsen hafði keypt lítið tjald til að teikna í þar sem hann var reynslunni ríkari af veðráttunni fyrra sumarið. Ef mikið lá við og veðrið var rysjótt, var tjaldið reist.

²¹⁴ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 1, 2.-3. júlí 1930.

²¹⁵ Skýrslur um nokkrar framkvæmdir ríkisins 1927-1930, bls. 9, bls. 13.

²¹⁶ Handritad. Kgl. Bibl. Johannes Larsen: Dagbók 3, 13. júlí 1930.

²¹⁷ Sama heimild, 10. júlí 1930.

Það átti að heita svo að bílfært væri orðið í Stykkishólm, en leiðin þangað frá Borgarnesi var samt illfær í vætutíð, eins og Larsen og Ólafur fengu að sannreyna. Vegurinn var víða mikið niðurgraffinn og vestarlega á Mýrunum var vörubíll fastur í djúpum drullupytti. Á móti beið cassabíll, sem ekki komst framhjá. Bílstjóri þeirra sýndi þá snilli sína og sveiflaði sér yfir ófæruna milli bílanna og áfram var ekið. Grímsá á Kerlingarskarðsleið reyndist erfiðari farartálmi. Hún var enn óbrúuð og gat orðið kolósær í rigningum. Beðið var næsta dags og uppstyttru. Þá var án enginn hindrun lengur. Vegurinn upp í Kerlingarskarð fannst þeim hins vegar miklu hrikalegri en sjálfir Kambarnir.²¹⁸

Við Breiðafjörð

Í Stykkishólmi var dvalið nokkra daga í góðu yfirlæti, farið út í Breiðafjarðareyjar og í nágrennchasveitir til að teikna, því heldur lítið hafði miðað í fyrra ferðinni. Svane apótekari tók þeim með kostum og kynjum og hélt Larsen góðar veislur. Hann keypti meira að segja þrjár vatnslitamyndir af Ólafi og eru þær nú í eigu Hans Svane læknis, litla sonar apótekarans, sem var sóttur í Borgarnes í ágústlok 1927.²¹⁹ Hans er búsettur í Danmörku, en kom síðast til Íslands að fagna 60 ára stúdentsafmæli sumarið 2001.²²⁰

Næst var ferðinni heitið á slóðir Laxdælu. Líklega hefur ekki verið kominn akfær vegur inn Skógarströnd, a.m.k. voru þeir fluttir í opnum mótorbáti frá Stykkishólmi til Búðardals.

Aðalaðsetur þeirra var að Hjarðarholti í Dölum. Ólafi leið illa þennan tíma og hafði flest á hornum sér. Hann var magaveikur og þoldi illa það hnjas, sem ferðalaginu fylgdi, hvort heldur farið var á bíl eftir ósléttum vegi eða ferðast á hestbaki. Þegar honum leið sem verst sa hann helst ekkert fallegt og hafði ekki ánægju af að mála. Í Hjarðarholti var gætt mikillar reglu með matartíma, þeir voru stundvíslega kl. 12 og 7, þeir gestir, sem ekki komust í mat á réttum tíma, máttu snúa frá með tóman maga. Þetta hentaði mjög illa þeim Larsen, sem urðu að sæta lagi ef uppstytta var, til að teikna. Ólafi hafði verið fyrirskipað strangt mataræði, hveitibrauð og nýmjólk, egg og hlaup og helst ekkert annað. Í Hjarðarholti sékk hann aðeins mjólk og brauð og þótti það lítil tilbreyting. Í dagbók sinni gaf hann ráðskonunni í Hjarðarholti falleinkunn, húsið væri að sönnu sínt, en fólkid var stírfið.²²¹

Í fótspor Grettis

Larsen teiknaði af kappi og loks þótti honum sem nóg væri að gert í Dölunum. Sögunnið Grettissögu var heldur ekki langt undan. Milli Hjarðarholts og Borðeyrar í Hrútufirði var ekki

²¹⁸ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 1; Handritad. Kgl. Bibl. Jóhannes Larsen: Dagbók 3, 8.-12. júlí 1930.

²¹⁹ Vibeke Nørgaard Nielsen 19.10. 2001.

²²⁰ "Hans Svane læknir á æskuslóðum", *Morgunblaðið*, 22.6. 2001, bls. 21.

²²¹ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 2, 18.-24. júlí 1930.

langt, minna en 40 km ef farin var Laxárdalsheiði, margfalt lengra var að krækja suður á böginn og aka norður Holtavörðuheiði. Sá galli var hins vegar á gjöf Njarðar, að varla var talið bílfært skammleiðina, þótt hún hefði verið ekin. Alllöngu áður hafði verið lagður vegur, líklega kerruvegur, yfir Laxárdalsheiði, en hann hafði lítið viðhald fengið og um Laxárdalinn voru aðeins lagðir vegarspottar, sem gátu verið mun verri yfirferðar en gömlu slóðirmar. Sumarið 1928 fór Porkell Teitsson akandi nokkrar könnunarferðir yfir fjallvegi eins og áður hefur verið vikið að. Meðal þeirra leiða sem hann ók var leiðin yfir Laxárdalsheiði.²²²

Ólafi og Larsen þótti freistandi að reyna við Laxárdalsheiðina á bíl. Þeir trúðu illa sögum um ófærur, héldu helst Dalamenn kjarklausa. Þeir áttu samt eftir að komast að því fullkeyptu áður en yfir var komið. Eftir að hafa fest bílinn alloft í Laxárdalnum tók heiðin við. Leiðin upp á hana var sums staðar svo óglögg, að Ólafur varð að ganga á undan bílnum til að finna færa leið. Verstu brekkurnar voru svo brattar og hliðarhallinn mikill að Larsen gekk, en Ólafur hékk utan á bílnum sem mótvægi. Fegnir voru þeir þegar Borðeyri var loks náð eftir fjögurra tíma torfæruakstur.²²³

Húnavatnssýslan varð Larsen drjúgt myndefni, ekki aðeins fyrir Grettissögu, heldur líka Kormáks sögu og Hallfreðar sögu vandræðaskálds. Prestar urðu til að skjóta yfir þá skjólshúsi, fyrst presturinn á Melstað í Miðfirði, en síðar presturinn í Steinnesi í Þingi. Larsen teiknaði viða, meðal annars á Bjargi í Miðfirði og í Forsæludal, smádal inn af Vatnsdal, þar sem Grettir glímdi við Glám.

Í Skagafirði var loks lokastrikið dregið undir myndskreytingu Grettissögu, Larsen ferðaðist um héraðið, meðan Ólafur dvaldi að mestu hjá lækninum á Sauðárkróki. Nú voru þeir aftur komnir með eigin bílstjóra, sem þeir höfðu uns ferðinni lauk. Það kom sér án efa vel fyrir Larsen, því Ólafur var ekki alltaf ferðafær.

Báðir gerðu kirkjurnar í Skagafirði að umræðuefni í dagbókum sínum. Viðimýrarkirkja var fyrsta torfkirkjan, sem Larsen hafði augum litioð. Honum fannst kirkjan mjög falleg, þótt skelfilega sundurleitir steinolíulampar skemmdu heildarsvipinn. Ólafi fannst kirkjan ekki ásjáleg að utan, en að innan væri hún skemmtileg og "malerisk í fyllsta máta". Hann nefndi ekki lýsinguna. Báðir dáðust þeir að umhverfi Hóla í Hjaltadal og lýstu kirkjunni, en orðavalioð var ólíkt.

Vi er inde i domkirken, Islands ældste kirke, bygget under Frederik V. Pænt hvidtet hus og meget fattig indvendig, hvidtet fladt loft, et par krusifixer, et over legemsstørrelse og et lille, tarvelige grágule malede bænke, men en meget smuk, velbevaret udskåren altertavle med mange figurer fra omkring 1500. Et grimt kulørt trægitterværk skiller koret fra kirken. Foran vestgavlen Jón Arason og hans sønners gravsten.²²⁴

Hólabyrðan rís eins og herðabreiður risi sem passar dalinn og horfir með umhyggju yfir hin smærri fjöllin, sem líka eru mjög fallega formuð. Við skoðum kirkjuna,

²²² Guðlaugur Jónsson: *Bifreiðir á Íslandi 1904-1930 II*, bls. 102.

²²³ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 2, 25. júlí 1930.

²²⁴ Handritad. Kgl. Bibl. Johannes Larsen: Dagbók 4, 15. ágúst 1930.

elstu steinkirkju á landinu og biskupakisturnar í kórgólfínu. Altaristaflan er útskorin úr tré, ævagömul, hreinasta listaverk, aðalmyndin er krossfestingin.²²⁵

Penna Ólafs stýrði sú lotning, sem flestir Íslendingar bera fyrir Hólastað, en Larsen hafði miklu meiri samanburð við álíka gamlar, danskar kirkjur og sem útlendingur gat hann nefnt líka það sem miður fór.

Síðustu áfangarnir

Nú var farið að hillu undir lok ferðarinnar, komið var fram yfir miðjan ágúst og aðeins eftir að teikna myndir af sögusviði Víga-Glúms sögu. Þeir félagar Larsen, Ólafur og Ágúst bílstjóri voru níu daga í Eyjafirði. Teiknað var bæði út með firðinum, svo sem í Svarfarðardal og inni í Eyjafirði, þar sem þeir gisti hjá prestinum í Saurbæ, gömlum vini Ólafs.

Larsen skrifaði uppgefinn í dagbókina: "Túbals har igen fået mavetilfælde og konsulterede lægen her, den åttende eller niende siden vi rejste fra Múlakot, denne vil röntgenfotografere ham, det sinker en dag."²²⁶ Ólafur hafði gripið til þess ráðs, sem margur þjáður maður gerir. Hann leitaði til hvers læknisins á fætur öðrum í von um að hitta loks á þann, sem byggi yfir töfralausninni. Prisvar sinnum á ferðalaginu gekk hann undir viðamiklar læknisrannsóknir, á Hvammstanga, Sauðárkróki og Akureyri. Ólafur fékk þó hvergi fulla bót meina sinna, hann skrifaði: "Ég veit svei mér ekki hvað þetta ætlar að verða. Þeir gegnumlýstu mig og mynduðu en sáu ekkert. Þeim ber saman um að hér sé meltingartruflun og magakvef, en ekki sár eða krabbi."²²⁷

Ólafur bar sig vissulega illa og samkvæmt dagbókarskrifum hans hefði mátt halda, að hann hefði lítið sem ekkert málað. Engu að síður hélt hann sýningu þegar heim var komið. Á þeirri sýningu var 91 nafngreint verk. Þar af voru 65 myndir málaðar í ferðinni, bæði olíumálverk og vatnslitamyndir, auk fjölda lítilla vatnslitamynda, sem ekki báru sérstakt heiti.²²⁸ Það eru ekki svo lítil afköst.

Á Akureyri hittu þeir Geir Zöega, vegamálastjóra. Hann var ekki sannfærður um að unnt væri að komast á bíl yfir Vaðlaheiðina, þar sem vegagerðarmenn væru þar enn að störfum, en þeim gekk þó þokkalega aksturinn yfir að Ljósavatni. Eftir nokkurra daga dvöl þar var haldið áfram yfir Mývatnsheiði að Skútustöðum. Þar fengu þeir gistingu, þótt fjöldi gesta væri þar fyrir. Ólafur varð hugfanginn af Mývatnssveit.

Hér er hreint út sagt skínandi fallegt, minnir mig dálítið á Þingvöll, vatnið spegilslétt og svo þessi skínandi fjöll umhverfis og svo fuglamergðin á vatninu. Það er alveg dásamlegt hér að flestu leyti, en þó er árans mýið. Það er nú ljóti gallinn á svona dásamlega fallegu plássi. Ég fór niður í á að veiða strax í morgun og

²²⁵ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 2, 15. ágúst 1930.

²²⁶ Handritad. Kgl. Bibl. Johannes Larsen: Dagbók 5, 25. ágúst 1930.

²²⁷ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 3, 26. ágúst 1930.

²²⁸ L.I. Sýningarskrá. Ólafur Túbals 1930 staður óviss. Málverkasýning Ól. Túbals 1930.

veiddi two, en varð að flýja strax mátti heita út af myvargi, sem ætlaði alveg að gjöra útaf við mig og fór svo heim að mála. Málaði tvær stórar akvarellur.²²⁹

Larsen varð líka uppnumin, sá aragrúi fugla, sem hvarvetna blasti við, var alveg ótrúlegur. Allt var gott á Skútustöðum, "et udmærket madsted, ørrederne og blejkerne her er de største og fedeste på Island, jeg var begyndt at synes at det var nogle kedelige fisk, men disse var en drøm, både som kogte og røgede."²³⁰

1. september fóru þeir á báti yfir vatnið til Reykjahlíðar. Þar bar margt óvenjulegt fyrir sjónir. "På Reykjahlíð så vi kirken, der ligger på et tun ca 1 td. land stort, helt omgivet af lava, der en gang i 1700 og hvidkål ødelagde og utviskede gården, men levnede kirken."²³¹

Sumarið 1930 varð fyrst aksfært að Mývatni, þ.e.a.s. Álfagerði og Skútustöðum. Um svipað leyti var farið að halda uppi ferðum á vatninu á mótorbátum. Bátsferðir yfir vatnið héldust í mörg ár, þar sem vegagerð miðaði hægt. 1936 náði bílvegurinn að Höfða. Þar var þá haldin mikil hátíð í tilefni af heimsókn Kristjáns konungs X. Enn liðu tvö ár þangað til Reykjahlíð komst í vegasamband.²³²

Heim á leið

Nú var takmarki ferðarinnar náð, því marki, sem sett hafði verið þremur árum fyrr. Heimleiðin var framundan og allir sjálfsagt orðnir heimfúsir. Haldið var til Húsavíkur, þar átti að taka skip til Reykjavíkur. Skyndilega snerist Larsen hugur og ákvað að aka alla leið. Nú voru dagleiðir langar, jafnvel 10-12 tímar. Þó þurfti að gista þrisvar á leiðinni, á Akureyri, Blönduósi og í Svignaskarði. Premur árum fyrr höfðu Larsen og Olafur aðeins getað ekið að Bjarnardalsá á leið sinni upp Norðurárdal, brúin þar var þá í smíðum. nú var Holtavörðuheiði lítil hindrun, þótt vegurinn væri vondur.

Kaldidalur hafði verið ruddur sumarið áður, hann var þó ekki auðfarinn og er í raun enn seinfær.

En fire timer lang stenørken. Tilsynladende fuldstændig vegetationløs, men hist og her i gruset mellem de store sten står en Armeria eller en lille tue af pil (*S. herbacea*). Ved Skúlaskeið en længere strækning med store sten, nogle snespurve; senere da vi havde passert Ok en flok på ca 50 ... Ved Meyjarsæti var der lavet en ny meget stejl nedkjørsel vest om i stedet for den gamle øst om. Det var meget langt ned og vejen der slyngede sig ud og ind, meget ujevn med stenbunker ved siderne. Der kom vi altså lidt rask ned ad, jeg så Ágúst tage handbremsen et par gange uden at mærke nogen virkning og imens hoppede og dansede vi nedad. Jeg glemte at se på km tælleren. Endelig fik han magt over vognen og vi landede pænt nede på sletten.²³³

²²⁹ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 3, 31. ágúst 1930.

²³⁰ Handritad. Kgl. Bibl. Johannes Larsen: Dagbók 5, 30. ágúst 1930.

²³¹ Sama heimild, 1. september 1930.

²³² Guðrún Sigurðardóttir hótelstjóri í Reykjahlíð í viðtali við Jón R. Hjálmarsson: *Leiftur frá landi og sögu*, bls. 202, sjá greininu "Mannaferðir í Mývatnssveit", bls. 199-206.

²³³ Handritad. Kgl. Bibl. Johannes Larsen: Dagbók 5, 5. september 1930.

Pessi lýsing gæti raunar verið samnefnari fyrir lýsingu á íslenska vegakerfinu árið 1930. Bílstjórar þurftu að sýna fyllstu aðgætni, ef komast átti klakklaust á leiðarenda.

Komið var til Reykjavíkur að kvöldi þess 5. september. Ragnar Ásgeirsson beið þeirra á bryggjunni, þar sem hann bjóst við Larsen og Ólafi með strandferðaskipinu Esju. Svo virðist sem álíka langan tíma hafi tekið að sigla frá Húsavík austur fyrir land til Reykjavíkur og aka, eða fjóra sólarhringa.

Kveðjustund

Larsen var nokkra daga í Reykjavík áður en hann hélt utan til Danmerkur. Þann tíma notaði hann vel, heimsótti íslenska vini, sem hann hafði eignast í ferðum sínum, og vitjaði listamanna. Kjarval höfðu þeir hitt á Þingvöllum, þar var hann að mála. Þeir sáu hjá honum fjölda stórra málverka, sem hann var að vinna að, og heil býsn af teikningum. Í Reykjavík heimsótti Larsen Jón Stefánsson listmálara og valdi hjá honum málverk fyrir danskan vin sinn. Guðmundur Einarsson frá Miðdal var með sýningu í húsi sínu við Skólavörðustíg, þangað fór Larsen. Valtýr Stefánsson hafði verið fyrsti Íslendingurinn, sem Larsen hitti á Íslandi. Valtýr hélt honum góða veislu í kveðjuskyni. Síðustu Íslendingarnir, sem kvöddu Larsen á skipsfjöl, voru Ólafur Túbals og Ragnar Ásgeirsson.²³⁴ Larsen kom ekki aftur til Íslands, en hann hélt góðu sambandi við þá báða.

Hér hefur verið varið miklu rými í umfjöllun á ferðum Johannesar Larsens og Ólafs Túbals um Ísland sumurin 1927 og 1930. Tilgangurinn með því er margþættur. Ekki aðeins að sýna fram á hve mikil vinna bjó að baki myndskreytingu hátíðarútgáfu Íslendingasagnanna á dönsku, sem sýnir um leið, hve virðulega Danir vildu minnast þúsund ára afmælis alþingis, þessara merku tímamóta í sögu Íslands. Hér hefur verið sagt frá löngum og miklum ferðalögum, aðbúnaði ferðalanga og erfiðleikum. Jafnframt hefur verið leitast við að draga upp mynd bæði af mönnunum sjálfum og þjóðfélaginu íslenska. Líka hefur mátt skilja að samfélagið var í örum breytingum. Síminn náði til æ fleiri landsmanna, rafvæðingin var að hefjast í sveitum landsins fyrir frumkvæði bænda. Útvarpsvæðing var hafin, útsendingar íslensks útvarps stóðu fyrir dyrum. Unnið var að hafnargerð. Vegakerfið tók stórstígum breytingum. Sumarið 1927 var akvegakerfið enn mjög ófullkomið, sumarið 1930 var akfært frá Markarfljóti að Húsavík. Enn var þó hesturinn, þarfasti þjónninn, ómissandi, einkum í ferðum innan sveitar.

²³⁴ Sama heimild, 5-10. september 1930.

Listamannsferillinn

Þegar Ólafur kynntist Johannesi Larsen hefur hann að líkindum litið á sig sem fullþroska listamann, enda þrítugur að aldri. Hann hafði hlutið nokkra tilsgogn hjá Ásgrími Jónssyni og þegar haldið allnokkrar málverkasýningar í Reykjavík. Fyrsta sýning hans var síðla hausts 1922, hann var þá 25 ára. Gunnlaugur Blöndal hélt einnig sýningu um sama leyti. Um þessar sýningar urðu nokkur blaðaskrif. "Úlfar" birti grein í Tímanum, þar sem hann taldi Gunnlaug bera af öðrum íslenskum andlitsmálurum. Um Ólaf sagði hann

Túbals virðist fara vel með liti og kunna að velja sér viðfangsefni. En það mun hverjum manni ofraun að nema málralalist til fullnustu hér á landi. Skilyrðin eru of fábreytt. Því meira sem er spunnið í ungan listamann, því meira tjón er honum að því að geta ekki notið hæfilega langrar skólagöngu meðan hann er ungar.²³⁵

Ummæli "Úlfars" urðu kveikjan að athugasemd Ragnars Ásgeirssonar. Honum fannst varasamt að hrósa ungum listamönnum um of á kostnað annarra listamanna. Eins og "Úlfar" taldi hann Gunnlaug vaxandi listamann, en þó enn "amatör" í sinni list. Ennfremur sagði Ragnar

En Ólafur Túbals á eftir að sýna listamannshæfieika sína, það má nefna hann málara, en hann á eftir að læra mikið áður en hægt verður að nefna hann "listmálara". Og vilji hann þroska sig í málralalist, er honum óhjákvæmilegt að fara utan til náms, því óvist er að þeir fáu góðu listamenn sem við eigum, vilji taka nemendur.²³⁶

Bæði "Úlfari" og Ragnar bar saman um mikilvægi þess að fullnuma sig erlendis. Ólafur hugði þó ekki á utanlandsferð í bráð. Honum var heldur ekki hægt um vik. Foreldrar hans voru að vísu talin þokkalega efnum búin, en námsdvöl erlendis kostaði mikla fjármuni. Ólafur kvæntist árið 1924 Láru Eyjófsdóttur og þau settust að hjá foreldrum hans í Múlakoti. Ólafur virðist þó hafa haft allverulegan tíma til að mála, a.m.k. hélt hann iðulega málverkasýningar, t.d. í nóvember 1926.²³⁷ Það er því í rökréttu framhaldi, að hann hélt sýningu á afrakstri ferðar sinnar með Larsen sumarið 1927²³⁸, en því miður hafa sýningaskrár frá fyrstu málverkasýningum Ólafs ekki varðveist.

Sennilega hafa þeir Larsen rætt framtíð Ólafs sem listmálara á ferðum þeirra sumarið 1927 og Larsen brýnt Ólaf á að afla sér aukinnar menntunar á því sviði. Hvernig svo sem það hefur borið að tók Ólafur þá miklu ákvörðun að sigla til Danmerkur.

Víða hefur verið minnst á námsdvöl Ólafs ytra og eru heimildir mjög á reiki. Upplýsingar í *Íslenzk myndlist*, "Listkynningu Mbl. Ólafur Túbals" og *Íslenskum málurum* stangast mjög á.²³⁹

²³⁵ Úlfar: "Tvær málverkasýningar", *Tíminn*, 25.11. 1922, bls. 156.

²³⁶ Ragnar Ásgeirsson: "Athugasemd", *Tíminn*, 30.12. 1922, bls. 172.

²³⁷ (Auglýsing) *Morgunblaðið*, 30.10. 1926 bls. 1.

²³⁸ Johannes Larsen Museet. Sendibréf. Ólafur Túbals til Johannesar Larsens 2. 11. 1927.

²³⁹ Björn Th. Björnsson: *Íslenzk myndlist*, I. bindi, bls. 245; "Listkynning Mbl. Ólafur Túbals" *Morgunblaðið*, 26. maí 1957, bls. 1; *Íslenskir málarar*, síðara bindi, bls. 410.

Dagbókarskrif Ólafs sjálfss taka þó af öll tvímæli. Ólafur hélt dagbækur í utanlandsferðum sínum. Hann hafði sama hátt á og í ferðum sínum með Larsen og notaði dagbókarskrifin jafnframt sem sendibréf. Af dagbókunum má sjá að Ólafur hélt tvisvar utan. Frá fyrri ferðinni hefur aðeins varðveist ein bók. Á henni stendur Dagbók no. 2 til Láru og mömmu. Dagbókin spannar yfir dagana 27.2.-11.3. en ártal vantart. Aðrar heimildir taka af vafa. Varðveist hefur bréf frá Ólafi, sem er skrifað í Múlkoti 28. 2. 1928.²⁴⁰ Hann hefur því ekki verið í Kaupmannahöfn um mánaðarmótin febrúar-mars árið 1928. Í minnisbók frá árinu 1929 stendur hins vegar við 10. febrúar "Ég er að kveðja allt hér, í dag er skemmtilegt, síminn bilaður heima og margt og margt", við 24. febrúar stendur "kom til Hafnar" og við 27. febrúar stendur "flutti á pensjónatið".²⁴¹ Ekkert er skrifað í minnisbókina eftir 27. febrúar. Á fyrstu síðu dagbókarinnar stendur "Ég flutti mig í þetta pensjónat í dag. Ég hef þar góða stofu og mat og allt þetta fyrir 125 kr á mánuði."²⁴² Hér þarf því ekki frekari vitna við. Engar heimildir hafa fundist fyrir því, hvenær Ólafur fór frá Danmörku, en þar sem ekki var kennt í Listakademíunni á sumrin, hefur dvölin ytra ekki verið margar vikur. Með góðum vilja má þó segja, að Ólafur hafi verið í Danmörku veturni 1928-29.

Fyrri Danmerkurdvölin

Þótt dagbókarfærslur Ólafs um fyrri dvölinu nái aðeins yfir 13 daga, gefa þær allnokkrar upplýsingar. Guðmundur Einarsson frá Miðdal hafði verið samskipa Ólafi til Danmerkur. Guðmundur - Mannsi - og Ólafur voru góðir vinir og Guðmundur dvaldi iðulega í Múlkoti. Daginn sem Ólafur flutti á pensjónatið hélt Guðmundur til Þýskalands. Ferðinni var heitið til München til náms, en Guðmundur hlaut sína listamannsmeintun að mestu í Þýskalandi.

Ólafur var þó alls ekki einn á báti í Kaupmannahöfn, þar var allnokkur fjöldi Íslendinga, ættingjar og kunningjar úr Fljótshlíðinni og listamenn sem Ólafur þekkti áður, svo sem Einar Jónsson myndhögvari og Ásgeir Bjarnþórsson listmálarí. Ólafur komst í kynni við þá ungu, íslensku málara, sem voru á Akademíunni. Hann bæði heimsótti þá í skólann og fór með þeim út að skemmta sér. Hann nafngreindi þó aðeins einn þeirra, Jón Engilberts, sem virðist hafa tekið hann upp á sína arma og sýnt honum undur Kaupmannahafnar. Nánar verður vikið að því síðar hverjir hinir listamennirnir voru.

Ólafur skoðaði ýmis söfn þessa fyrstu daga í Kaupmannahöfn. Hann lýsti Glyptotekinu fjálglega í skrifum sínum, en Thorvaldsensafnið olli honum nokkrum vonbrigðum. Á Stadsmuseum bað hann leyfis til að teikna, sem var auðsótt, eftir að hann fékk vottorð hjá íslenska sendiherranum (Sveini Björnssyni).

Johannes Larsen lét ekki sitt eftir liggja. Þótt hann byggi á Fjóni, kom hann til Kaupmannahafnar. Hann gerði vel við Ólaf. Þeir fóru á málverkasýningu í Den frie Udstilling,

²⁴⁰ Johannes Larsen Museet. Sendibréf. Ólafur Túbals til Johannesar Larsens, 28.2. 1928.

²⁴¹ Einkasafn Sigr. Hj. "Handbók fyrir skrifstofur með almanaki 1929."

²⁴² Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 2, 27. febrúar 1929.

heimsókn til vinar Larsens og í ökuferð um Kaupmannahöfn og út í "dýragarðinn", sem var fyrir utan borgina, ásamt syni Larsens. Hér á Ólafur sjálf sagt við skemmtigarðinn Dyrehavsbakken. Nokkrum dögum síðar hittust þeir aftur og fóru fyrst á veitingahús en síðan út fyrir bænn, þar sem Larsen bjó hjá auðugum vini sínum. Ríkidæmið þar og fburðurinn gekk langt fram af Ólafi, aldrei hafði hann séð nokkuð sem gæti komist í hálfkvisti við þá Aladínshöll.²⁴³

Síðasta dagbókarfærslan, sem varðveist hefur, er mikilvæg.

Ég fer þaðan upp á Akademí að hitta einn prófessorinn og hann segir mér að ég geti komið þar inn og teiknað og málað, en það kostar mikla peninga. Ég verð nú samt að gjöra það til þess að fá duglegan kúrs og svo er það gott upp á seinni tímamann að hafa teiknað á Akademíunni.²⁴⁴

Ólafur gerði sér fyllilega grein fyrir þeim töframætti, sem fólst í því, að hafa sótt tíma í Listaakademíunni.

Ólafur hélt málverkasýningu 1929. Sýningarskráin hefur varðveist. Af titlum mynda má ráða, að þar hafi verið sýndar nokkrar af myndunum, sem málaðar voru í ferðinni sumarið 1927 og síðan myndir af heimaslöðum.²⁴⁵ Dagbókarfærslur Ólafs bera með sér að hann hafi málað af kappi meðan hann dvaldi ytra. Samt er engin myndanna á sýningunni málud í Danmörku. Sýningin hefur því líklega verið haldin í janúar eða snemma í febrúar 1929 til að afla farareyris. Ekki kæmi á óvart, þótt í ljós komi síðar, að hann hafi haldið sérstaka sýningu með Danmerkurmyndunum.

Síðari Danmerkurdvölín

Ólafur hélt aftur til Danmerkur á útmánuðum 1934. Skipið lagði úr höfn 1. mars og kom viku síðar til Kaupmannahafnar, eftir stutta viðvöl í Skotlandi. Ólafur fór til Edinborgar ásamt öðrum farþegum og skoðaði hallir og söfn. Nokkurn tíma tók að finna hentugt húsnæði í Kaupmannahöfn og eins var Ólafi tíðfarið til lækna, einkum augnlæknis. Fljótlega er sem Ólafur sé haldinn nokkru vonleysi og hann ráðgerir heimferð með Brúarfossi 31. mars, ef heilsan batni ekki.

Ólafur hafði samband við Johannes Larsen símleiðis, en leiðir þeirra virðast ekki hafa legið saman í þetta sinn. Larsen var að fara í nokkurra vikna ferð til Jótlands, þar sem hann ætlaði að mála og Ólafur hafði í hyggju að heimsækja hann þegar hann kæmi aftur. Síðasta færsla í dagbókina var 26. mars og þá er Larsen ókominn heim.

Ólafur fór á söfn og nokkrar málverkasýningar þrátt fyrir augnveikina, en hann var sem von er hraeddur við að reyna um of á augun. Meðal annars sá hann sýningu þar sem Larsen átti

²⁴³ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 2, 27. febrúar - 11. mars 1929.

²⁴⁴ Sama heimild, 11. mars 1929.

²⁴⁵ L.Í. Sýningarskrá. Ólafur Túbals 1929 Reykjavík. Málverkasýning Ólafs Túbals. (sýning Laugvegi 1 1929).

þrjú málverk, en hann hafði þá nýlega haft stóra sýningu í Kaupmannahöfn, þar sem hann seldi drjúgt að Ólafs sögn.

Ólafur virðist ekki hafa umgengist íslenska listamenn þann tíma, sem hann dvaldi í Kaupmannahöfn, enda var hann sjálfsagt töluvert eldri en þeir, sem þá stunduðu þar listnám, rígfullorðinn maður, 37 ára gamall. Flestir gömlu vinirnir voru líka komnir heim. Engu að síður fór hann upp í Akademíuna þar sem hann talaði við gamla kennarann sinn, Aksel Jørgensen. Hann var þá professor yfir allri Akademíunni, eins og Ólafur orðaði það.

Eftir vikudvöl í Kaupmannahöfn keypti Ólafur pappír og liti og byrjaði að teikna. Eins sótti hann tíma í svo nefndan "krokkískóla", þar sem voru teiknuð módel.²⁴⁶

Bók 3 með færslum dagana 18.-22. mars hefur glatast, en 23. mars er Ólafur mjög glaður. Nokkrum dögum áður hafði hann hitt Svenn Poulsen ritstjóra hjá Berlingske Tidende, sem tók honum mjög vel. Svenn Poulsen kom fyrst til Íslands sumarið 1907 í föruneyti Friðriks konungs áttunda og skrifaði bók um ferðina. Hann kom oft til Íslands, m.a. árið 1931, en þá kom hann í Múlakot ásamt Ragnari Ásgeirssyni.²⁴⁷ Poulsen lofaði Ólafi að hjálpa honum við að koma myndum sínum á framfæri í Kaupmannahöfn og 23. mars kom kona hans ásamt gagnrýnanda til að líta á myndir Ólafs.

Nú er kritikerinn búinn að vera hjá mér og ég ætla nú ekki að segja ykkur hvað ég er montinn, glaður og forviða, því þessi kritiker, sem er með betri málurum Dana, hún var svo ánægð með myndirnar að hún vildi endilega að ég hefði útstillingu og það sem fyrst. Ekki svo að skilja að hún teldi þær gallalausar, nei, en hún sagði svo margt gott í þeim og sérstaklega kvað þær vera stílhreinar og íslenskar.²⁴⁸

Ólafur sagði sem var að þetta væru eiginlega leifarnar af síðustu sýningu og það varð að orði að hann stefndi að sýningu í Kaupmannahöfn í febrúar að ári.

26. mars virðist sem Ólafur sé að undirbúa heimferð, hann gerir upp við læknana og ræðir við Svein Björnsson sendiherra, sem ráðleggur honum eindregið frá að halda sýningu þetta vor, geyma það til næsta árs. Sömu ráð fékk hann hjá öllum þeim, sem hann þekkti best. Hann lýkur bókinni með þessum orðum "Ef ég kem ekki með Brúarfossi, þá kem ég ekki fyrr en eftir mánaðartíma hér frá. En ég er næstum ákveðinn í að koma heim núna."²⁴⁹

Ekki rættist draumurinn um að halda málverkasýningu í Kaupmannahöfn. Heilsa föður Ólafs var tekin að bila og heimilið kallaði á starfskrafta hans. Börnin voru orðin þrjú og þótt Lára, kona hans, ynni af einstakri ósérhlífni, varð Ólafur að axla sína ábyrgð og leggja fjölskyldunni meira lið en hann hafði gert fram að þessu.

²⁴⁶ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 1, 2, 4, 1.-26. mars 1934.

²⁴⁷ Héraðsskjalasafnið Skógum. Gestabók Múlakots 1930-1931.

²⁴⁸ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 4, 23. mars 1934.

²⁴⁹ Sama heimild: 26. mars 1934.

Málararnir í Múlakoti

Þegar hefur komið fram að ýmsir helstu málarar landsins sóttu gjarnan myndefni til Fljótshlíðarinnar og dvöldu þá iðulega í Múlakoti.

Í gestabókum Múlakots standa nöfn allmargra listamanna, en ekki hefur alltaf tekist að sanna, að þeir hafi málað í Múlakoti. Svo er um Jóhann Briem og Eyjólf Jónsson Eyfells. Þeir komu báðir í Múlakot sumarið 1927²⁵⁰ en ekki hefur tekist að finna beinar heimildir fyrir að þeir hafi mundað pensilinn þar. Að vísu eru til myndir úr Fljótshlíð eftir Eyjólf, en þar sem hann var fæddur á Seljalandseli undir Eyjafjöllum, er eins líklegt að hann hafi dvalið á heimaslöðum, þegar hann málaði þær.²⁵¹ Sama gildir um Gunnlaug Blöndal, sem kom þar ári síðar, ekki er að sjá í sýningarskrám, sem varðveist hafa, að hann hafi málað í Múlakoti. Gunnlaugur og Ólafur voru engu að síður góðir vinir og hann gaf Ólafi og Láru fallegt málverk í brúðargjöf.

Íslenskar myndlistarkonur, sem hlutu viðurkenningu á fyrrí hluta 20. aldar, eru ekki margar, en svo skemmtilega vill til að nöfn nokkurra þeirra hafa varðveist í gestabókum Múlakots. Sumarið 1928 skrifaði Júlíana Sveinsdóttir listmálarí nafn sitt ásamt Sveini bróður sínum og næsta sumar á eftir voru saman á ferð Júlíana, Kristín Jónsdóttir og Valtýr Stefánsson.²⁵² Þessar tvær listakonur þekktust vel, enda stunduðu þær báðar myndlistarnám í Kaupmannahöfn á öðrum áratug 20. aldar.

Júlíana fór til Kaupmannahafnar haustið 1909. Hún þurfti að nema alllengi utan Listaaakademíunnar uns verk hennar hlutu náð hjá dómnefnd skólans. Hún stundaði þar síðan myndlistarnám frá því haustið 1912 til vors 1917. Kristín var hins vegar tekin beint inn í undirbúningsdeild skólans haustið 1911 og lauk námi vorið 1916.²⁵³ Ferill vinkvennanna varð óliskur. Júlíana dvaldi mestan sinn starfsaldur í Danmörku. Hún helgaði sig listvæfnaði síðar á ævinni og hlaut mikið lof fyrir. Kristín giftið að námi loknu Valtýr Stefánssyni, síðar ritstjóra, og hafði sem húsmóðir á umsvifamiklu heimili sjálfsgagt minni tök á að sinna listinni en hún hefði kosið.

EKKI SKAL NEITT FULLYRT UM HVORT ÞÆR STÖLLUR HAFI MÁLAÐ Í MÚLAKOTI, MEÐAN ÞÆR DVÖLDU ÞAR SAMAN, EN BÁÐAR VÖLDU SÉR OFT MYNDEFNI AF SVÆÐINU OG MUNU HAFNA KOMIÐ MUN OFTAR Í MÚLAKOT EN GESTABÆKUR VITNA UM.²⁵⁴

Júlíana var fædd og uppalin í Vestmannaeyjum og margar af hennar bestu myndum sýna Vestmannaeyjar. Óhjákvæmilegt er að líta til lands úr eyjum og þar blasir Eyjafjallajökull við í forgrunni, enda teiknaði Júlíana hann séðan frá Vestmannaeyjum. Júlíana var heima sumarið 1921 og dvaldi þá um skeið á Húsafelli, en tveimur árum síðar málaði hún málverk úr

²⁵⁰ Héraðsskjalasafnið Skógum. Gestabók Múlakots 1926-1929.

²⁵¹ Björn Th. Björnsson: *Íslenzk myndlist* I. bindi, bls. 237-238.

²⁵² Héraðsskjalasafnið Skógum. Gestabók Múlakots 1926-1929.

²⁵³ Björn Th. Björnsson: *Íslenzk myndlist* I. bindi, bls. 131, 149.

²⁵⁴ Ólafur B. Guðmundsson fv. ritstjóri Garðyrkjuritsins, 20.1. 2002.

Fljótshlíð, sem nú er í ríkislistasafni Dana.²⁵⁵ Á minningarsýningu, sem ættingjar hennar efndu til, var teikning "Frá Fljótshlíð", sem ber ártalið 1925.²⁵⁶

Ekki fer á milli mála að Kristín málaði í Múlakoti því það má sannreyna í sýningarskrám. Stuttu eftir andlát hennar voru haldnar tvær sýningar með verkum hennar, önnur í Bogasal Þjóðminjasafnsins haustið 1962, en hin á Akureyri. Í bæði skiptin voru 19 verk til sýnis, en þó ekki öll þau sömu. Málverk frá Múlakoti var á báðum sýningum og mynd frá Þórólfsá í Fljótshlíð á annarri. Í sýningarskránum er hvergi getið hvenær myndirnar voru málaðar.²⁵⁷ Á Listahátfið í Reykjavík var haldin vegleg yfirlitssýning til heiðurs Kristínu Jónsdóttur. Þar voru a.m.k. sex myndir, sem tengdust Fljótshlíðinni en þar af ein af Múlakoti. Þessar myndir voru málaðar á árunum 1945-1959, sem sýnir hve oft Kristín dvaldi á þessum slóðum.²⁵⁸

Dönsku málararnir

Það er freistandi að skipta þeim listmálurum, sem komu í Múlakot, upp í two hópa; þá sem kynntust Fljótshlíðinni áður en Ólafur Túbals fór til Kaupmannahafnar, og svo hina, sem kynntust Fljótshlíðinni í gegnum Ólaf.

4. júní 1929 standa í Gestabók Múlakots nöfnin Paul Høm maler og Egon Hansen maler. Í júlfyrjun segjast þeir halda af stað út í óvissuna og hafa því líklega dvalið í Múlakoti í tæpan mánuð. 30. ágúst skrifa þeir enn og kalla sig þá "beskægget vildmand Paul Grovæder og "Vildmand Egon Fossemark".²⁵⁹ Í bók um líf og list Paul Høm er greint stuttlega frá Íslandsför hans. Þar kemur fram að þeir félagar hafi fengið styrk frá Listaakademíunni til námsferðar um Ísland. Þeir hafi verið fljótir að skoða "skylduna", en síðan hafi þeir farið að kanna Ísland á eigin spýtur.²⁶⁰ Í bréfi sem Paul Høm skrifaði í Múlakoti 12. júní, kvartaði hann undan tungumálaörðugleikum og að þeir geti helst ekki átt orðaskipti við annan en "vår islandske ven."²⁶¹

Það kemur hvergi beinlínis fram, að Ólafur hafi kynnst þessum dönsku piltum vikurnar sem hann var gestanemandi í Listaakademíunni vorið 1929, en það er þó mjög líklegt. Egon Hansen virðist aðeins hafa verið í hópi hinna minni spámannna málaralistarinnar. Hans er þó

²⁵⁵ Björn Th. Björnsson: *Íslensk myndlist* I. bindi, bls. 158.

²⁵⁶ L.I. Sýningarskrá. Júlíana Sveinsdóttir 1974 Kjarvalsstaðir. Júlíana Sveinsdóttir minningarsýning á vegum ættingja hennar á Kjarvalsstöðum 30.3.-7.4. 1974.

²⁵⁷ L.I. Sýningarskrár. Kristín Jónsdóttir 1962 Bogasalur; 1963 Gildaskáli KEA. Sýning á síðustu verkum Kristínar Jónsdóttur listmálara í Bogasal Þjóðminjasafnsins 13.-27. október 1962; í Gildaskála KEA, Akureyri 28. júlí til 5. ágúst 1963.

²⁵⁸ L.I. Sýningarskrá. Kristín Jónsdóttir 1980 Kjarvalsstaðir. Kristín Jónsdóttir Kjarvalsstaðir Listahátfið í Reykjavík 1980, 1. júní-27. júlí.

²⁵⁹ Héraðsskjalasafnið Skógrum. Gestabók Múlakots 1926-1929.

²⁶⁰ Peter Tiemroth: *Paul Høm*, bls. 23.

²⁶¹ Einkasafn Helen Otto. Sendibréf. Paul Höm til Hjalmar Nielsen og fjölskyldu, 12.6. 1929.

getið meðal danskra listmálara árið 1947.²⁶² Þegar Grete Linck minntist danskra félaga sinna, sem sóttu tíma hjá Aksel Jörgensen og urðu þekktir í heimalandi sínu, nefndi hún Paul Høm.²⁶³ Høm stundaði nám í Listaakademíunni árin 1924-1929 og Aksel Jörgensen var annar aðalkennari hans. Þegar fram liðu stundir urðu viðfangsefni hans einkum af tvennum toga, annars vegar teiknaði hann fjölskylduna, eiginkonu og börn og hins vegar ýmis trúarleg viðfangsefni og eru kirkjuskreytingar hans mjög þekktar.²⁶⁴

Høm málaði mikið þessa sumarmánuði á Íslandi en hélt þó ekki sýningu þegar heim var komið, eins og virðist þó hafa verið ætlunin. Það var eitthvað við hina íslensku birtu sem honum fannst hann ekki koma til skila á sannfærandi hátt.²⁶⁵

Ólafi og Høm virðist hafa orðið vel til vina og þegar Ólafur kom aftur til Kaupmannahafnar árið 1934, hafði hann strax samband við Høm. Ólafi sveið fátæktarbaslið hjá vini sínum, það var þó bót í máli að hann átti góða konu. "Hún er einstaklega indael, lítil stúlka. Hún er málari líka, ég kynntist henni á akademíunni, þegar ég var þar. Hún teiknaði þá á sömu afdeilingu og ég ... Hún hjálpar honum mjög mikið, hún málar líka og selur."²⁶⁶

Kirsten Høm stundaði nám í Listaakademíunni árin 1925-1930 og þar var Aksel Jörgensen annar aðalkennari hennar. Á langri starfsævi málaði hún einkum myndir af börnum, en andlitsmyndir hennar af fullorðnum þykja líka mjög góðar.²⁶⁷

Íslensku strákarnir

Jón Engilberts var eini Íslendingurinn, sem Ólafur nafngreindi, sem stundaði nám við Listaakademíuna, en það má auðveldlega finna nöfn hinna. Gunnlaugur Scheving taldi upp nokkra Íslendinga sem hann kynntist í Kaupmannahöfn, þá Jón Engilberts, Sigurjón Ólafsson og Ólaf Túbals.²⁶⁸ Grete Linck var nákvæmari í sinni upptalningu, hún tók fram hjá hvaða kennara hver var. Gunnlaugur og Jón Engilberts voru hjá Aksel Jørgensen en Sveinn Pórarinsson í deild Ejnars Nielsens. Þótt þessir þrír væru allir við málaranám, fannst Grete þeir mjög ólíkir. Sigurjón Ólafsson var hins vegar í myndhöggyvaradeildinni hjá Utzon Frank.²⁶⁹ Allir fjórir giftust dönskum konum, sem stunduðu líka listnám, flestar við Listaakademíuna, og þær fluttust með mönnum sínum til Íslands. Aðeins ein þeirra, Tove kona Jóns, hætti listsþópun við hjónaband.

²⁶² H. Slyngbom: *Dansk kunstnerleksikon*, bls. 171.

²⁶³ Grete Linck Grönbech: *Árin okkar Gunnlaugs*, bls. 12.

²⁶⁴ Weilbach *Dansk kunstnerleksikon* 3. bindi, bls. 453-454.

²⁶⁵ Peter Tiemroth: *Paul Høm*, bls. 23.

²⁶⁶ Einkasafn Sigr. Hj. Ólafur Túbals: Ferðadagbók 1. 10.3. 1934.

²⁶⁷ Weilbach *Dansk kunstnerleksikon* 3. bindi, bls. 453.

²⁶⁸ Matthías Johannessen: *Gunnlaugur Scheving*, bls. 39.

²⁶⁹ Grete Linck Grönbech: *Árin okkar Gunnlaugs*, bls. 14.

Allir þessir menn hafa ritað nöfn sín í gestabækur Múlakots. Jón kom þangað sumarið 1931 ásamt Eggerti Guðmundssyni og dvaldi a.m.k. tíu daga.²⁷⁰ Ekki hefur tekist að fá fullvissu um að Eggert hafi málað þessa daga, sem hann dvaldi í Múlakoti, eða að hann hafi komið þar síðar til að mála. Á sýningu hans á Kjarvalsstöðum voru reyndar tvær myndir, þar sem myndefnið er óneitanlega tengt Fljótshlíðinni, "Gunnarshólmi" og "Víg Práins"²⁷¹, en þær gætu auðvitað verið málaðar annars staðar, undir áhrifum af lestri Njálu.

Jón átti eftir að dvelja bæði oft og lengi í Múlakoti og mála þar mikið, þótt ekki standi um það stafur í bókinni *Hús málarans*. Tove, kona hans, dró hins vegar ekki á það dul.

Um sumarið fórum við að Múlakoti í Fljótshlíð og Jón málaði sem mest hann mátti og haustið 1943 hélt hann sína fyrstu sýningu í vinnustofunni á annarri hæð hússins, sem var þá fullbúin. Allar myndirnar seldust og skuldirnar voru greiddar upp ... Við vorum alltaf á Þingvöllum eða í Múlakoti á sumrin á þessum árum og Jón hélt árlega sýningu. Við vildum reyna að leggja fyrir því við stefndum að því að flytja til Danmerkur svo fljótt sem auðið yrði eftir að stríðinu lyki.²⁷²

Og Jón hélt þessum vana eftir að ákvörðunin um að vera um kynnt á Íslandi var tekin: "Ég fór stundum ein [til Danmerkur] með tvíburana meðan Jón var að mála á Þingvöllum eða í Múlakoti."²⁷³

Jón hafði búið í Danmörku að námi loknu, enda kvæntur danskri konu og hafði haslað sér völl í dönsku listalífi. Fjölskyldan kom heim með Esjunni í hinni frægu Petsamoför 1940, eins og margir aðrir Íslendingar, sem bjuggu í Danmörku. Vinur hans, Eggert Guðmundsson, og fjölskylda komu líka til Íslands í sömu ferð. Jón réðist fljótt í húsbýggingu þótt pyngjan væri líklega létt. Henni lauk í árslok 1942 og ári síðar hélt hann sýningu í húsi sínu þar sem hann sýndi þrjátíu olísumálverk og yfir tvö hundruð teikningar og vatnslitamyndir, sem hann hafði málað austur í Fljótshlíð þá um sumarið.²⁷⁴

Enn varð dvöl í Múlakoti Jóni efniviður í málverkasýningu, það var vorið 1953. Sumarið áður hafði hann dvalið hjá Ólafi vini sínum í Múlakoti í liðlega two mánuði og Tove var þar líka nokkuð af tímanum.²⁷⁵ Í tilefni af sýningunni sagðist Jón hafa verið að hreinsa sig af öllum isnum og erlendum áhrifum og finna sjálfan sig. Myndefni Jóns þóttu um margt nýstárleg því þarna mátti sjá bæði landslagið og gróður og garða í Múlakoti, en líka ýmsar hliðar sveitalífsins; heimasætuna, smalann og húsdýrin og jafnvel var jeppinn, þarfasti þjónninn, með á mynd.²⁷⁶ Sýning Jóns í Listamannaskálanum var stór í sniðum, þar sem hann

²⁷⁰ Héraðsskjalasafnið Skógrum. Gestabók Múlakots 1930-1931.

²⁷¹ L.Í. Sýningarskrá. Eggert Guðmundsson 1974 Kjarvalsstaðir. Eggert Guðmundsson málverkasýning, sýnt á Kjarvalsstöðum 11.5-26.5. 1974.

²⁷² Jónína Michaelsdóttir: *Eins manns kona Minningar Tove Engilberts*, bls. 130.

²⁷³ Sama heimild, bls. 144.

²⁷⁴ Ólafur Kvaran og Baldur Óskarsson: *Jón Engilberts*, bls. 22.

²⁷⁵ Héraðsskjalasafnið Skógrum. Gestabók Múlakots 1942; 1951-1958.

²⁷⁶ Ólafur Kvaran og Baldur Óskarsson: *Jón Engilberts*, bls. 30.

sýndi 113 verk, en séu heiti verkanna athuguð, mætti ætla að liðlega helmingur þeirra sé málaður í Múlakoti.²⁷⁷

Sigurjón Ólafsson og Tove, fyrri kona hans, skrifuðu bæði nöfn sín í gestabók Múlakots sumarið 1934. Það er heldur ólíklegt að þau hafi unnið þar að listsköpun, þar sem þau lögðu bæði stund á höggmyndalist, þótt Tove væri upphaflega útlærð í tréskurði. Sama má segja um Einar Jónsson myndhöggvara, sem kom í Múlakot sumarið áður.²⁷⁸ Einar var gamall fjölskylduvinur og tók vel á móti Ólafi í Danmörku, eins og áður hefur komið fram.

Vinátta Ólafs og Gunnlaugs Scheving varð mjög nán og entist meðan báðir lifðu. Orð Gunnlaugs eru vitnisburður um að Ólafur var skamma hríð við nám í Listaakademíunni: "Og Ólafur Túbals?" "Hann var ekki lengi þarna. Ég kynntist honum betur seinna hér heima. Hann var skemmtilegur félagi og málaði margar góðar myndir."²⁷⁹ Matthías Johannessen, sem festi þessi ummæli Gunnlaugs á bók, fylgdi þeim ekki nánar eftir og gat engu við bætt, þegar hann var inntur eftir því.²⁸⁰

Gunnlaugur og Grete kona hans settust að á Seyðisfirði að Danmerkurvdöl lokinni og bjuggu þar í nokkur ár og einnig í Reykjavík uns Grete fór alfarin til Danmerkur árið 1939. Grete nefndi Ólaf Túbals hvergi á nafn í bók sinni, þannig að líklega dvöldu þau Gunnlaugur aldrei í Múlakoti. Gunnlaugur virðist hafa verið töluvert í Múlakoti á árunum 1940-1946, en elsta mynd, sem fundist hefur í sýningarskrám, er vatnslitamynd frá árinu 1942, hún heitir "Austan úr Fljótshlíð".²⁸¹ Sveitalífsmyndir Gunnlaugs hafa orðið mjög frægar og á ýmsum þeirra notar hann sama myndefni í mörgum útgáfum, nægir þar að nefna myndefnið karl, kona, kýr. Engum getum skal að því leitt, hvort þar megi kenna áhrifa frá dvöl í Múlakoti, en óneitanlega getur sá grunur vaknað.

Nafn Gunnlaugs er aðeins einu sinni skráð í gestabók, en það var sumarið 1953 þegar hann var á ferðinni ásamt Ragnari Jónssyni í Smára.²⁸² Múlakot og Fljótshlíðin virðast þó hafa verið ofarlega í huga Gunnlaugs á sjötta áratugnum, ef marka má sýningaskrár.²⁸³ Gunnlaugur Scheving gaf Listasafni Íslands mjög veglega dánargjöf, þar sem eru myndir hans, allt frá smáskísum til fullunninna verka. Þar á meðal eru fjölmargar myndir frá Múlakoti og Fljótshlíðinni, en merkingu margra þeirra er því miður mjög ábótant.

²⁷⁷ LÍ. Sýningarskrá. Jón Engilberts 1953 Listamannaskálinn. Myndlistarsýning Jón Engilberts í Listamannaskálannum 5.-17. maí 1953.

²⁷⁸ Héraðsskjálasafnið Skógum. Gestabók Múlakots 1932-1941.

²⁷⁹ Matthías Johannessen: *Gunnlaugur Scheving*, bls. 40.

²⁸⁰ Matthías Johannessen rithöfundur, 17.2. 2002.

²⁸¹ LÍ. Sýningarskrá. Gunnlaugur Scheving 1996 Stöðlakot. Myndir úr eign Gunnlaugs Pórðarsonar: Gunnlaugur Scheving 1904-1972. Vatnslitamyndir frá fyrri hluta aldarinnar og allt til ársins 1968. Sýningarskrá Stöðlakots 16.11.-1.12. 1996.

²⁸² Héraðsskjálasafnið Skógum. Gestabók Múlakots 1942;1951-1958.

²⁸³ LÍ. Sýningarskrár. Gunnlaugur Scheving 1954 [Listamannaskálinn]; 1970 Listasafn Íslands. Málverkasýning í tilefni af fimmtíu ára afmæli Gunnlaugs Scheving (1954) haldin af Félagi íslenzkra myndlistarmanna. Listasafn Íslands: Gunnlaugur Scheving yfirlitssýning nóv.-des. 1970.

Gunnlaugur virðist þó oftar hafa haft hug á að dvelja í Múlakoti, því tvisvar er nafn hans skráð í bókanabókum, bæði 1959 og 1963.²⁸⁴ Gunnlaugur hélt ítarlegar dagbækur síðustu ár ævi sinnar, en hann byrjaði þau skrif sumarið 1961. Ekki er að sjá að hann hafi komið í Múlakot sumarið 1963, en Múlakot og Fljótshlíðina ber þó stundum á góma í dagbókum hans. Ólafur var nefndur þar nær daglega í júní 1962, en hann var þá með sýningu í Listamannaskálánum, sem vinir hans hjálpuðu við að hengja upp. Þar voru að verki auk Gunnlaugs Jón (Engilberts), Hrólfur (Sigurðsson) og Pétur Friðrik og sjálfsgagt hefur verið glatt á hjalla hjá þeim, a.m.k. var nóg "conijac", eins og Gunnlaugur orðaði það. Í dagbókarskrifum Gunnlaugs sumarið á eftir sést, að myndefni frá Fljótshlíð var honum tamt þótt ekki færí hann austur. Þetta sumar vann hann að mynd frá Múlakoti, Háamúla, kvöldmynd frá Fljótshlíð og mynd af Eyjafjallajökli.²⁸⁵

Ekki hefur varðveist dagbók Gunnlaugs frá árinu 1964, en það ár dó Ólafur. Gunnlaugur minntist þessa góða vinar í minningargrein.²⁸⁶

Gunnlaugur nefndi þá Pétur Friðrik og Hrólf, sem aðstoðuðu þá gömlu félagana frá Kaupmannahöfn. Þeir tilheyrðu í raun annarti kynslóð listamanna, voru tölувert yngri. Hrólfur Sigurðsson átti þó á vissan hátt samleið með þessum gömlu jóxlum. Hann hafði verið í Múlakoti og málað og hafði nýlokið við að halda sýningu í Bogasalnum. Þar sýndi hann þrjátíu myndir og þar af voru tvær frá Múlakoti.²⁸⁷

Erlendu listakonurnar og íslenskir eiginmenn

Eins og áður hefur komið fram, giftust vinir Ólafs í Listaakademíunni allir dönskum listakonum, en listakonur frá öðrum löndum hafa líka auðgað íslenskt menningarhlíf. Hér verður þó aðeins minnst tveggja þeirra, sem báðar tengjast Múlakoti. Greta og Jón Björnsson komu í Múlakot sumarið 1931.²⁸⁸ Greta, sem var sánsk, og Jón kynntust meðan bæði voru við nám í listaskóla í Stokkhólmi og settust síðan að á Íslandi árið 1930. Jón virðist ekki hafa helgað sig listinni a.m.k. ekki opinberlega eftir að heim var komið, en hann var málarameistari og hafði mikið að gera í sínu fagi. Greta hélt hins vegar allnokkrar málverkasýningar, bæði einkasýningar og með öðrum og eins var þeim hjónum falin vinna við allmargar kirkjur, þar sem hún annaðist skreytingarnar.²⁸⁹ Þau hjónin komu iðulega í Múlakot, sem sést m.a. á því

²⁸⁴ Einkasafn Sigr. Hj. Bókanabók Múlakots 1959-1960; 1961-1963.

²⁸⁵ LÍ. Dagbækur Gunnlaugs Scheving, 1962; 1963.

²⁸⁶ Gunnlaugur Scheving: "Ólafur Túbals, listmálarí." *Morgunblaðið*, 4. 4. 1964, bls. 6.

²⁸⁷ LÍ. Sýningarskrá. Hrólfur Sigurðsson 1962 Bogasalur. Myndaskrá Hrólfur Sigurðsson málverkasýning í Bogasalnum 14.-23. apríl 1962.

²⁸⁸ Héraðsskjalasafnið Skógum. Gestabók Múlakots 1930-1931.

²⁸⁹ Björn Th. Björnsson: *Íslenzk myndlist II bindi*, bls. 225-227.

að á sýningu hennar í Listamannaskálanum árið 1956 var vatnslitamynd, sem bar heitið "Múlakot eftir öskufallið 1947."²⁹⁰

Hinn fjölhæfi listamaður Magnús Á. Árnason var fjölskylduvinur í Múlakoti og kom þangað iðulega. Magnús og Ólafur voru nær jafnaldra. Flestir íslenskir myndlistamenn, sem létu að sér kveða á fyrri hluta síðustu aldar, leituðu á svipaðar slóðir, þegar kom að listnámi erlendis. Þeir sóttu skóla ýmist á Norðurlöndum, einkum þó Danmörku, eða í Þýskalandi. Magnús fór hins vegar ótroðnar brautir, þegar hann hélt vestur um haf og var þar í 12 ár, eða þangað til 1930, við fjölbreytta listsköpun en einkum nám í höggmyndalist og myndlist.²⁹¹ Magnúsi var tiðförlut austur í Múlakot; ýmist var hann einn eða með konu sinni, Barböru. Hún var mikill listamaður og hafði hlotið menntun sína í ýmsum þekktum listaskólum í fæðingarlandi sínu, Englandi. Barbara var ákaflega fjölhæf myndlistarkona, hún lagði stund á trústungu og málmrístu og skreytti ýmsar bækur, en eins hafði hún mjög gott vald yfir vatnslitum svo nokkuð sé nefnt.²⁹² Barbara og Magnús ferðuðust mikið, einkum á sumrin og í september 1950 dvöldu þau í Háamúla í Fljótshlíð.²⁹³ Í Háamúla er einmitt til ljómandi falleg vatnslitamynd af litlum dreng, sem Barbara málaði þá um haustið.

Vífill sonur þeirra var mikið með þeim á ferðalögnum og honum er þetta haust mjög minnisstætt. "Við vorum líka í Múlakoti þetta haust og foreldrar mínrísuðu þar margar gullfallegar myndir. Mér er þetta sérstaklega minnisstætt, því þetta var einmitt þegar Geysir fórst og leitin af honum stóð yfir."²⁹⁴ Magnús Á. Árnason og Veturliði Gunnarsson voru síðustu myndlistamennirnir, sem skrifuðu nöfn sín í gestabók Múlakots, en þeir voru þar á pílagrímsferð haustið 1965.²⁹⁵ Það hefur sennilega verið í þessarri ferð, sem Magnús lagði drög að myndinni "Fossar í Fljótshlíð", hún ber ártalið 1965 og var á sýningu, sem haldin var í tilefni af sjötugsafmæli hans síðar sama haust.²⁹⁶ Ólafur lést liðlega ári áður, á aðfaranótt föstudagsins langa.

Hér hafa verið nefnd nöfn allmargra listamanna, sem tengdust Múlakoti á einn eða annan hátt. Enn einu sinni er ástæða til að taka fram, að gestabækur, sem þó hefur einvörðungu verið stuðst við í þessarri samantekt, eru mjög óáreiðanlegar heimildir. Þegar hefur verið tekið fram, að ekki hafa varðveisist samfellt gestabækur þess tímabils, sem hér um ræðir. Eins er auðvelt að láta sér yfirsjást, eða lesa vitlaust í nafn. Einnig er óvitað, hvort allir eru skráðir í bækur. Lestur sýningarskráa hefur síðan verið helsta aðferðin til að reyna að komast að raun

²⁹⁰ L.I. Sýningarskrá. Greta Björnsson 1956 Listamannaskálinn. Málverkasýning Gretu Björnsson í Listamannaskálanum 21.-30. apríl 1956.

²⁹¹ Björn Th. Björnsson: *Íslenzk myndlist*, I. bindi, bls. 219-221.

²⁹² Sama heimild II bindi, bls. 229-230.

²⁹³ Guðbjörg Kristjánsdóttir: *Barbara Moray Williams Árnason*, bls. 87.

²⁹⁴ Vífill Magnússon arkitekt, 7.4. 2002.

²⁹⁵ Héraðsskjalasafnið Skógrum. Gestabók Múlakots 1962-1974.

²⁹⁶ L.I. Sýningarskrá. Magnús Árnason 1965 Listamannaskálinn. Yfirlitssýning á verkum Magnússar Á. Árnasonar í tilefni af sjötugsafmæli hans í Listamannaskálanum 30. okt.-7. nóv. 1965.

um hvort listamaðurinn hafi í raun og veru unnið að myndsköpun í Múlakoti. Þar eru heimildir því miður gloppóttar. Nær ekkert er varðveitt af sýningarskrám sem eru eldri en frá 1930 og mjög tilviljanakennt, hvað hefur varðveist um sýningar, sem voru haldnar fyrir 1960. Engin sýningarskrá er varðveitt hjá Listasafni Íslands frá sýningum Sveins Þórarinssonar listmálara, svo dæmi sé tekið. Það táknað þó ekki, að hann hafi aldrei haldið málverkasýningu. Eins er vel hugsanlegt að listamaður hafi málað í Múlakoti, en þær myndir aldrei ratað á sýningu.

VII. NIÐURSTÖÐUR

Hér á undan hafa verið raktir ýmsir þættir, sem saman mynduðu eina heild, einn vef, mannlíf í Múlakoti á 20. öld.

Byrjað var á að rekja örlítið sögu búskapar í Múlakoti einkum eins og hún birtist í fasteignamatsbókum. Þar sést að bústofn virðist að verulegu leyti hafa staðið í stað frá því fyrstu heimildir eru tiltækar og fram yfir 1946.

Að baki því liggja tvær meginþýringar. Önnur er sú að íslenska bændasamfélagið var lengst af kyrstætt, allar breytingar á því voru mjög hægar, þrátt fyrir tilskipanir konungs og góðar hugmyndir upplýsingarmanna urðu áhrif þeirra ekki jafnmiklar og æskilegt hefði verið. Ástæðurnar eru auðvitað margar, en óblíð náttúra og fjármagns- og tækjaskortur vega þungt. Hin skýringin er landeyðing. Vissulega á uppblástur þar nokkra sök, eins og kemur fram í ljósingu á landi Múlatorfunnar í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Varla hefur dregið úr honum, heldur hefur fjallbeit haldið áfram að versna. Markarfljót var þó mun skæðara eyðingarafl. Það gekk mjög á allt gróðurland á láglendi, jafnt ræktað sem óræktað. Því virðist svo að það sem ávannst í landbúnaðarframförum á tuttugustu öld hafi jafnöðum tapast vegna ágangs fljótsins. Naumast hefur því verið unnt að stækka bústofninn og álitamál hvort hann hafi nægt til að framfæra heimilinu með auknum kröfum fólks á tuttugustu öld, meðan ekki var unnt að beisla fljótið.

Gestkvæmt var lengstum í Múlakoti. Til þess lágu náttúrulegar orsakir, þar sem við túnfótinn rann fljótið mikla, Markarfljót. Það varð auðveldara yfirferðar eftir því sem innar dró og minna vatn var í því. Eins laðaði Þórsmörk að sér náttúruunnendur, en þangað var ekki komist öðru vísi en rifandi í fylgd með kunnugum.

Á fyrsta aldarfjórðungi tuttugustu aldar bötnuðu samgöngur mjög og bílar tóku smám saman við af hestum. Ár voru brúaðar og vegir bötnuðu þótt hægt færi að margra mati. Lengi vel var þó ekki unnt að komast lengra akandi en frá Hvalfjarðarmynni í vestri til Markarfljóts í austri. Fljótshlíðarvegur varð þjóðvegur á því tímabili.

Ferðalög Johannesar Larsens og Ólafs Túbals um Ísland á árunum 1927 og 1930 bregða birtu á margt. Ekki aðeins á þessa tvo menn, heldur líka á þjóðfélag, sem var á miklu breytingaskeiði. Það er líka auðfundið, að Ólafur var ekki aðeins að aðstoða Larsen sem leiðsögumaður og stunda list sína, sem hann unni svo mjög. Hann var einnig að búa sig undir lífsstarfið, sem hann vissi innst inni að beið hans.

Það liggur í augum uppi að nema þarf staðar þegar ekki verður lengra komist. Það er nóg að líta í eigin barm til að gera sér grein fyrir eftir hverju ferðamaður sækist á áningastað, hann sækist eftir fegurð og unaði í einhverri mynd svo hugur hans og líkami hvílist og endurnærist. Sannarlega skortir ekki fallegt landslag, jökla og tíguleg fjöll í Fljótshlíðinni, eða andstæður, þar sem eru gróandinn gagnvart auðn Markarfljótsaursins. Nóg er líka af fallegum

fossum innarlega í hlíðinni þar sem Gluggafoss í Merkjaá er þeirra mestur og sérkennilegastur. En ferðamaðurinn sækist líka oft eftir fallega gróinni, skjólgóðri laut bæði til að snæða í og njóta allrar náttúrufegurðarinnar. Þar fannst enginn staður sem jafnaðist á við Múlakot.

Það þarfnað sérstaks hugarfars til að geta breytt áþján í hagsbót; gestastrumi, sem hefði getað riðið fjárhag heimilisins að fullu, í tekjulind, sem á tímabili gaf vel af sér. Til þess þarf bæði bjartsýni og baráttuvilja og Múlakotshjónin Guðbjörg og Túbal virðast hafa haft nóg af þeim eiginleikum, líklega var það ættarfylgja. Minna má á að þau hjónin voru bræðrabörn. Þau réðust í að kaupa bújörð sína um leið og tækifærið bauðst. Eins er það mikil ákvörðun að byggja sérstakt hús við ísbúðarhúsið, sem fyrst og fremst var ætlað til veitingareksturs. Sú ákvörðun hefur sjálfsagt verið tekin í fullu samráði við ungu hjónin, Láru og Ólaf. Það er naumast tilviljun að bæði var virkjað og hafist handa við undirbúning veitingahússbyggingar á sama ári. Rafvæðingin létti alla þjónustu við gesti og jók sérkenni staðarins.

Enn er þó ónefnt það sem gerði gististaðinn Múlakot í Fljótshlíð engum öðrum gististöðum líkan. Það var listhneigð húsráðenda, sem virðist líka hafa verið ættarfylgja. Þessi listhneigð fékk að njóta sín bæði hjá Guðbjörgu í ræktuninni og Ólafi í myndlistinni.

Ræktun Guðbjargar í Múlakoti var svo óvenjuleg að hún var áratugum á undan sinni samtíð. Þótt gróður hafi verið hluti af eðlilegu umhverfi sveitabarna, skar Guðbjörg sig úr og virðist frá barnsaldri hafa haft brýna þörf fyrir að segra umhverfi sitt. Ef til vill var ræktun hennar á skrautgróðri ekki síst sérstök fyrir þá sök að hún var innan um gróður alla tíð. Henni tókst líka með bjartsýni og þrautseigju að móta gróðurreit, sem átti hvergi sinn líka. Aðeins á stöku stað í stærstu bæjum, Reykjavík eða Akureyri, var unnt að finna garða, sem jöfnudust á við garð Guðbjargar. Garðurinn í Múlakoti dró að sér mikinn fjölda gesta. Þar ríkti andrúmsloft, sem fólk hafði aðeins lesið um í bókum.

Listin átti líka sinn mikla þátt í að vekja athygli á Fljótshlíðinni í heild og Múlakoti sérstaklega. Náttúrufegurð Fljótshlíðarinnar varð brátt vinsælt viðfangsefni þegar íslenskir málarar fóru að festa landslag á léreft. Ásgrímur Jónsson, sem er sjálfsagt fyrsti íslenski málarinn, sem þar mundaði pensil, dvaldi löngum hjá Guðbjörgu og fjölskyldu hennar í Múlakoti. Vinir hans og lærisveinar í listinni tóku hann sér til fyrirmynðar á margan hátt, líka með val á myndefni og dvalarstað.

Ekki má gleyma hlut Ólafs, en listhneigð fjölskyldunnar fékk mikla útrás hjá honum. Ólafur var líka mikill vinur vina sinna. Íslensku strákarnir, sem tóku svo vel á móti honum þegar hann kom til Hafnar, áttu ætíð öruggt skjól hjá Ólafi þegar eitthvað bjátaði á, og eins var þeim velkomið að gleðjast með honum, ef svo bar undir. Sama gilti um aðra myndlistarmenn. Miklir flokkadrættir voru í íslenskri myndlist á tímabili. Þeir sem máluðu landslagsmyndir voru mikid í Múlakoti. Segja má að þar hafi verið vísir að listamannanýlendu.

Hér hefur verið reynt að bregða ljósi á þá þætti, sem sem mynduðu þá sérstöku heild, sem mannlíf í Múlakoti var fram yfir miðja tuttugustu öld. Þar var ekki aðeins séð fyrir

frumþörfum ferðamanna, að fá fæði og húsaskjól. Staðurinn, garðurinn, listin og síðast en ekki síst viðmótt heimamanna, allt myndaði þetta eina heild.

Lausnarorð ferðaþjónustunnar nú á dögum er fjölbreytni og menningartengd ferðaþjónusta er draumsýn forystumanna starfsgreinarinnar. Í Múlakoti var ferðaþjónustan menningartengd, þess vegna minnast gestir staðarins enn dvalar þar með sérstakri ánægju.

HEIMILDASKRÁ

ÓPRENTAÐAR HEIMILDIR

EINKASÖFN

Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt.

Einar E. Sæmundsen [skógarvörður] "Úr skýrslu um plantanir og gróðursetningar einstakra manna og félaga í skógarvarðarumdæmi VI. Tekið saman sumarið 1910."

Otto, Helen.

Sendibréf. Paul Høm til Hjalmar Nielsen og fjölskyldu 12.6. 1929.

Sigríður Hjartar (Sigr. Hj.).

Bókanabók Múlakots 1959-1960.

" " 1961-1963.

Gestabækur Múlakot 1957.

" " 1962, 1963, 1975, 1977, 1980-1982.

" " 1970-1972.

" " 1973-1982.

"Handbók fyrir skrifstofur með almanaki 1929."

Ólafur Túbals. Byggingakostnaður. Útborgunardagar.

" " Ferðadagbók 1,2 1927.

" " " 2 1929.

Ólafur Túbals. Ferðadagbók 1,2,3, 1930.

" " " 1,2,4, 1934.

Sjóðsbækur Múlakots 1953-1973.

Verðlagsstjóri. Verðskrá. Veitingahús utan Reykjavíkur II flokkur, 20. júní 1946.

" Verðskrá Múlakot 30. júní 1949.

GARDÝRKJUFÉLAG ÍSLANDS (G.I.)

Fundargerðabók stjórnarfunda Garðyrkjufélags Íslands árin 1940-1960.

HANDRITADEILD HINS KONUNGLEGA BÓKASAÐNS Í KAUPMANNAHÖFN (Handritad. Kgl. Bibl.)

Johannes Larsen. Dagbók 1,2,3,5, 1927.

" " Dagbók 2,3,4,5, 1930.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ SKÓGUM

Gestabók Múlakots 1926-1929.

"	"	1930-1931.
"	"	1932-1941.
"	"	1942; 1951-1957.
"	"	1962-1974.

JOHANNES LARSEN MUSEET

Sendibréf. Ólafur Túbals til Johannesar Larsens 2.11. 1927.

" " " " " 28.2. 1928.

LISTASAFN ÍSLANDS (L.I.)

Gunnlaugur Scheving. Dagbækur 1961-1972.

Sýningarskrár.

Brynjólfur Þórðarson	1982	Listasafn Íslands.
Eggert Guðmundsson	1974	Kjarvalsstaðir.
Greta Björnsson	1956	Listamannaskálinn.
Gunnlaugur Scheving	1954	[Listamannaskálinn].
" "	1970	Listasafn Íslands.
" "	1996	Stöðlakot.
Hrólfur Sigurðsson	1962	Bogasalur.
Jón Engilberts	1953	Listamannaskálinn.
Jón Stefánsson	1920	Kunsthandler Kleis Kaupmannahöfn.
" "	1941	Grønningen Kaupmannahöfn.
" "	1943	" "
" "	1961	" "
" "	1981	Kjarvalsstaðir.
Júlíana Sveinsdóttir	1974	Kjarvalsstaðir.
Kristín Jónsdóttir	1962	Bogasalur.
" "	1963	Gildaskáli KEA.
" "	1980	Kjarvalsstaðir.
Magnús Á. Árnason	1965	Listamannaskálinn.
Ólafur Túbals	1929	[Laugarvegur 1].
" "	1930	[Reykjavík].

SAMBAND VEITINGA- OG GISTIHÚSAEIGENDA

Aðalfundir Gjörðabók 1945-1956.

Stjórnarfundir fundargerðir 16.9. 1946-30.5. 1950.

SÝSLUMANNSEMBÆTTIÐ Í RANGÁRVALLASÝSLU

Virðingargjörð 31. mars 1946. Múlakot II í Fljótshlíðarhr., Rang.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS (PÍ.)

Jarðamat 1849-1850 Rangárþing.

Manntal 1840: Rangárvalla og Ánessýslur.

Manntal 1870: Árnes- og Gullbringusýslur.

Manntal 1870: Skaftafellssýsla - Vestmannaeyjar.

Manntal 1880: Skaftafellssýslur - Vestmannaeyjar.

Manntal 1901: Rangárvallasýsla.

Skjalasafn Fjármálaráðuneytis:

Fasteignamat 1930 Rangárvallasýsla 2 Vestur-Landeyjahr., Fljótshlíðarhr., Hvolhr.

Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Rangárvallasýslu 1916.

Skjalasafn Landbúnaðarráðuneytis:

1998 BA/281

Skjalasafn presta og prófasta:

Breiðabólstaður í Fljótshlíð

BA- 4 Prestsþjónustubók 1816-1835.

BA- 5 Prestsþjónustubók 1836-1890.

BC- 2 Sóknarmannatal 1802-1817, 1819 og 1821.

BC- 3 Sóknarmannatal 1823-1833.

BC- 4 Sóknarmannatal 1834-1859.

Fljótshlíðarþing

BA- 2 Prestsþjónustubók 1817-1856.

BA- 3 Prestsþjónustubók Teigs 1817-1881.

BA- 4 Prestsþjónustubók 1857-1890.

BA- 5 Prestsþjónustubók Eyvindarmúla 1817-1886.

BC- 2 Sóknarmannatal 1808, 1809 og 1811-1817.

BC- 3 Sóknarmannatal 1820-1824, 1826 og 1828-1854.

BC- 4 Sóknarmannatal 1855-1857 og 1859-1870.

Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd

BA- 3 Prestsþjónustubók 1851-1894.

BC- 8 Sóknarmannatal 1866-1879.

Skjalasafn Samgönguráðuneytis:

1995 B/112 Gistihúsahald; styrkveitingar.

Skjalasafn Skrifstofu Forseta Íslands:

1986 B/26 Fálkaorðan: Skjöl orðunefndar.

1996 HB/1 Orðuskrá.

Skjalasafn Stjórnarráðs Íslands:

Str Í. II Db 12 nr. 972.

Str Í. II Db 13 nr. 715-717.

Skjalasafn Sýslumannsins í Rangárvallasýslu:

Rang 1990 DB/3 1 1910-1917 Afsals- og veðmálabók.

Rang 1990 DC 1/2 1 1891-1977 Landamerkjabók Rangárvallasýslu II.

Rang 1990 DD 2/1 1 1887-1916 Skuldabréf og kaupsamningar.

Rang 1990 DD 2/1 17 1916-1942 Ýmis skuldabréf, vottorð og fleira varðandi Túbal
Karl Magnússon, Múlakoti í Fljótshlíð, 1916-1942.

Skjalasafn Viðskiptaráðuneytis:

1994 B/96.

PRENTAÐAR HEIMILDIR

Alþingistíðindi 1945 -1951.

Anna Vigfúsdóttir frá Brúnum: "Sr. Jakob Ó. Lárusson. Minning." *Goðasteinn*. 9 - 1, bls. 57-63.

(Auglýsing). *Morgunblaðið*. 30.10. 1926, bls. 1.

Árbók. 1929, Ferðafélag Íslands.

Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1. bindi, Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn, 1913-1917.

Ásgrímur Jónsson: *Ásgrímur Jónsson*. Tómas Guðmundsson færði í letur. Helgafell, Reykjavík, 1962.

Biblían. Pað er heilög ritning. Þýðing frá 1912. Endurútgáfa, Hið íslenzka biblífélag, [Reykjavík], 1969.

"Birtan og sólskinið er mér allt." *Pjóðviljinn*. 15. 6. 1962, bls. 4.

Bjarni Thorarensen: "Um afturfarir Fljótshlíðar." *Ljóðmæli. Úrval*. Þorleifur Hauksson bjó til prentunar, Rannsóknarstofnun í bókmenntafræði og Menningarsjóður, Reykjavík, 1976, bls. 62.

Björn Th. Björnsson: *Íslenzk myndlist á 19. og 20. öld. Drög að sögulegu yfirliti*. I-II. bindi, Helgafell, Reykjavík, 1964-1973.

Björn Halldórsson: "Korte Beretninger om nogle Forsøg til Landvæsenets og især Havedyrkningens Forbedring i Island." *Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal*. Ritstj. Björn Sigfússon og Gísli Kristjánsson, Búnaðarfélag Íslands, Reykjavík, 1983, bls. 24-46.

Björn Magnússon: *Guðfræðingatal 1847-1957*. Leiftur, Reykjavík, 1957.

Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi: "Páttur af Pórunni Sigurðardóttur." *Íslenzkir sagnapættir*, [útg. óþ.], Eyrarbakki, 1911, bls. 55-91.

De islandske Sagaer paa Dansk ved Selskabet til Udgivelse af islandske Sagaer med Tegninger fra Island af Johannes Larsen. I-III, Gyldendalske Boghandel, Nordisk Forlag, Kaupmannahöfn 1930-1933.

Einar Helgason: "Garðyrkjukona." *Freyr. Mánaðarrit um landbúnað, þjóðhagfræði og verzlun*. VII. árgangur, 1910, bls. 112.

Einar Ólafur Sveinsson: *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. 2. útgáfa, Leiftur, Reykjavík, 1951.

"Garðyrkjukona." *Suðurland*. 1. árgangur 1910, 22. blað, 10. nóvember, bls. 86.

Garðyrkjuritið. 1945, "Reikningar Garðyrkjufélags Íslands fyrir árið 1944." bls. 132-133.

Grønbech, Grete Linck: *Árin okkar Gunnlaugs*. Jóhanna Þráinsdóttir þýddi, Almenna bókafélagið, Reykjavík, 1979.

Guðbjörg Þorleifssdóttir: "Garðurinn í Múlakoti." *Búnaðarrit*. 35 - 4, bls. 286-294.

Guðlaugur Jónsson: *Bifreiðir á Íslandi 1904-1930*. I-II, Guðni Kolbeinsson bjó til prentunar, Bílgreinasambandið, Reykjavík, 1983.

Guðmundur Daníelsson: *Í húsi náungans. Viðtöl*. Ísafoldarprentsmeðja, Reykjavík, 1959.

Gunnlaugur Scheving: "Ólafur Túbals, listmálarí." *Morgunblaðið*. 4. 4. 1964, bls. 6.

Hagsskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland. Ritstj. Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, Hagstofa Íslands, Reykjavík, 1997.

"Hans Svane læknir á æskuslóðum." *Morgunblaðið*. 22.6. 2001, bls. 21.

Hákon Bjarnason: *Gróðrarstöðin og trjágardurinn í Múlakoti*. Skógrækt ríkisins, [Reykjavík], 1984.

Holland, Henry: *Dagbók í Íslandsferð 1810*. Þýðandi Steindór Steindórsson, 2. útgáfa, Almenna bókafélagið, Reykjavík, 1992.

Íslandsmyndir Mayers 1836. Gerðar af Auguste Mayer o.fl. í leiðangri Paul Gaimards um Ísland fyrir 150 árum. Höfundar texta Árni Björnsson og Ásgeir S. Björnsson, Örn og Örlygur, Reykjavík, 1986.

Íslenzk fornrit. I. Jakob Benediktsson gaf út, Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík, 1968.

Íslenzkt fornbréfasafn. IX. (1262-1536), Hið íslenzka bókmenntafélag, Reykjavík, 1909-1913.

Íslenskir málarar. Brot úr sögu þeirra og málaratál. Síðara bindi. Ritsj. Kristján Guðlaugsson, Málarameistarafélag Reykjavíkur, Reykjavík, [1982].

Íslenskur söguatlas. 2. bindi. *Frá 18. öld til fullveldis*. Ritsj. Árni Daníel Júlfusson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson, Íðunn, Reykjavík, 1992.

- Jakob Benediktsson: "Gísli Magnússon (Vísi-Gíslí)." *Merkir Íslendingar. Nýr flokkur.* V. bindi, Jón Guðnason bjó til prentunar, Bókfellsútgáfan, Reykjavík, 1966, bls. 29-74.
- Jensen, Johannes V.: *Johannes Larsen og hans Billeder.* Aage Marcus, Kaupmannahöfn, 1920.
- Jóhannes Helgi: *Hús málarans. Endurminningar Jóns Engilberts.* Setberg, Reykjavík, 1961.
- Jón R. Hjálmarsson: *Leiftur frá landi og sögu. 20 þættir úr ýmsum áttum.* Suðurlandsútgáfan, Selfossi, 1985.
- Jón R. Hjálmarsson: *Séð og heyrt á Suðurlandi. 20 Sunnlendingar segja frá.* Suðurlandsútgáfan, Selfossi, 1979.
- Jón Skagan: *Saga Hlíðarenda í Fljótshlíð.* Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík, 1973.
- Jónína Michaelsdóttir: *Eins manns kona. Minningar Tove Engilberts.* Forlagið, Reykjavík, 1989.
- Jørgensen, Aase og Marie: *Island rundt. Rejseskildringer.* Nyt nordisk Forlag - Arnold Busck, Kaupmannahöfn 1935.
- Kristinn Snæland: *Bílar á Íslandi í myndum og máli 1904-1922.* Bókaútgáfan Örn og Örlygur, Reykjavík, 1983.
- Larsen, Johannes: *Jeg kan huske.* [útg. óþ.], Kaupmannahöfn, 1950.
- "Listkynning Mbl. Ólafur Túbals." *Morgunblaðið.* 26.5. 1957, bls. 1.
- Lovsamling for Island.* 4. bindi 1773-1783, útg. Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson, Kaupmannahöfn, 1854.
- Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* Ritstj. Bjarni Vilhjálmsson, Ættfræðifélagið, Reykjavík, 1982.
- Manntal á Íslandi 1910. II. Rangárvallasýsla og Vestmannaeyjar.* Ættfræðifélagið, Reykjavík, 1995.
- Matthías Jochumsson: "Skagafjörður." *Úrvalsljóð.* Árni Pálsson valdi kvæðin, E.P. Briem, Reykjavík 1938, bls. 82-88.
- Matthías Johannessen: "Á vori vænust meyja. Spjallað við Túbals heima í Múlakoti." *Morgunblaðið,* 31.5. 1963, bls. 2-3.
- Matthías Johannessen: *Gunnlaugur Scheving.* Helgafell, Reykjavík, 1974.
- Nørgaard, Niels R.: "Rejseindtryk fra Island." *Uldum Højskole Aarbog.* 1931, bls. 65-67.
- Ólafur B. Guðmundsson: "Múlakotsgarðurinn." *Garðyrkjuritið.* 1996, bls. 137-139.
- Ólafur Kvaran og Baldur Óskarsson: *Jón Engilberts.* Listasafn ASÍ, Lögberg, Reykjavík, 1988.
- Páll Eggert Ólason og Porkell Jóhannesson: *Saga Íslendinga.* VI, [útg. óþ.], Reykjavík, 1943.
- Poulsen, Svenn og Rosenberg, Holger: *Íslandsferðin. Frásögn um för Friðriks áttunda og ríkisþingmanna til Færeys og Íslands sumarið 1907.* Geir Jónasson þýddi, Ísafold, Reykjavík, 1958.

Ragnar Ásgeirsson: "Athugasemd." *Tíminn*. 30.12. 1922, bls. 172.

Sigríður Árnadóttir: "Einn dagur í Múlakoti." *Gengnar slóðir. Samband sunnlenskra kvenna fimmtíu ára 1928-1978*. Ritstj. Anna Sigurkarlsdóttir, Sigríður Árnadóttir, Sigurveig Sigurðardóttir, Samband sunnlenskra kvenna, [útgst. óþ.], 1978.

Sigurður Blöndal og Skúli Björn Gunnarsson: *Íslandsskógar. Hundrað ára saga*. Mál og mynd, [Reykjavík], 1999.

Sigurður Sigurðsson: *Búnaðarfélag Íslands. Aldarminning*. Síðara bindi, *Búnaðarhagir*. [útg. óþ.], Reykjavík, 1937.

Sigurður Sveinsson: "Frá Garðyrkjufélagi Íslands 1945." *Garðyrkjuritið*. 1945, bls. 114-116.

Sigþór Sigurðsson: *Vatna-Brandur. Frásagnir úr lífi og starfi athafnamanns*. Sögufélag Vestur-Skaftfellinga, Vík, 1997.

Skýrslur um nokkrar framkvæmdir ríkisins 1927-1930. Atvinnumálaráðuneytið, Reykjavík, 1931.

Slyngbom H.: *Dansk kunstnerleksikon. Uændret reprotryk af "Dansk Billedkunst - Biografisk Haandleksikon over Billedkunstens Udøvere gennem 400 Aar"*, 1947. Dansk Historisk Håndbogsforlag, Kaupmannahöfn, 1988.

Stefán Jónsson: "Minningar frá brúargerðinni á Ytri-Rangá 1912." *Goðasteinn*. 5 - 2, bls. 10-16.

Steindór Steindórrsson: "Formáli þýðanda." *Íslandsleiðangur Stanleys 1789. Ferðabók*. Örn og Örlygur, Reykjavík, 1979, bls. 15-21.

Stjórnartíðindi 1908-1945.

Sturla Friðriksson "Úr 200 ára ræktunarsögu kartöflunnar á Íslandi." *Garðyrkjuritið*. 1959, bls. 15-22.

Suðurland. 1. árgangur 1910, 22. blað, 10. nóvember, bls. 86.

Sunnlenskar byggðir. Samið vegna 70 ára afmælis Búnaðarsambands Suðurlands. IV. *Rangárþing austan Eystri-Rangár*. Ritstj. Jón Guðmundsson, Júlíus Jónsson, Oddgeir Guðjónsson. Búnaðarsamband Suðurlands, [útgst. óþ.] 1982.

Sveinn Oddsson: "Bifreiðarferðir." *Vísir*. 8. 7. 1913, [bls. 4].

Terkelsen, Johannes: *Island før og nu*. Nyt Nordisk Forlag - Arnold Busck, Kaupmannahöfn, 1964.

Tiemroth, Peter: *Paul Høm*. Hernovs Forlag, Kaupmannahöfn, 1986.

"Úlfar.": "Tvær málverkasýningar." *Tíminn*. 25.11. 1922, bls. 156.

Vigfús Bergsteinsson á Brúnum: "Markarfljótsgarðurinn." *Goðasteinn*. 9 - 2, bls. 84-90.

Weilbach Dansk Kunstnerleksikon. Aðalritstjóri Sys Hartmann, 3.-5. bindi, Munksgaard - Rosenante, Kaupmannahöfn, 1994-1998.

Pórður Tómasson: "Stóri-Dalur undir Eyjafjöllum." *Goðasteinn* 10 - 1, bls. 55-68.

Öldin okkar. Minnisverð tíðindi 1901-1930. Ritstj. Gils Guðmundsson, Iðunn, Reykjavík, 1950.

MUNNLEGAR HEIMILDIR

Árni Guðmundsson bóndi, Múlakoti I, 10.2. 2002.

Árni Jónsson bóndi, Hlíðarendakoti, 20.10. 2001.

Eva Ragnarsdóttir, 21.11. 2001.

Guðrún Hjartar frá Stóradal, 5.4. 2002.

Halldór Grönvold, skrifstofu ASÍ, 17.4. 2002.

Matthías Johannessen rithöfundur, 17.2. 2002.

Oddgeir Guðjónsson, Tungu, 10.12. 2001 og 1.3. 2002.

Ólafur B. Guðmundsson fv. ritstjóri Garðyrkjuritsins, 20.1. 2002.

Sváfnir Sveinbjarnarson fv. prófastur á Breiðabólstað í Fljótshlíð, 20.11. 2001.

Vibeke Nørgård Nielsen, 19.10. 2001.

Vífill Magnússon arkitekt, 7.4. 2002.